



**Takmarkanir og undanþágur á höfundarétti
og notkun á vernduðu efni við kennslu**

Kristín Magnúsdóttir

2011

ML í lögfræði

Höfundur: Kristín Magnúsdóttir

Kennitala: 270259-2009

Leiðbeinandi: Jón Vilberg Guðjónsson, Rán Tryggvadóttir

Háskólinn í Reykjavík

Lagadeild

Takmarkanir og undanþágur á höfundarétti og notkun á vernduðu efni við kennslu - útdráttur

Markmið þessarar ritgerðar er að gera grein fyrir takmörkunar- og undanþáguákvæðum á höfundarétti sem varða notkun á höfundavörðu efni við kennslu og kanna hvort nægilegar heimildir séu fyrir hendi fyrir þeirri notkun sem þegar á sér stað. Við það mat verður skoðað hvort öll undanþáguákvæði samkvæmt alþjóðasamningum eru í íslenskum höfundalögum. Auk þess verður gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem takmörkunarákvæði þurfa að uppfylla.

Í efni ritgerðarinnar er farið yfir þær réttarheimildir sem snerta svið höfundaréttarins og takmarkanir á þeim rétti og gerð grein fyrir helstu meginreglum höfundalaga nr. 73/1972. Greint er frá þeim reglum sem gilda um takmarkanir á höfundarétti og gildissvið og túlkun þriggja þrepa prófs Bernarsáttmálans. Skoðað er hugtakið *notkun við kennslu* út frá sjónarhorni Bernarsáttmálans og Infosoc tilskipunarinnar og þær heimildir sem kveðið er á um þar að lútandi. Greint er frá takmörkunarákvæðum höfundalaga nr. 73/1972 sem lúta að notkun við kennslu og ýmsum hugleiðingum um efnið eins og viðfangsefnið gefur tilefni til. Að lokum er reynt að meta þarfir kennara með tilliti til notkunar á vernduðu myndefni af Netinu og í tilefni þess var gerð könnun um notkun myndverka af Netinu í skólum.

Niðurstöður benda til þess að kennara skorti heimildir til að geta nýtt sér verndað stafrænt efni til notkunar í grunnskólum og framhaldsskólum. Heildarleyfi á grundvelli samningskvaða getur veitt kennurum nægilegar heimildir til notkunar á vernduðu efni og um leið umgangast höfundarétt og Netið á löglegan hátt. Jafnframt benda niðurstöður til þess að ákvæði alþjóðasamninga sem kveða á um notkun við kennslu séu óskýr og nauðsynlegt sé að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, WIPO og löggjafarvald Íslands veiti nánari skýringar á ákvæðum sem lúta að notkun við kennslu. Í ljósi þess að allar takmarkanir á höfundarétti þurfa að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófs 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans verður að telja æskilegt að prófið verði lögleitt í höfundalög.

Limitations and exceptions to copyright and the use of copyright material in teaching - abstract

The purpose of this thesis is to identify the limitations and exceptions to copyright law relating to the use of copyright protected material in teaching and to determine whether equitable power exists for the present use of the material. All derogating provisions pursuant to international agreements will be examined to determine whether they have been implemented into Icelandic copyright laws. In addition the conditions will be stipulated to which the restrictive clauses must apply.

The thesis covers the sources of law which apply to the field of copyright law and the limitations thereto as well as outlining the main principles of the Copyright Act No 73/1972. An outline will be given of the rules applying to the limitations and scope of copyright law as well as providing an interpretation of the three-step test of the Bern Convention. The concept of utilization for teaching is scrutinized from the perspective of the Bern Convention and the Infosoc Directive as well as the authorizations provided thereto. The limitations of Copyright Act No 73/1972 relating to the utilization for teaching will be outlined and considerations arising from those are discussed. Finally an attempt is made to evaluate the need of teachers to utilize copyrighted works from the Internet and for that purpose a survey was conducted on the utilization of works from the Internet in schools.

The results of the survey indicate that primary and college school teachers do not have sufficient authorization for the use of digital content in primary schools. A general license on the basis of an extended collective license provides teachers with adequate permissions for the use of copyright material on the Internet, in a legal manner. The results of the thesis furthermore indicate that the provisions of international conventions relating to utilization in teaching are unclear and that it is necessary that the European Commission, WIPO and the legislator in Iceland provide a clarification of the provisions relating to the utilization of copyright material in teaching. Given that all limitations on copyright need to conform to the conditions set out in the three-step test of Article 9 (2) of the Bern Convention it must be considered feasible that the test is transposed into copyright law.

Formáli

Ritgerð þessi var unnin sem lokaverkefni til meistaraþrófs í lögfræði við Lagadeild Háskólans í Reykjavík og telst til 30 eininga (30 ECTS). Verkefnið var unnið á árinu 2011. Leiðbeinendur verkefnisins voru Jón Vilberg Guðjónsson og Rán Tryggvadóttir. Fá þau bestu þakkir fyrir gott samstarf og góða leiðsögn. Jafnframt vil ég þakka Jørgen Savy Blomqvist fyrir aðstoð við heimildaöflun og faglega umræðu. Katrínu Halldórsdóttur vil ég þakka veitta aðstoð við gerð könnunar og að lokum vil ég þakka Sigrúnu Árnadóttur og Kristínu Margréti Jóhannsdóttur kærlega fyrir gagnlegar ábendingar og yfirlestur.

Það er von mín að ritgerðin leiði til þess að gert verði átak í að gera réttarsvið höfundaréttarins skýrara með tilliti til notkunar við kennslu. Með því geta kennarar og nemendur betur þekkt hvað má og má ekki með tilliti til notkunar á höfundavernduðu efni við kennslu. Því verður að telja að þekking sé sterkasta vopnið í baráttunni um að gæta að rétti höfunda.

Kristín Magnúsdóttir

Desember 2011

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	1
2	RÉTTARHEIMILDIR	1
2.1	STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS NR. 33/1944	2
2.2	HÖFUNDALÖG NR. 73/1972	2
2.3	ALÞJÓÐASAMNINGAR.....	3
2.3.1	<i>Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu</i>	3
2.3.2	<i>Aðild Íslands að Bernarsáttmálanum</i>	5
2.3.3	<i>WIPO samningar</i>	6
2.3.4	<i>TRIPS</i>	6
2.3.5	<i>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB (Infosoc)</i>	7
3	HELSTU MEGINREGLUR HÖFUNDALAGA	7
3.1	HVERJIR NJÓTA VERNDAR OG HVERSU LENGI?	8
3.2	VERNDARANDLAGIÐ.....	8
3.3	INNTAK VERNDAR	9
3.3.1	<i>Fjárhagsleg réttindi</i>	9
3.3.2	<i>Ófjárhagsleg réttindi</i>	12
4	TAKMARKANIR Á HÖFUNDARÉTTI	13
4.1	HVAÐ FELST Í TAKMÖRKUN Á HÖFUNDARÉTTI?	14
4.1.1	<i>Túlkun takmörkunarheimilda</i>	14
4.1.2	<i>Mismunandi hagsmunir</i>	15
4.1.3	<i>Mismunandi flokkar takmarkanna</i>	16
4.1.3.1	<i>Frjáls og endurgjaldslaus afnot</i>	16
4.1.3.2	<i>Afnotakvöð</i>	17
4.1.3.3	<i>Samningskvöð</i>	18
4.2	ÞRIGGJA ÞREPA PRÓF BERNARSÁTTMÁLANS.....	18
4.2.1	<i>Gildissvið þriggja þrepa prófsins</i>	19
4.2.2	<i>Fyrsta þrep: Sérstök tilfelli (e. certain special cases)</i>	21
4.2.3	<i>Annað þrep: Eðlileg hagnýting (e. normal exploitation)</i>	22
4.2.4	<i>Þriðja þrep: Lögmætir hagsmunir (e. legitimate interest of the author)</i>	25
4.3	STAFRÆN EINTAKAGERÐ OG ÞRIGGJA ÞREPA PRÓFIÐ	27
4.4	GAGNRÝNI Á ÞRIGGJA ÞREPA PRÓFIÐ	30
4.5	TAKMARKANIR Í BRESKUM OG BANDARÍSKUM RÉTTI	31
4.6	LÖGLEIÐING ÞRIGGJA ÞREPA PRÓFINS?.....	32
5	HEIMILDIR ALÞJÓÐASAMNINGA, INFOSOC OG HÖFUNDALAGA OG NOTKUN VIÐ KENNSLU	33
5.1	BERNARSÁTTMÁLINN OG NOTKUN Á VERNDUÐU EFNI VIÐ KENNSLU	33
5.2	WCT OG WPPT OG STAFRÆN EINTAKAGERÐ Í SKÓLUM	36
5.2.1	<i>WCT og notkun á vernduðu efni við kennslu</i>	36
5.2.2	<i>WPPT og notkun á vernduðu efni við kennslu</i>	36
5.3	VALFRJÁLSAR UNÐANTEKNINGAR INFOSOC TILSKIPUNARINNAR OG NOTKUN Á VERNDUÐU EFNI VIÐ KENNSLU	37
5.4	HEIMILDIR SAMKVÆMT HÖFUNDALÖGUM TIL NOTKUNAR Á VERNDUÐU EFNI VIÐ KENNSLU	42
5.4.1	<i>Hefur notkun á vernduðu efni við kennslu fjárhagslega þýðingu eða fjárhagslegan tilgang?</i>	51
5.5	KÖNNUN Á NOTKUN MYNDVERKA AF NETINU Í SKÓLUM - SAMANTEKT	53

5.6	HVAÐA NOTKUN ER KENNURUM NAUÐSYNLEG TIL KENNSLU?	54
6	HVERT Á AÐ STEFNA MEÐ UNÐANÞÁGUR OG TAKMARKANIR Á HÖFUNDARÉTTI OG NOTKUN Í SKÓLUM?	56
7	NIÐURSTÖÐUR	59
	HEIMILDASKRÁ	64
	RIT	64
	VEFSÍÐUR	66
	LÖG, ALÞJÓÐASÁTTMÁLAR, TILSKIPANIR OG SAMNINGAR	67
	DÓMASKRÁ	69
	VIÐAUKI	70
	AÐFERÐ	70
	<i>Þátttakendur</i>	70
	<i>Mælitæki</i>	70
	<i>Framkvæmd</i>	71
	<i>Tölfræðileg úrvinnsla</i>	71
	NIÐURSTÖÐUR	71
	<i>Kynja- og aldursdreifing þátttakenda</i>	71
	<i>Stefna skólanna og umfjöllun um notkun á myndefni á Netinu</i>	72
	<i>Notkun á myndefni af Netinu, upplýsingaþörf og þekking</i>	74
	SKRÁ YFIR TÖFLUR	76
	SKRÁ YFIR MYNDIR	76

1 Inngangur

Höfundaréttur er svið lögfræðinnar sem víða kemur fyrir í leik og starfi. Með tilkomu stafræna umhverfisins hefur höfundarétturinn á síðari árum orðið að álitaefni fyrir allan almenning í stað þess að vera svið fagaðila og sérfræðinga. Notkun á höfundaréttarvernduðu efni snýr bæði að eigendum höfundaverka og að notendum og virðast mörkin stundum vera óljós á milli þess sem er heimilt og óheimilt að gera. Höfundum er tryggð vernd með höfundalögum en á rétti þeirra er jafnframt settar ýmsar takmarkanir sem eiga að tryggja jafnvægi milli hagsmuna þeirra og notenda.

Framangreindar takmarkanir eru uppspretta þessarar ritgerðar og verða hér til skoðunar. Ætlunin er að skoða þau takmörkunarákvæði sem varða notkun á höfundavörðu efni við kennslu með það að markmiði að kanna hvort nægilegar heimildir séu fyrir hendi fyrir þeirri notkun sem þegar á sér stað. Við það mat verður skoðað hvort öll undanþáguákvæði, samkvæmt alþjóðasamningum, séu í íslenskum höfundalögum og þau skilyrði sem takmörkunarákvæði þurfa að uppfylla.

Með framangreint í huga var lögð könnun fyrir starfandi kennara. Markmiðið var að kanna hug þeirra og þarfir til efnisins og hvernig ástandið er í þeirra starfsumhverfi þegar um ræðir höfundaréttarverndað efni til notkunar í kennslu.

2 Réttarheimildir

Fræðigreinin höfundaréttur fjallar um þær réttarreglur sem gilda um réttarstöðu höfunda að hugverkum.¹ Fræðigreinin höfundaréttur hefur verið sett innan fræðasviðs fjármunaréttar.² Það helgast af því að réttur höfunda er metin til fjár. Þó eru önnur réttindi innan höfundaréttarins sem myndu ekki falla undir fjármunarétt, en í því sambandi er sæmdarréttur talið vera skýrasta dæmið en hann telst falla undir persónurétt.³

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu réttarheimildum sem snerta fleti þá er varða höfundarétt eins og viðfangsefnið gefur tilefni til.

¹ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur. Meginreglur íslensks réttar um höfundavernd*. Háskólaútgáfan, Reykjavík 1994, bls. 15.

² Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 16.

³ Sama heimild, bls. 16. Nánar verður fjallað um sæmdarrétt í kafla 3.3.2.

2.1 Stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944

Kveðið er á um friðhelgi eignarréttarins í 72. gr. stjórnarskrá Íslands nr. 33/1944.⁴ Fyrst birtist hugtakið eignarréttur í umræðunni um höfundarétt á Íslandi við setningu laga um eignarrétt að sömdu máli árið 1889. Þá var kveðið á um eignarrétt í lögum um rithöfundarétt og prentrétt árið 1905. Þar var meðal annars tekið fram að höfundur ætti eignarrétt á verkum sínum en sú vernd náði eingöngu til bókmennta og tónsmíða. Baráttan um viðurkenningu höfundaréttarins hefur jafnan snúist um þá röksemd að réttur höfundar á verkum hans væri eignarréttur og byggja íslensku höfundalögin á þeirri hefð.⁵ Kveðið er á um *eignarrétt* á bókmenntaverki eða listaverki í 1. gr. höfundalaga með þeim takmörkunum sem löggin kveða á um, þetta þýðir að höfundurinn getur notið þeirra umráðaheimilda sem almennt fylgir eignarrétti.⁶

Orðið eignarréttur hefur verið notað ýmist í þröngri merkingu eða víðri. Þegar um er að ræða þrönga merkingu er átt við hinn almenna umráða og ráðstöfunarrétt en í víðri merkingu er átt við hvers kyns beinna og óbeinna eignarréttinda.⁷ Í íslenskum rétti hefur merking hugtaksins í víðri merkingu náð viðurkenningu bæði af fræðimönnum og í framkvæmd.⁸

Samkvæmt framangreindu má fallast á niðurstöðu Páls Sigurðssonar um höfundarétt þar sem hann segir: „...að réttlæta megji það að hafa höfundarréttinn sem sérþátt innan eignarréttar (í víðtækri merkingu), en þá í eðlilegum tengslum við aðrar skyldar greinar sem ásamt höfundarétti má kalla einu nafni hugverka- og auðkennarétt.“⁹ Þrátt fyrir viðurkenningu þess að verk höfunda falli undir eignarrétt hafa verið settar takmarkanir og undanþágur á þeim rétti, sbr. umfjöllun um takmarkanir og undanþágur í kafla 4.

2.2 Höfundalög nr. 73/1972

Við samningu íslenskra höfundalaga var í upphafi í meginatriðum litið til norrænna höfundalaga. Í tímans rás hafa verið gerðar ýmsar breytingar á höfundalögum nr. 73/1972 og eru þær meðal annars tilkomnar vegna aðildar Íslands að alþjóðasamningum.¹⁰ Sú aðild hefur

⁴ Sbr. lög nr. 33/1944. Þar segir: Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji.

⁵ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“. *Tímarit lögfræðinga* 1985, bls. 83.

⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls.1272.

⁷ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2008, bls. 447.

⁸ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur*, bls. 448.

⁹ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 17.

¹⁰ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 84.

einnig leitt til breytinga á II. kafla laganna um undanþágur og takmarkanir á höfundarétti og ber samkvæmt því að gera grein fyrir þeim alþjóðasamningum sem máli skipta við umfjöllun á takmörkunum og undanþágum á höfundarétti vegna notkunar á vernduðu efni við kennslu.

2.3 Alþjóðasamningar

Þar sem höfundar hafa að gæta hagsmuna ekki eingöngu í heimalandi sínu heldur jafnframt utan landsteinanna, hafa ríki tekið höndum saman til verndar höfundum með gerð alþjóðasamninga. Það kom ekki síst til af því að höfundar töldu sig hafa hagsmuni af því að réttur þeirra væri ekki bara virtur í eigin landi heldur einnig í löndunum í kringum okkur og með aðild að alþjóðasamningum var unnt að veita höfundum slíka vernd.¹¹ Þörfin til að vernda höfundaréttin hefur síst minnkað með aukinni tækniþróun. Með tilkomu Netsins er auðveldara að miðla höfundaréttarvörðu efni milli landa og landamæri verða óljós með tilliti til bókmennta og lista.¹² Með alþjóðasamningum og tilskipunum hefur verið brugðist við þessari tæknibyltingu.

Aðild Íslands að alþjóðasamningum hefur leitt til þess að litið er til þess með hvaða hætti ákvæði alþjóðasamninga eru túlkuð og beitt í öðrum aðildarríkjum við skýringu á ákvæðum höfundalaga, en nánar verður vikið að því hér að neðan.¹³ Jafnframt er horft til grannríkja okkar (Norðurlöndin), sem eru aðilar að þessum samningum og hafa gert endurbætur og samræmingu á þeirra höfundalögum til samræmis við alþjóðasamninga.¹⁴ Liggi ekki fyrir dómsniðurstaða um álitaefni höfundaréttarins í landsrétti er meðal annars horft til dómsniðurstöðu Norðurlandanna í viðfangsefnum höfundaréttarins.¹⁵ Aðild Íslands að alþjóðasamningum hefur haft áhrif á hvernig takmarkanir og undanþágur á einkarétti höfunda til eintakagerðar hafa þróast hér á landi.

2.3.1 Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu

Með aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES- samningnum) hefur Ísland skuldbundið sig til að samræma íslenska höfundalöggjöf að ákvæðum tilskipana

¹¹ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 85.

¹² Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 84 – 85.

¹³ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 36.

¹⁴ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1274.

¹⁵ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 36.

Evrópusambandsins um höfundarétt, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.¹⁶ Þar af leiðandi hefur EES samningurinn haft mikil áhrif á íslenska löggjöf, meðal annars á höfundarétt. Kveðið á um í 2. gr. laganna að EES – samningurinn skuli hafa lagagildi hér á landi.¹⁷ Meginmarkmið sammingsins er að stuðla að sömu samkeppniskilyrðum og reglum til að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði.¹⁸ Með þeim hætti er stuðlað að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla sem hefur meðal annars leitt til umbóta á sviði höfundaréttar og aukinni samræmingu aðildarríkja Evrópusambandsins.¹⁹ Þetta tekur ekki eingöngu til að sömu reglur gildi á svæðinu heldur ber einnig „...túlkun og beiting sameiginlegra reglna að vera samræmd á EES- svæðinu öllu, það er bæði innan EFTA- ríkjanna og innan EB– ríkjanna“.²⁰

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur allt frá árinu 1984 hugað að samræmingu hugverkalöggjafar innan markaðssvæðis Evrópu. Í því skyni hefur framkvæmdastjórnin lagt fram ýmsar tillögur að tilskipunum innan hugverkalöggjafarinnar. Jafnframt hefur framkvæmdastjórnin stefnt að samræmingu verndarstigs hugverka innan sambandsins. EES samstarf Íslendinga hefur meðal annars verið á sviði nefnda og tilskipana.²¹ Tilskipanir eru bindandi að því leitinu til að markmið með setningu þeirra verður að nást en aðildarríki ráða för hvernig þeim markmiðum er náð.²² Þá hafa tilskipanir á sviði höfundaréttarmála verið felldar inn í EES samninginn, sbr. 7. gr. EES sammingsins.²³ Þegar um tilskipanir er að ræða er ekki skylt að: „...lögleiða texta þeirra í heild. Nægir að efnislega samhljóða reglur séu að finna í lögum ríkis“.²⁴ Þar sem Ísland hefur skuldbundið sig til að ná markmiðum tilskipana sambandsins, hefur það meðal annars leitt til ýmissa breytinga á höfundalögum nr. 73/1972.²⁵

¹⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1996, bls. 714.

¹⁷ Aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög nr. 2/1993.

¹⁸ „Meginreglan um einsleitni endurspeglar í þeirri grunnhugmynd að sömu reglur skuli gilda á öllu Evrópska efnahagssvæðinu á þeim sviðum sem EES- samningurinn tekur til.“ Davíð Þór Björgvinsson. *Lögskýringar. Kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga*. Reykjavík 2008, bls. 322.

¹⁹ Páll Sigurðson, *Höfundaréttur*, bls. 50.

²⁰ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*, bls. 322.

²¹ Íslendingar eiga fulltrúa í eftirfarandi nefndum: Copyright Contact Committee for Directive 2001/29 (‘InfoSoc’), Copyright Contact Committee for Directive 2001/84 (‘Droit-de-suite’) og EFTA Working Group on Intellectual Property Rights (IPR). Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Handbok_EES.pdf.

²² Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-PDF-EES/EES-samstarf_6_Hofundarrettur_2009.PDF.

²³ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Tilskipanir sem um ræðir í höfundarétti eru: Directive 91/250/EBE, Directive 92/1000/EBE, Directive 93/83/EBE, Directive 93/98/EBE, Directive 96/9/EB, Directive 2001/29/EC, Directive 2001/84/EC, Directive 2004/48/EB. Jafnframt er ný tilskipun Directive 2011/77/EC. Aðgengileg á vefslóð: <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2011:265:0001:0005:EN:PDF>.

²⁴ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*, bls. 324.

²⁵ Sbr. höfundalög nr. 73/1972.

En með þessari réttarskipan getur EES samningurinn og tilskipanir á sviði höfundaréttarmála haft áhrif á hvað er heimilt og óheimilt að gera þegar um ræðir notkun á vernduðu efni við kennslu.

2.3.2 Aðild Íslands að Bernarsáttmálanum

Ísland varð aðili að Bernarsáttmála til verndar bókmenntum og listaverkum frá árinu 1886 (hér eftir Bernarsáttmálinn),²⁶ fyrst með fullgildingu Rómargerð sáttmálans frá árinu 1947 með lögum nr. 74/1947.²⁷ Bernarsáttmálanum var síðan breytt og við hann aukið á ráðstefnum í Brussel 26. júní 1948, í Stokkhólmi 14. júlí 1967 og í París 24. júlí 1971. Því þótti rétt á Íslandi að staðfesta nýjustu gerð sáttmálans og með lögum nr. 80/1972 var Ísland bundið við ákvæði sáttmálans og hafa þau lagagildi hér á landi.²⁸ Síðan var fullgilt formreglur nýjustu gerðir hans árið 1984 og efnisreglur þeirrar gerðar árið 1999.²⁹

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laganna er markmið aðildarríkjanna „að vernda á svo *virkan* og *samræmdan* hátt, eins og kostur er, rétt höfunda til verka sinna á sviði bókmennta og lista“ Rétt er að minnast á tvær meginreglur sem kveðið er á um í sáttmálanum, annars vegar jafnræðisreglan sem felur í sér að allir höfundar njóti jafnræðis í hverju sambandsríki (e. national treatment). Hins vegar er reglan um lágmarksréttindi sambandsríkja sem getur leitt til ríkari vernd en áskilin er í sáttmálanum.³⁰ Til mótvægis við regluna um lágmarksréttindi eru ákvæði sem takmarka einkarétt höfundar á verkum sínum þar sem í sérstökum tilvikum er unnt að nota vernduð verk án heimildar höfunda og án þess að til komi greiðsla fyrir.³¹ Nánar verður fjallað um þær takmarkanir í kafla 4.

²⁶ The Berne Convention for the Protection of Literary and Artistic Works, 9. September 1886, 828 U.N.T.S. 221.

²⁷ Lög nr. 74/1947 um inngöngu Íslands í Bernarsambandið og Bernarsáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971, sbr. 9. september 1886, 828 U.N.T.S. 221 og auglýsingu nr. 110, 19. september 1947, sbr. <http://www.althingi.is/altxt/92/s/pdf/0712.pdf>.

²⁸ Frumvarp til laga um heimild ríkisstjórnarinnar til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971, þskj. 712, 276. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altxt/92/s/pdf/0712.pdf>. [Sótt á vefinn 28. nóvember 2011].

²⁹ *Stjórnartíðindi*, C-deild, nr. 18/1984, Auglýsing um Parísargerð Bernarsáttmála til verndar bókmenntum og listaverkum, og *Stjórnartíðindi* C–deild, nr. 11/1999. Auglýsing um Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum. Aðgengilegt á vefslóð: <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=9d1d4c01-20f1-4155-abd5-3603f986e132>.

³⁰ Sbr. Höfundur býr í landi sem veitir minni vernd á höfundarétti en höfundar sem njóta í öðru landi, þá nýtur þeirrar verndar þar í landi. Sbr. World Intellectual Property Organization (WIPO), *Intellectual Property Handbook. Policy, Law and Use*. Genf 2004, bls. 263 - 264.

³¹ WIPO, *Intellectual Property Handbook*, bls. 263-264.

2.3.3 WIPO samningar

Sáttmáli um stofnun World Intellectual Property Organisation (hér eftir WIPO) var gerður 14. júlí 1967 í Stokkhólmi.³² WIPO er meðal annars ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd Bernarsáttmálans og Ísland gerðist aðili að WIPO með fullgildingu sáttmálans 13. júní 1986, sem öðlaðist gildi 13. september 1986.³³

Pegar Bernarsáttmálinn var stofnsettur var internetið (hér eftir Netið) ekki komið til, því varð þörf fyrir ný viðmið og höfundaréttarsáttmáli WIPO (hér eftir WCT) kom sem viðbót við Bernarsáttmálann og gekk hann í gildi 6. mars 2002.^{34,35} Rétt er einnig að nefna samning um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita (hér eftir WPPT) sem gekk í gildi 20. maí 2002. WCT og WPPT samningarnir hafa saman verið nefndir Internetsamningar WIPO.³⁶ Ísland er ekki aðildarríki að þessum tveimur samningum.

2.3.4 TRIPS³⁷

Ísland fullgilti samninginn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization, WTO) 30. desember 1994.³⁸ Viðauki 1C við samninginn fjallar um hugverkarétt í viðskiptum (e. Trade Related Aspects of Intellectual Property Right) og er nefndur TRIPS samningurinn.³⁹ Hann felur í sér tilteknar meginreglur um jafnræði, sbr. 3. gr. TRIPS og bestu-kjarar-meðferð (e. Most - favoured - nation clause), sbr. 4. gr. TRIPS sem eiga að gilda fyrir aðildarríkin um að veita lágmarksvernd til handa höfundaréttshöfum.⁴⁰

³² Sáttmáli um stofnun WIPO. Aðgengilegt á vefslóð: http://www.wipo.int/about-wipo/en/what_is_wipo.html og WIPO sáttmáli aðgengilegt á vefslóð: http://www.wipo.int/treaties/en/convention/trtdocs_wo029.html.

³³ *Stjórnartíðindi*, C-deild 11/1986.

³⁴ WCT Höfundaréttarsáttmáli WIPO, 20. desember 1996, 2186 U.N.T.S. og WPPT, samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita, 20. desember 1996, 2186 U.N. T.S. 245.

³⁵ WIPO, *Intellectual Property Handbook*, bls. 269.

³⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 971.

³⁷ TRIPS, Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights, 15. Apríl 1994, Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization, Annex 1C, 1869 U.N.T.S. 299.

³⁸ Marakess-samningurinn um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar ásamt viðaukum, birtur sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins nr. 62 frá 29. desember 1995 í C-deild *Stjórnartíðinda*. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Thjodrettarfr/samningaskra01012005.doc>.

³⁹ *Stjórnartíðindi*, C-deild, 62/1995.

⁴⁰ TRIPS, Aðgengilegt á vefslóð: http://wto.org/english/docs_e/legal_e/legal_e.htm

2.3.5 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB (Infosoc)

Að lokum ber að nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu (hér eftir Infosoc).⁴¹ Þar er sérstaklega tekið á vandamálum sem stafræn tækni hefur haft í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda.⁴²

Árið 2006 var tilskipunin megingtilefni breytinga á höfundalögum til að mæta þeirri forskrift sem ESB- og EFTA-ríkin innan EES gefa um samræmingu höfundaréttar og kröfum Internetsamninga WIPO.⁴³ Samræming höfundaréttar var ekki síst nauðsynleg í ljósi þess að í einni svipan varð dreifing á höfundavörðu efni með stafrænni tækni mun auðveldari. Unnt var að gefa út efni heimshorna á milli og ekki var unnt að greina á milli frumrita og afrita verka. Þó að þessir möguleikar hafi skapað tilteknar hættur fyrir höfunda og útgefendur efnis (rétthafa) hefur Netið einnig skapað möguleika fyrir rétthafa til að miðla verkum sínum en jafnframt að vernda verk sín með tæknilegum ráðstöfunum. Með samræmingu á höfundarétti er leitast við að koma í veg fyrir: „misræmi í löggjöf sem geti haft skaðleg áhrif á starfsemi innri–markaðarins“.⁴⁴

3 Helstu meginreglur höfundalaga

Í höfundalögum er viðurkenndur einkaréttur höfundarins til eintakagerðar og þar með til umráða yfir fjárhagslegum réttindum og persónulegum réttindum.⁴⁵ Til þess að unnt sé að fjalla um undanþágur og takmarkanir á höfundarétti, sem er meginviðfangsefni þessarar ritgerðar, verður fyrst að skoða hverjar helstu meginreglur höfundalaga eru. Áður hefur verið vikið að því að höfundaréttur er eignarréttur þar sem efni og inntak höfundaréttar er hinn eiginlegi eignarréttur höfundarins. Í þessum kafla verður fjallað um hvaða aðilar njóta verndar, hvert verndarandlagið er og hvað felst í höfundaréttarverndinni.

⁴¹ Official Journal L 167, 22/06/2001, bls. 10-19. Directive 2001/29/EC of the European Parliament and of the Council of 22 May 2001 on the harmonisation of certain aspects of copyright and related rights in the information society.

⁴² *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 970.

⁴³ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 969.

⁴⁴ *Alþingistíðindi*, A–eild, 2005-2006, bls. 970 – 972.

⁴⁵ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1272.

3.1 Hverjir njóta verndar og hversu lengi?

Hlutverk höfundalaga hefur verið skilgreint á þann hátt að þau eigi að veita mönnum réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum.⁴⁶ Höfundur samkvæmt 1. mgr. 1. gr. höfundalaga er sá aðili *sem skapar verk* og er hann þá jafnframt rétthafi verksins. Eingöngu einstaklingar geta skapað verk og notið þar með lögverndar höfundalaga.⁴⁷ Grundvallarregla í íslenskum höfundarétti er að höfundur, sá sem skapar verkið, á frá upphafi réttinn á verkinu. Þetta þýðir að ópersónulegir aðilar eða lögaðilar geta ekki talist vera höfundar í skilningi laganna.⁴⁸ Höfundur er verndaður samkvæmt höfundalögum og hann einn getur að nánar skilyrðum uppfylltum afsalað sér höfundarrétti og höfundarvernd. Þó ber að áréttta að fleiri en höfundar í skilningi laganna geta átt höfundarétt yfir verki þar sem höfundur getur framselt höfundarétt sinn.⁴⁹ Slíkt framsal getur komið til af starfssambandi eða af öðrum ótilgreindum ástæðum þegar höfundur kys að framselja höfundarétt sinn. Jafnframt gengur höfundarétturinn í arf.⁵⁰ Verndartími höfundaréttar er 70 ár frá andláti höfundar en þá lýkur almennri höfundarvernd að undanskildum sæmdarrétti. Þegar um ræðir samhöfunda (samkvæmt 7. gr. laganna) er það frá næstu áramótum eftir andláti þess höfundar sem lengst lifir.⁵¹ Ónafngreindir höfundar verka njóta verndar í 70 ár frá birtingu verksins.⁵² Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir, það er aðalleikstjórar, handritshöfundar og tónhöfundar sem hafa sérstaklega samið tónlist til afnota í kvikmyndaverk.⁵³

3.2 Verndarandlagið

Verndarandlag höfundar er verk sem hefur tekið á sig þann búning að aðrir en höfundurinn sjálfur geta notið verksins með einhverjum hætti og nýtur þá verkið verndar samkvæmt höfundalögum. Verkið þarf ekki að hafa fengið endanlegan búning til þess að njóta þeirrar verndar og formskilyrða er ekki krafist.⁵⁴ Á hinn bóginn þurfa verk að uppfylla tvö meginskilyrði svo það njóti verndar höfundaréttar. Verk þarf að falla undir gildissvið I. kafla

⁴⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1272.

⁴⁷ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 90.

⁴⁸ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 93.

⁴⁹ Sbr. 27.–28. gr. og 31. gr. höfundalaga.

⁵⁰ Sbr. 1. mgr. 30. gr. og 31. gr. höfundalaga.

⁵¹ Sbr. 43. gr. höfundalaga.

⁵² Sbr. 1. mgr. 44. gr. höfundalaga.

⁵³ Sbr. 43. gr. höfundalaga.

⁵⁴ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 62–63 og 2. mgr. 5. gr. Bernarsáttmálans.

höfundalaga og V. kafla sömu laga, en þar er ekki um tæmandi upptalningu að ræða. Jafnframt þarf verk að uppfylla skilyrði um tilteknar lágmarkskröfur um skapandi framlag höfundar. Lágmarkskröfur þessar hafa verið nefndar *frumleikaskilyrði* eða *frumleikakrafa*.⁵⁵

Hugtakið frumleiki hefur verið skilgreint með mismunandi hætti eftir því hvort um höfundarétt í Evrópu er að ræða sem byggir að mestu á meginlandsrétti (civil law author's right system) eða hvort um engilsaxneskan rétt er að ræða (common law copyright system) eins og í Bretlandi og Bandaríkjunum.⁵⁶ Ekki verður ráðist í það á þessum vettvangi að fjalla um frumleikakröfuna samkvæmt þessum tveimur mismunandi kerfum, heldur eingöngu horft til skilgreiningarinnar á hugtakinu eins og það birtist á Íslandi.

Hugtakið frumleikakrafa er ekki að finna í höfundalögnum en almennt er viðurkennt af fræðimönnum að verk þurfi að uppfylla tilteknar kröfur um gildi og efnis sem verkin þurfi að búa yfir svo þau njóti verndar.⁵⁷ Krafa er að sköpunarverk þurfa að vera „sjálfstæð, viss frumleiki og einhver sérkenni sem réttlætt geti þörf fyrir þá vernd sem höfundalögin veita“.⁵⁸

3.3 Inntak verndar

Inntak verndar samkvæmt höfundalögum tekur annars vegar til fjárhagslegra réttinda og hins vegar til ófjárhagslegra réttinda höfunda. Þessi réttindi höfunda eru í eðli sínu ólík en þó eru þau vissulega samtvinnuð.⁵⁹

3.3.1 Fjárhagsleg réttindi

Meginreglan um inntak verndar birtist í 3. gr. höfundalaga þar sem kveðið er á um einkarétt höfundar til að gera eintök af verki sínu og birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingum og öðrum aðlögunum. Réttur þessi hefur verið flokkaður annars vegar í rétt höfundar til að búa til eintök og hins vegar í rétt höfundar til að birta verk sín opinberlega.⁶⁰ Rétturinn er nefndur fjárhagslegur réttur og telst til fjármunaréttinda þar sem andlagið er metið til fjár eða peningaverðs, með öðrum orðum höfundar geta haft tekjur af

⁵⁵ Jón Vilberg Guðjónsson, „Hugtakið frumleiki í höfundarétti“. *Afmælisrit: Guðmundur Yngvi Sigurðsson áttæður 16. júní 2002*. Seltjarnarnes 2002, bls. 377.

⁵⁶ Jón Vilberg Guðjónsson, „Hugtakið frumleiki í höfundarétti“, bls. 378.

⁵⁷ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 68.

⁵⁸ Sama heimild, bls. 65.

⁵⁹ Sama heimild, bls. 136.

⁶⁰ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 98.

höfundaréttarverkum sínum. Þetta þýðir samkvæmt lögum að höfundum tryggð tiltekin þóknun fyrir notkun eða ráðstöfun á verkum þeirra, eða sanngjarnt endurgjald komi til eins og höfundalög kveða á um.⁶¹

Eintakagerð er skýrð í 1. mgr. 2. gr. laganna. Þar segir: „Það er eintakagerð, þegar hugverk (bókmenntaverk eða listaverk) er tengt hlutum, einum eða fleiri.“ Samkvæmt þessari grein er hugtakið eintak skilgreint sem áþreifanlegt eintak.⁶² Fjallað er um einkarétt til eftirgerðar í 2. gr. Infosoc tilskipunarinnar þar sem það er túlkað á mun víðtækari hátt. Þar er rétt höfum tryggður réttur til að „heimila eða banna, með beinum eða óbeinum hætti, tímabundna eða varanlega eftirgerð með hvaða hætti sem er í hvaða formi sem er, í heild eða hluta.“⁶³ Samkvæmt þessu nær rétturinn til eftirgerðar jafnt til áþreifanlegra eintaka sem og óáþreifanlegra til dæmis stafrænna afrita.⁶⁴ Þrátt fyrir að hugtakið eintakagerð í höfundalögum sé í þengri merkingu en ákvæði Infosoc um eftirgerð, hefur 1. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. höfundalaga um einkarétt höfundar til eintakagerðar verið túlkað með þeim hætti að það feli í sér öll þau réttindi sem talin eru upp í 2. gr. Infosoc tilskipuninni.⁶⁵ Talið hefur verið að betur hefði farið á því til skýringarauka á ákvæðinu að setja nýja lagagrein til samræmis við 2. mgr. 2. gr. dönsku höfundalaganna.^{66,67}

Ekki er fjallað um hvert inntak hugtaksins *eintakagerð* er í Bernarsáttmálanum en talið er að finna megi tiltekna þætti í hugtakinu sem einkenni það. Í 3. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans sem segir: „Hvers konar upptaka á hljóðum eða myndum skal talin eftirgerð í merkingu þessa sáttmála“. Samkvæmt þessu verður að telja ljóst að ákvæðið nær til hvers konar aðgerða og tækni til upptöku.⁶⁸ Samkvæmt leiðbeiningum WIPO um Bernarsáttmálann er hugtakið eintakagerð (e. reproduction) samkvæmt 1. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans talið vera nægilega vítt til að ná yfir allar aðferðir endurbirtingar, einnig aðgerðir sem þekktar eru eða eiga eftir

⁶¹ Páll Sigurðsson. *Höfundaréttur*, bls. 137.

⁶² *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 972.

⁶³ Í *Hrd.* 282/2001 svonefnt Tæknibæjarmál, afritun hugbúnaðar taldist vera eintakagerð.

⁶⁴ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 973.

⁶⁵ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 1013.

⁶⁶ Rán Tryggvadóttir. „Dreifing tónlistar og kvikmynda á Netinu, jafningjanet og skráardeiliforrit“. *Tímarit lögfræðinga*, 4.h., 56. árg., 2006 bls. 406.

⁶⁷ Sbr. dönsk höfundalög. Ophavsretsloven LBK nr. 202 af 27/02/2010. Þar segir: „Som eksemplar fremstilling anses enhver direkte eller indirekte, midlertidig eller permanent og hel eller delvis eksemplar fremstilling på en hvilken som helst måde og i en hvilken som helst form. Som fremstilling af eksemplarer anses også det forhold, at værket overføres på en indretning, som kan gengive det“.

⁶⁸ Ficsor, Mihály, *The Law of Copyright and The Internet. The 1996 WIPO Treaties, their Interpretation and Implementation*. Oxford University Press, Oxford 2002, bls. 92.

að verða til.⁶⁹ Jafnframt er í vissum tilvikum vísað til einkaréttar höfunda til eftirgerðar sem er mun víðtækara hugtak en eintakagerð og vísar til áþreifanlegra eintaka.⁷⁰

Ákveðinn vandi hefur falist í því að skilgreina hugtakið *birting* samkvæmt 3. gr. höfundalaga,⁷¹ en ákvæðið hefur verið skýrt í 3. mgr. 2. gr. höfundalaga þar sem kveðið er á um að verk teljist birt „...þegar það er með rétttri heimild er flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út“.⁷² Ákvæðið gerir ráð fyrir birtingu með þrennum hætti: Í fyrsta lagi er það flutningsréttur höfunda þegar verk er með rétttri heimild flutt opinberlega, til dæmis flutningur á leikriti, kvikmynd eða flutningur í útvarpi eða sjónvarpi. Jafnframt er talið að flutningsrétturinn taki til miðlunar verka á Netinu.⁷³ Í 2. tl. 3. gr. Infosoc er kveðið á um réttinn til miðlunar og þegar Infosoc tilskipunin var innleidd var talið að túlkun 3. mgr. 2. gr. væri nógu víðtæk til að hún rúmaði ákvæði tilskipunarinnar um miðlunarrétt og beinlínuréttinn.⁷⁴ Eingöngu skiptir máli hver afstaða þess aðila er sem birtir en ekki hvort einhverjir séu til að taka á móti. Jafnframt skiptir ekki máli hvort aðgangsorð er notað eða ekki.⁷⁵ Birting er í öðru lagi sýningarréttur höfunda þar sem verk telst birt þegar það er sýnt opinberlega (til dæmis þegar verk er sýnt á listaverkasýningu) og í þriðja lagi er um að ræða dreifingarrétt höfunda þegar verk er boðið til sölu, láns eða leigu.⁷⁶ Meginviðmið í þessu efni er að verk telst vera birt opinberlega „þegar það hefur verið flutt, sýnt eða gefið út á stöðum, sem almenningur á frjálsum aðgang að, hvort heldur sem er gegn endurgjaldi eða ekki“.⁷⁷ Jafnframt telst öll miðlun sem beint er að almenningi og þar sem allir hafa aðgang að vera opinber birting.⁷⁸ Útvarpssending (hljóðvarp og sjónvarp) myndi falla undir opinbera birtingu en birting inn á heimili manna, í lokuðum hópi fjölskyldu eða jafnvel á litlum vinnustað myndi ekki falla þar undir.⁷⁹ Ekki er unnt að telja upp með tæmandi hætti hvað telst vera opinber birting heldur leiði það af eðli máls hvað sé sanngjarnt í því efni en talið hefur verið,

⁶⁹ Ficsor, *The Law of Copyright and The Internet*, bls. 95.

⁷⁰ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005–2006, bls. 972.

⁷¹ Í *Hrd. 91:795* reyndi á að ljóð var birt sjálfstætt án tengsla við annað efni. Ekki var fallist á að notkun væri tilvitnun eða kynning samkvæmt venjulegri merkingu þess orðs. Taldist vera birting.

⁷² Á hugtakið reyndi í *Hrd. 308/2005* vegna meintra birtinga í 120 tölusettum tilvikum með því meðal annars að birta áður óbirtan texta án heimildar höfundar. Lagt var fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Í E-10030/2004 komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að erfingjar Halldórs Laxness hafi veitt Hannesi Hólmsteini heimild til birtinga á verkum Halldórs Laxness og því var notkun Hannesar ekki metin honum til sakar.

⁷³ Mads Bryde Andersen: *IT–retten*. Gjellerup, Kaupmannahöfn 2005, bls. 322–324.

⁷⁴ Rán Tryggvadóttir. „Dreifing tónlistar og kvikmynda á Netinu“, bls. 406.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 409–410.

⁷⁶ Rán Tryggvadóttir, „Heimildir (bóka) safna til eintakagerðar og dreifingar á efni sem lýtur höfundarétti“. *Ragnarsbók fræðirit um mannréttindi*. Reykjavík 2009, bls. 390.

⁷⁷ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 141.

⁷⁸ Rán Tryggvadóttir. „Dreifing tónlistar og kvikmynda á Netinu“, bls. 406.

⁷⁹ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 141.

með hagsmuni höfunda í huga, að skýra beri hugtakið fremur þröngt. Þó er áréttað beita verði sanngirnis og eðlirökum í þessu sambandi.⁸⁰

Með innleiðingu tilskipunar Infosoc hefur hugtakið birting verið skoðað út frá tækninýjungum og er þó talið vera það víðtækt að það sé „til þess falli[ð] að fela í sér réttinn til að miðla verki til almennings, þar með talið að gera verk aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að verkinu á þeim stað og þeirri stundu er hann sjálfur kys (e. on-demand)“.⁸¹

Með tilkomu stafræna umhverfisins varð þörf á að skilgreina hugtakið *stafræn endurbirting*. Hugtakið stafræn endurbirting tekur annars vegar til þess þegar hliðræn verk eru færð í stafrænt form, t.d. skönnun á prentaðri grein í rafrænan gagnagrunn og hins vegar til þeirrar athafnar þegar stafræn verk eru afrituð og sett á Netið, innranet, rafrænan gagnabanka eða hlaðið á einstaklingstölvu. Til dæmis telst það að senda skjal sem viðhengi með tölvupósti vera stafræn eintakagerð.⁸²

3.3.2 Ófjárhagsleg réttindi

Meginkjarni ófjárhagslegra réttinda birtist í sæmdarréttinum. Kveðið er á um sæmdarréttinn (f. *droit de moral*) í 4. gr. höfundalaga.⁸³ Með hugtakinu sæmdarréttur er annars vegar átt við nafngreiningarrétt höfunda þar sem skylt er að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar verkið er birt. Hins vegar tekur hugtakið til þess að heiður höfunda sé virtur, þar sem óheimilt er að viðhafa einhverja þá athöfn sem leitt getur til skerðingar á höfundaheiðri eða höfundasérkenni höfundarins. Með þessu er reynt að tryggja höfundum að „verk þeirra komist óbrjáluð í hendur almenningi“ og gætt sé að heiðri þeirra.⁸⁴

Höfundi er óheimilt að framselja sæmdarréttinn nema í einstökum tilvikum sem eru skýrt skilgreind bæði um tegund og efni, sbr. 3. mgr. 4. gr. höfundalaga. Við lok verndar samkvæmt höfundalögum helst vernd sæmdarréttarins samkvæmt 1. mgr. 53. gr.

⁸⁰ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 141.

⁸¹ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005–2006, bls. 1013.

⁸² Frumvarp til laga um höfundarétt, þskj. 912, 523. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0912.html>. [Sótt á vefinn 16. nóvember 2011].

⁸³ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 149–150. Franska orðið *droit moral* hefur verið notað af mörgum þjóðum.

⁸⁴ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1280.

höfundalaga.⁸⁵ Mál út af brotum samkvæmt þeirri grein getur aðeins ráðherra höfðað þegar hann telur þörf á því vegna tillits til almannahagsmuna.⁸⁶

4 Takmarkanir á höfundarétti

Áður en prenttæknin kom til sögu á síðari hluta 15. aldar var afritun verka bæði seinunnin og dýr og leit almenningur svo á að um leið og höfundur birti verk væri það almenningseign.⁸⁷ Á þeim tíma skipti afritun til einkanota höfunda fjárhagslega litlu máli en með tilkomu prenttækninnar og umfangsmeiri markaðssölu varð réttur höfunda arðvænlegri og afstaða höfunda tók að breytast.⁸⁸ Þetta leiddi til þess að fyrstu höfundalög urðu til í England árið 1707. Saga höfundaréttar á Íslandi hefst aftur á móti ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar þar sem höfundum og rétthöfum var tryggð tiltekin vernd.⁸⁹ Frá þeirri vernd geta verið margt konar takmarkanir og hafa slíkar takmarkanir verið viðurkenndar í lögum margra þjóða.⁹⁰ Með stafrænni tækni varð auðvelt að dreifa vernduðu efni svo sem tónlist og kvikmyndum á Netinu. Reyndist því nauðsynlegt að taka á því vandamáli sem stafræna tæknin hafði í för með sér.⁹¹ Með Infosoc og Internetsamningunum er reynt að veita eigendum höfundaréttar tiltekna vernd en nánar verður vikið að því í kafla 4.3.⁹² Settar eru takmarkanir á vernd höfunda í stafræna umhverfinu. Ástæður þess að takmarkanir eru á höfundaverndinni eru mismunandi en grundvallaratriðið er talið það að hagsmunir höfunda geti vikið fyrir almennum hagsmunum og með því er skapað „réttlátt og sanngjarnt mótvægi við einkarétt höfunda“.⁹³

Í II. kafla höfundalaga er fyrst og fremst takmarkað fjárhagslegan rétt höfunda en sammerkt með ákvæðum kaflans er að ekki þurfi leyfi höfunda svo notkun sé heimil. Á hinn bóginn er mismunandi hvort notkunin er gjaldskyld eða endurgjaldslaus.⁹⁴ Hugtakið *takmörkun á höfundarétti* verður skoðað út frá því hvort notkun er heimil og hvort greiða þurfi fyrir þá

⁸⁵ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 96.

⁸⁶ Sbr. 2. mgr. 53. gr. höfundalaga.

⁸⁷ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1273.

⁸⁸ *Sama heimild*, bls. 1273.

⁸⁹ Sbr. einkaréttur höfunda til eintakagerðar og almennrar birtingar, auk sæmdarréttar höfunda. Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 181.

⁹⁰ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1275.

⁹¹ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005–2006, bls. 970.

⁹² *Sama heimild*, bls. 971.

⁹³ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 181.

⁹⁴ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 99.

notkun. Auk þess hvaða skilyrði takmarkanir á höfundarétti verða að uppfylla svo að takmörkun á rétti höfunda sé heimil samkvæmt alþjóðasamningum.

4.1 Hvað felst í takmörkun á höfundarétti?

Með því að takmarka einkarétt höfundar er talið að verið sé að að koma til móts við mismunandi hagsmuni höfunda, rétthafa og notenda og þar með reynt að skapa ákveðið jafnvægi á höfundaréttarsviðinu.⁹⁵ Nánar verður vikið að þessu í kafla 4.1.2.

Í grundvallaratriðum má segja að takmörkun á höfundarétti sé runnin undan rifjum tjáningarfrelsisins, friðhelgi einkalífs og réttarins til upplýsinga.⁹⁶ Jafnframt hefur verið viðurkennd nauðsyn takmörkunar á höfundarétti sem þjóni tilgangi menntunar í samfélaginu og almannahagsmunum innan tiltekinna marka en þó hafa tjáningarfrelsisrökin vegið þyngst á vogarskálinni í þeirri umræðu.⁹⁷ Til frekari skilnings á hvað felst í takmörkun á höfundarétti verður að skoða túlkun takmörkunarheimilda og þá hagsmuni sem búa að baki ákvörðunar um takmörkun á höfundarétti. Ennfremur þarf að athuga hvernig flokka megi takmarkanir höfundalaga.

4.1.1 Túlkun takmörkunarheimilda

Við túlkun á takmörkunarheimildum II. kafla höfundalaga miðast takmarkanir við *löglega birt* verk, sbr. 3. mgr. 2. gr. höfundalaga um að verk teljist birt þegar það með *réttri heimild* hefur verið flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því gefin út.⁹⁸ Fyrir héraðsdómi í máli nr. E-10030/2004 reyndi á birtingarhugtakið við ritun bókar um ævi Halldórs Laxness. Ágreiningur var um birtingu áður óbirts texta án heimildar höfundar. Í niðurstöðu dómsins var fallist á að erfingjar hefðu heimilað birtinguna og þar með var sú notkun ekki metin stefnda til sakar. Samkvæmt þessu má gagnálykta að ef leyfi fyrir birtingu hefði ekki legið fyrir hefði verið um að ræða óheimila birtingu á áður óbirtu verki.

Í íslenskum rétti hefur sú regla verið í heiðri höfð að undantekningarákvæði beri að túlka þröngt en þó með þeim hætti að túlka ákvæðin svo þau nái þeim tilgangi sem þeim er ætlað

⁹⁵ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 181.

⁹⁶ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test, An Analysis of the Tree- Step Test in International and EC Copyright Law*. Kluwer Law International 2004, bls. 23.

⁹⁷ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls. 24.

⁹⁸ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 182.

þ.e. að notendur fái þann aðgang að vernduðu efni sem teljist eðlilegur og sanngjarn.⁹⁹ Í II. kafla laganna er sérstaklega áréttað (sbr. 26. gr. höfundalaga) að gæta skuli að sæmdarrétti við beitingu takmörkunarheimilda.¹⁰⁰

Í 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans til verndar bókmenntum og listaverkum er að finna leiðbeiningar um í hvaða tilvikum ríkjum er heimilt að kveða á um takmarkanir og undanþágur í höfundarétti. Þar er að finna leiðbeiningar um túlkun takmörkunarheimilda og verður vikið að því í kafla 4.2.

4.1.2 Mismunandi hagsmunir

Mismunandi hagsmunir vegast á þegar um ræðir notkun á höfundavernduðu efni. Annars vegar eru hagsmunir höfunda og réttihafa sem vilja fá höfundavernd á verkum sínum og viðurkenningu á rétti þeirra til umráða yfir verkunum og jafnframt að sæmdarréttar þeirra sé gætt.¹⁰¹ Hins vegar er um að ræða að notendur sem vilja aukið frelsi til notkunar á vernduðum verkum. Í því sambandi er gjarnan vísað til þess að það sé þjóðfélagslega mikilvægt að almenningur hafi aðgengi að menningarverðmætum og upplýsingum sem eru háð höfundarétti.¹⁰² Vegna þessara ólíku hagsmuna hefur verið talið nauðsynlegt að setja höfundaverndinni skorður, til dæmis vegna almannahagsmuna (eins og menntunar og fréttu af dagurviðburðum).¹⁰³ Þá er jafnframt litið til sérstakra aðstæðna notenda, sbr. 19. gr. höfundalaga, þar sem heimilt er að takmarka einkarétt höfunda til eintakagerðar þegar um ræðir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar.¹⁰⁴

Með stafrænu tækninni hafa notendur og hagsmunasamtök unnið að því að fá aukið stafrænt frelsi til notkunar á vernduðu efni,¹⁰⁵ en höfundum og réttihöfum skyldra réttinda er tryggður

⁹⁹ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 187.

¹⁰⁰ Á þessu er undantekning í 13. gr. laganna þar sem eiganda mannvirkis eða nytjalistar (sem falla undir ákvæði höfundalaga) er heimilt að breyta verkunum án leyfis höfunda, að því leyti sem það er talið nauðsynlegt vegna afnota eða af tæknilegum ástæðum. Sbr. *Hrd. 1989: 1080*, dómurinn taldi að mismunandi reglur gætu gilt um hús í einkaeign annars vegar og í opinberri eigu hins vegar.

¹⁰¹ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1273.

¹⁰² Rán Tryggvadóttir, „Heimildir (bóka) safna til eintakagerðar og dreifingar á efni sem lýtur höfundarétti“, bls. 391.

¹⁰³ Ricketson, Sam og Ginsburg, Jane C., *International Copyright and Neighbouring Rights. The Berne Convention and Beyond*. Oxford University Press, Oxford 2006, bls. 756.

¹⁰⁴ Framangreindum aðilum er heimil eftirgerð og dreifing eintaka af verkum enda ekki gerð í fjárhagslegum tilgangi.

¹⁰⁵ Félag um stafrænt frelsi. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.fsfi.is/>

einkaréttur til hvers konar eftirgerðar verka sinna í upplýsingasamfélagi.¹⁰⁶ Höfundum er tryggður einkaréttur til miðlunar verka sinna til almennings. Rétthöfum skyldra réttinda er tryggður einkaréttur til þess að „efni þeirra verði gert aðgengilegt almenningi með þeim hætti að hver og einn geti fengið aðgang að því á þeim stað og á þeirri stundu sem hann sjálfur kys“. Jafnframt hafa höfundar einkarétt til dreifingar á verkum sínum.¹⁰⁷ Þar sem um ólík sjónarmið er að ræða má segja að með takmörkunarheimildum í II. kafla höfundalaga sé komið til móts ólíkar þarfir og reynt er að leita að tiltekinu jafnvægi milli mismunandi hagsmunahópa.¹⁰⁸

4.1.3 Mismunandi flokkar takmarkanna

Sammerkt með takmörkunum í II. kafla laganna er að heimilt er að nota vernduð verk höfunda án samþykkis höfunda, en mismunandi er hvort greiða þurfi fyrir notin eða ekki. Takmarkanir má flokka með þeim hætti að notkun sé frjáls og endurgjaldslaus afnot eða notkun feli í sér afnotakvöð og að lokum að notkun feli í sér kvöð um samning.¹⁰⁹

4.1.3.1 Frjáls og endurgjaldslaus afnot

Fyrst ber að nefna not sem eru frjáls og endurgjaldslaus þar sem leyfð eru kvaðlaus nýting á höfundavernduðum verkum.¹¹⁰ Þau ákvæði sem falla undir þessi not eins og viðfangsefnið gefur tilefni til eru 11. gr., þar sem aðiljum er veitt heimild til eintakagerðar til einkanota, enda ekki gert í fjárhagslegum tilgangi og í 12. gr. er að finna heimild til notkunar verndaðra verka þar sem um ræðir opinber skjalasöfnun, almenningsbókasöfn, háskólabókasöfn og önnur bókasöfn sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni og önnur söfn sem falla undir safnalög.¹¹¹ Í 12. gr. a er kveðið á um heimild stofnana (sem kveðið er á um í 1. mgr. 12. gr.) til að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskyni eða vegna náms að birtum verkum sem ekki eru háð kaup- eða leyfissamningum á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra. Jafnframt er að finna ákvæði um frjáls og endurgjaldslaus not

¹⁰⁶ Rétthafar skyldra réttinda eru listflytjendur, framleiðendur hljóðrita, kvikmyndaframleiðendur og útvarpsfyrirtæki, sbr. *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 969-970.

¹⁰⁷ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 970.

¹⁰⁸ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 181.

¹⁰⁹ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 100.

¹¹⁰ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 183.

¹¹¹ Sjá kafla 5.4. um þetta álitaefti.

í 1. og 2. mgr. 14. gr. Þar er kveðið á um heimild til tilvitnunar í birt bókmenntaverk, leiksviðsverk, kvikmyndaverk og tónverk ef um er að ræða gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða annan viðurkenndan tilgang. Jafnframt er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum sem getið er í 3. mgr. 1. gr. höfundalaga. Samkvæmt 18. gr. er fræðslumálastjórninni heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla hljóðritaðar upptökur birtra verka til bráðabirgðanotkunar við kennslu en ekki má nota hljóðritin í öðru skyni. Með 19. gr. er eftirgerð og dreifing eintaka af verkum sem út hafa verið gefin heimil þegar slík eintök eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausu, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar. Ákvæði þetta gildir ekki ef eftirgerðin eða dreifingin fer fram í fjárhagslegum tilgangi. Að lokum er kveðið á um frjáls og endurgjaldslaus afnot í 21. gr. um heimild til opinbers flutnings verks (sem hefur verið gefið út) t.d. í fræðslustarfsemi, að því skilyrði að ekki sé greitt sérstaklega fyrir flutninginn.

4.1.3.2 Afnotakvöð

Með hugtakinu *afnotakvöð* (d. tvangslicens) er átt við að notkun á vernduðum verkum sé heimil án samþykkis höfunda en til komi endurgjald fyrir notin.¹¹² Kveðið er á um *afnotakvöð* í ýmsum ákvæðum II. kafla höfundalaga og verður gerð grein fyrir þeim ákvæðum sem viðfangsefnið gefur tilefni til.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. á höfundur rétt á þóknun, þegar fleiri en tvær myndir eða teikningar eru birtar í almennri kynningu eftir sama höfundar í sambandi við meginmál. Í 17. gr. er veitt heimild til að birta í safnverkum verk margra höfunda og eru meðal annars ætluð til skólakennslu. Höfundur á rétt á þóknunar samkvæmt ákvæðinu.¹¹³ Þá er kveðið á um heimild til að nota sem texta einstök kvæði eða kafla úr stærri kvæðum (sem hafa verið gefin út) þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum ásamt því að prenta texta á söngskrá en án nótna. Höfundur á rétt á þóknun samkvæmt ákvæðinu, sbr. 20. gr. höfundalaga. Að lokum er rétt að nefna 1. tölulið 1. mgr. 21. gr. sem kveður á um greiðslu þóknunar höfundi til handa, þegar verk er opinberlega flutt í fræðslustarfsemi og greitt er sérstaklega fyrir flutninginn.

¹¹² Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 183.

¹¹³ Nánar er tilgreint í 1. og 2. tölulið 17. gr. að heimildin nái til birtinga einstakra bókmenntaverka, tónverka þegar liðin eru fimm ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.

4.1.3.3 Samningskvöð

Samningskvöð¹¹⁴ (d. avtalslicens) heimilar eingöngu tiltekna nýtingu að áðurgengnu samkomulagi við heildarsamtök höfunda, að uppfylltum skilyrðum um að aflað hafi verið heimilda:¹¹⁵

... til ljósritunar eða hliðstæðrar eftirgerðar verka til afnota í starfsemi sinni með samningum við samtök höfundaréttarféлага sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á því sviði og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu [ráðuneytisins] skal einnig heimilt, án sérstaks leyfis höfundar hverju sinni, að fjölfalda verk hans með sama hætti þótt höfundur sé ekki félagi í samtökunum...¹¹⁶

Samningskvöð samkvæmt fyrrgreindu ákvæði (2. mgr. 15. gr. a) bindur höfunda bæði innan og utan höfundaréttarsamtaka.¹¹⁷ Þó getur hver höfundur lagt skriflegt bann við fjölföldun verka sinna samkvæmt ákvæðinu. Jafnframt er kveðið á um samningskvöð í 23. gr. en þar er útvarpsstöðvum veitt heimild gegn samningi við heildarsamtök til útsendinga verka gegn endurgjaldi.

Þegar um er að ræða umtalsverða notkun (d. masseudnyttelse) á höfundaréttarvernduðu efni getur reynst erfitt og tímafrekt að semja við hvern einstakan höfund.¹¹⁸ Með samningum við samtök höfundaréttarféлага, sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda, er notendum gert kleift að fá allsherjarleyfi til notkunar á vernduðu efni gegn endurgjaldi.¹¹⁹

4.2 Þriggja þrepa próf Bernarsáttmálans

Ein af meginreglum höfundaréttarins endurspeglast í 1. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans þar sem kveðið er á um einkarétt höfunda til *eintakagerðar* á verkum sínum með hvaða aðferðum og í hvaða formi sem er. Þar segir: „Höfundar bókmennta- og listaverka, sem njóta verndar

¹¹⁴ Samkvæmt 18. skýringargrein Infosoc tilskipunarinnar teljast ákvæði um samningskvaðir ekki til undantekninga frá einkarétti höfunda, heldur er um að ræða tiltekna umsýslu á réttindum höfunda.

¹¹⁵ Sbr. 2. mgr. 15. gr. a. og 23. gr. höfundalaga.

¹¹⁶ Sbr. 2. mgr. 15. gr. a höfundalaga.

¹¹⁷ Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“, bls. 100.

¹¹⁸ Schönning, Peter, *Ophavsretsloven med kommentarer*. Forlaget Thomson A/S 2008, Kaupmannahöfn, bls. 450.

¹¹⁹ Sbr. 15. gr. a. og 23. gr. höfundalaga.

samkvæmt þessum sáttmála, skulu hafa einkarétt til að leyfa eftirgerðir verkanna með hvaða aðferðum og í hvaða formi sem er“.¹²⁰

Fyrst var kveðið á um þessa reglu með skýrum hætti í Stokkhólmsgerð sáttmálans frá árinu 1967, þar sem höfundum er veittur algjör einkaréttur til eftirgerða.¹²¹ Samhliða umræðunni um einkarétt höfunda var jafnframt farið í þá umræðu hvernig reglurnar ættu að hljóða sem takmarka þann einkarétt. Afraksturinn var takmörkunarreglan sem kveðið er á um í 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans,¹²² þar sem sambandslöndunum:

...er áskilinn réttur til að heimila með lögum, að eftirgerðir þessara verka skuli leyfðar í sérstökum tilfellum, enda brjóti þær ekki í bága við eðlilega hagnýtingu þeirra og hafi ekki í för með sér ósanngjarna röskun á lögmætum hagsmunum höfundar.¹²³

Þrátt fyrir að ofangreint ákvæði sé eitt það nýjasta sem innleitt hefur verið í Bernarsáttmálann er það talið vera eitt það mikilvægasta og hefur verið nefnt þriggja þrepa prófið. Allar takmarkanir verða að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófsins, samkvæmt Bernarsáttmála. Prófið hefur verið meðal annars verið innleitt í 2. mgr. 10. gr. WCT, í 16. gr. WPPT,¹²⁴ í 5. mgr. 5. gr. Infosoc tilskipunarinnar og í 13. gr. TRIPS.¹²⁵

4.2.1 Gildissvið þriggja þrepa prófsins

Samhliða meginreglunni um einkarétt höfundar til eintakagerðar er þriggja þrepa prófið talið vera órjúfanlegur þáttur í að ákveða skilyrði og gildissvið takmarkana á höfundarétti. Samkvæmt Bernarsáttmála er eingöngu unnt að nota þriggja þrepa prófið vegna eintakagerðar (e. reproduction). Þau aðildarríki sem bundin eru af Parísarsamþykktinni frá árinu 1971 er skylt að beita þriggja þrepa prófinu við skoðun á takmörkunum á einkarétti höfunda við

¹²⁰ Rétturinn til eftirgerða er viðurkenndur í 1. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans en þar er um að ræða algjöran rétt í hvaða formi sem er. Þar segir: „Höfundar bókmennta- og listaverka, sem njóta verndar samkvæmt þessum sáttmála, skulu hafa einkarétt til að leyfa eftirgerðir verkanna með hvaða aðferðum og í hvaða formi sem er.“

¹²¹ World Intellectual Property Organization (WIPO), *Guide to the Copyright and Related Rights Treaties, Administered by WIPO and Glossary of Copyright and Related Rights Terms*. Genf 2003, bls. 54.

¹²² WIPO, *Guide to the Copyright and Related Rights Treaties*, bls. 55.

¹²³ Sbr. 9. gr. laga nr. 80/1972 um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. Júlí 1971.

¹²⁴ Nánar verður fjallað um þriggja þrepa prófið og WCT og WPPT í kafla 4.3.

¹²⁵ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 759.

eintakagerð.¹²⁶ Við innleiðingu WCT og TRIPS var tekið mið af þessu í 2. mgr. 10 gr. WCT og í 13. gr. TRIPS.¹²⁷

Í 13. gr. TRIPS er kveðið á um þriggja þrepa prófið þar sem aðildarríkjum er skylt að miða takmarkanir og undantekningar við skilyrði þriggja þrepa prófsins. Þar segir: „Members shall confine limitations or exceptions to exclusive rights to certain special cases which do not conflict with a normal exploitation of the work and do not unreasonably prejudice the legitimate interests of the right holder“. Þriggja þrepa próf Bernarsáttmálans var innleitt í TRIPS og af þeim sökum er meðal annars horft til skýringa Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar á þriggja þrepa prófi TRIPS þegar hugtök 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans eru túlkuð.^{128, 129}

Uppfylla þarf öll skilyrði prófsins svo unnt sé að fallast á takmörkun á höfundarétti og er það gert með því að bera notkun á höfundaréttarvernduðu efni saman við hvern þátt prófsins fyrir sig.¹³⁰ Í skýringum við 1. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans um einkarétt höfunda til eintakagerðar segir að ákvæðið sé algilt (e. absolute) þar sem það taki til eftirgerðar í hvaða formi sem er, en takmarkanir á þeim rétti sé á hinn bóginn sérstakt álitæfni og fellur undir 2. mgr. 9. gr. sáttmálans. Við innleiðingu WCT, WPPT og TRIPS var jafnfram tekið mið af sömu sjónarmiðum.¹³¹ Þriggja þrepa prófið þykir gagnlegt í aðlögun hugtaksins um einkarétt höfundar til eftirgerðar í stafræna umhverfinu og takmörkun á þeim rétti.¹³² Heimildir til takmörkunar á einkarétti höfunda samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sáttmálans ber að skoða sem *lex specialis*.^{133, 134}

¹²⁶ Sterling, LL.B., J.A.L., *World Copyright Law*, Sweet & Maxwell, London 2003, bls. 440.

¹²⁷ Sbr. WIPO, *Intellectual Property Handbook*, bls. 275.

¹²⁸ Nefnd á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), „United States -Section 110 (5) of the U.S. Copyright Act. Report of the Panel“. WTO 2000. Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.wto.org/english/news_e/news00_e/1234da.pdf

¹²⁹ Ricketson, Sam. World Intellectual Property Organization (WIPO), „Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Environment“, Genf 2003, bls. 9. Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.wipo.int/edocs/mdocs/copyright/en/sccr_9/sccr_9_7.pdf.

¹³⁰ Sbr. WIPO, *Guide to the Copyright and Related Rights Treaties*, bls. 55.

¹³¹ Sbr. WIPO *Intellectual Property Handbook*, bls. 275.

¹³² Ficsor, *The Law of Copyright and The Internet*, bls. 92.

¹³³ *Lex specialis*: Ef hæð réttarreglna rekast á er unnt að leysa það á á þeim grunni að sérreglur gangi frammar almennum reglum. Davíð Þór Björginsson, *Lögskýringar*, bls. 225.

¹³⁴ WIPO, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm, Document S/1 Berne Convention for the protection of Literary and Artistic works*. Genf 1971, bls. 1134. Þar kemur fram að skýra ber tengsl 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. *lex specialis*.

4.2.2 Fyrsta þrep: Sérstök tilfelli¹³⁵ (e. certain special cases)

Fyrsta þrep prófsins kveður á um *sérstök tilfelli* (e. certain special cases). Skilyrði um að notkun sé sérstakt tilfelli þarf að uppfylla svo takmörkun sé heimil. Í þessu sambandi er spurning hvort notkun við kennslu sé sérstak tilfelli en leitað verður svara við í 5. kafla.

Til glöggvunar á því hvað átt er við með *sérstök tilfelli* er nauðsynlegt að skoða nánar hugtakið *certain*. Bent hefur verið á að hugtakið *certain* geti þýtt *sum* (e. *some*) en með því verði skilgreiningin of víðtæk og ómarkviss. Nauðsynlegt sé að notkunarheimildir séu skiljanlegar og fyrirsjáanlegar (e. foreseeable), þ.e. að ljóst sé hvort notkun lúti einkarétti höfundar eða ekki.¹³⁶ Nefnd á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur komst að þeirri niðurstöðu við túlkun 13. gr. TRIPS sem er til samræmis við ákvæði 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans að:

...samkvæmt landsrétti verði undanþága eða takmörkun að vera *nákvæmt* skilgreind. Á hinn bóginn sé ekki þörf að tiltaka nákvæmlega hverja og eina mögulega ástæðu þess að takmörkun gæti átt við, svo framarlega sem gildissvið takmörkunarinnar væri þekkt og skilgreind og skapaði ekki réttaróvissu.¹³⁷

Jafnframt ályktaði nefndin að hugtakið *special* bæri að túlka þröngt bæði hvað varðar magn og gæði.¹³⁸ Fræðimenn hafa fallist á að túlka beri hugtakið samkvæmt Bernarsáttmála með sama hætti.¹³⁹

Ennfremur hafa fræðimenn talið að hugtakið *special* megi skýra með tvennum hætti, annars vegar út frá hugmyndum um *magn* takmarkana þar sem hugtakið og gildissviðið er skýrt þröngt, en með því verður notkun á einkarétti höfunda verulega takmörkuð. Hins vegar er um að ræða *gæði* takmarkana sem vísa til „sérstaks eða óvenjulegs markmiðs“ (e. distinctive, exceptional objective) sem þýðir að nægilega góðan rökstuðning þarf til að heimila

¹³⁵ *Ensk- íslensk orðabók*, með alfræðilegu ívafi. Reykjavík 1985. Samkvæmt ensk-íslenskri orðabók þýðir orðið *certain* í fyrsta lagi „viss, öruggur, áreiðanlegur“, í öðru lagi „viss, ákveðinn, tiltekinn“, í þriðja lagi „einhver, nokkur“, í fjórða lagi „óumflýjanlegur, sem mun örugglega eiga sér stað“, í fimmta lagi „öruggleg, með vissu“ og í sjötta lagi „ganga úr skugga um, tryggja“. Hugtakið *special* þýðir samkvæmt ensk- íslenskri orðabók „sérstakur, frábrugðinn öðrum, sérstæður, einstakur eða óvenjulegur“. Segja má að þýðing orðsins í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 80/1972 taki mið af þessu orði en ekki orðinu *certain*.

¹³⁶ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.137.

¹³⁷ World Trade Organization (WTO nefndin), „United States-Section 110 (5) of the U.S. Copyright“. Skýrsla nefndar á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um túlkun á 13. gr. TRIPS. Þar segir: „an exception or limitation in national law must be clearly defined. However, there is no need to identify explicitly each and every possible situation to which the exception could apply, provided that the scope of the exception is known and particularized. This guarantees a sufficient degree of legal certainty.“ (Þýðing: Kristín Magnúsdóttir).

¹³⁸ WTO nefndin, Nefnd á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar skilaði greinargerð um túlkun hugtaksins *certain*, bls. 33.

¹³⁹ Ricketson, WIPO, „Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Environment“, bls. 22.

takmörkun á einkarétti höfunda.¹⁴⁰ Umræðan um gæði takmarkana skipta verulegu máli og er talið að Bernarsáttmálinn veiti vissa leiðsögn í því hvernig gæðastjórnun eða gæðapróf á takmörkunum eiga að vera út frá hugtakinu *special cases*.¹⁴¹

Certain special cases hefur jafnframt verið túlkað í heild sinni. Við þá túlkun hefur verið talið að ekki sé unnt að réttlæta vítæka takmörkun á einkarétti höfunda og hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að skýra beri takmörkunarheimildir samkvæmt fyrsta þrepi prófsins á nákvæman og þröngan hátt.¹⁴² Auk þess er á það bent að með orðalaginu *certain special cases* sé það skipun til löggjafans um að skilgreina hugtakið nákvæmlega og með þeim hætti koma í veg fyrir réttaróvissu. Hugtakið megi túlka þröngt, samkvæmt orðanna hljóðan, til samræmis við markmið sáttmálans þ.e. að veita höfundunum vernd á verkum þeirra en ekki notendum.¹⁴³ Allar takmarkanir samkvæmt Bernarsáttmála séu því sérstök tilfelli, sbr. þriggja þrepa prófið, sem leiði að þeirri niðurstöðu að aðildarríki sáttmálans sem sett hafa takmörkunarákvæði í landslög, samkvæmt sáttmálanum, uppfylli fyrsta þrep prófsins og er því um að ræða *sérstök tilfelli* sem á einnig við í 2. mgr. 10 gr. WCT og 13. gr. TRIPS.¹⁴⁴

Samkvæmt framansögðu er sammerkt með skýringum fræðimanna á fyrsta þrepi prófsins að skýra ber hvert orð hugtaksins *sérstök tilfelli* þröngt og jafnframt hugtakið í heild sinni. Því verður að fallast á að löggjafi hvers aðildarríkis að Bernarsáttmálanum sé rétt að skilgreina hugtakið *sérstök tilfelli á nákvæman hátt* án þess þó að tiltaka nákvæmlega hverja og eina mögulega ástæðu. Fallast verður á að með því verði takmörkun betur þekkt og skilgreind og skapi þar af leiðandi ekki réttaróvissu.

Ef takmörkun á höfundarétti, til notkunar á vernduðu efni við kennslu, uppfyllir fyrsta skilyrði þriggja þrepa prófsins um *sérstök tilfelli* þarf næst að skoða hvort um eðlilega hagnýting sé að ræða.

4.2.3 Annað þrep: Eðlileg hagnýting (e. normal exploitation)

Annað þrep prófsins kveður á um *eðlilega hagnýtingu* (e. *normal exploitation*) á vernduðu efni. Hugtakið *normal* hefur lítið verið skilgreint en þó var gefin vísbending á

¹⁴⁰ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.137.

¹⁴¹ Sama heimild, bls.139.

¹⁴² Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 764.

¹⁴³ Lewinski, Silke Von, *International Copyright Law and Policy*. Oxford University Press, Oxford 2008, bls.

161

¹⁴⁴ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.157.

Stokkhólmsgerð sáttmálans frá árinu 1967 um hvernig skilja bæri hugtakið. Talið er að þar sé að finna vissa leiðsögn með vísan til þess að ljósritun í miklu magni væri hugsanlega ekki heimil.¹⁴⁵ Þar kom fram að löggjafa hvers aðildarríkis ber að tryggja það að eðlileg notkun stangist ekki á við fjárhagslega nýtingu höfunda á verkum sínum og á framtíðarmöguleika höfunda þess efnis.¹⁴⁶

Nefnd á vegum Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar hefur skilgreint hugtakið í tengslum við 13. gr. TRIPS.¹⁴⁷ Skilgreiningin gefur tiltekna leiðsögn um hvernig skilja ber hugtakið en nefndin styðst við orðabók við skilgreiningu orðsins.¹⁴⁸ Þar segir að hugtakið *normal* þýði eðlileg, venjuleg ofl. En hugtakið gefur möguleika á víðtækri túlkun sem fræðimenn hafa ekki verið á eitt sáttir um. Annars vegar megi túlka það í bókstaflegri merkingu, sbr. skilgreiningu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, sem gæti hugsanlega grafið undan þeirri vernd sem höfundar njóta sérstaklega þegar um er að ræða frjáls og endurgjaldslaus afnot. Á hinn bóginn væri unnt að túlka hugtakið með „normatívum“ eða venjubundnum hætti sem væri frekar til samræmis við tilgang og markmið Bernarsáttmálans.¹⁴⁹ Hugtakið *exploitation* þýðir að ‚nýta sér‘ (e. making use of) og kemst nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar að þeirri niðurstöðu að hugtakið *eðlileg hagnýting* geti haft tvenns konar merkingu þ.e. annars vegar hvað sé ‚raunverulega eðlilegt‘ og hins vegar vísun til ‚tegundar eða hvað sé normatívt eða venjubundið‘.¹⁵⁰ Með því að túlka hugtakið *raunverulega eðlilegt* sé við það miðað að notkun sé metin miðað við raunveruleikann í dag og hvernig markaðurinn er á þeim tímapunkti sem notkun á vernduðu efni á sér stað. Fleiri fræðimenn hafa hallast að seinni skilgreiningunni um túlkun hugtaksins með venjubundnum hætti. Með því sé tekið mið af tækniframförum og þróun markaða og með þeirri túlkun sé jafnframt verið að nálgast tilgang og markmið Bernarsáttmálans.¹⁵¹ Ekki eru allir á eitt sáttir um framangreinda nálgun og hafa fræðimenn lýst vissum áhyggjum þar sem þeir telja þessa nálgun ekki ná yfir nýja tækni (sbr. stafræna

¹⁴⁵ WIPO, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm*, bls. 1146. Sbr. nánar verður fjallað um magn ljósritunar í 5. kafla.

¹⁴⁶ WIPO, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm*, bls. 112. Þar segir: „Exceptions should not enter into economic competition with the work...all forms of exploiting a work, which have, or are likely to acquire, considerable economic or practical importance, must be reserved to the authors“.

¹⁴⁷ Sbr. 13. gr. TRIPS í kafla 4.2.1.

¹⁴⁸ Ekki er birt í álitni nefndarinnar við hvaða orðabók hún styðst.

¹⁴⁹ Lewinski, *International Copyright Law and Policy*, bls. 162.

¹⁵⁰ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 768.

¹⁵¹ Sama heimild, bls. 769.

tækni). Þá sé Stokkhólmsgerð Bernarsáttmálans barn síns tíma og umrædd túlkun geti leitt til rýmri möguleika til misnotkunar í skjóli takmörkunarákvæða.¹⁵²

Borið hefur á að hugtakið *normal exploitation* sé tengt við efnahagsleg sjónarmið en á það hefur verið bent að varast beri að skilgreina annað þrepið eingöngu út frá því sjónarmiði. Sé hugtakið skilgreint sem eðlileg efnahagsleg notkun (e. normal economic exploitation) hefði það í för með sér að allar takmarkanir sem leyfðu frjáls og endurgjaldslaus afnot myndu ekki uppfylla skilyrði um eðlilega hagnýtingu og þar með væri engin þörf fyrir þriðja þrepið.¹⁵³

Við mat á eðlilegri hagnýtingu ber að skoða þá markaði sem höfundar hafa aðgang að. Það er gert með því að skoða hverjir séu möguleikarnir fyrir höfund til að hagnast á væntanlegum mörkuðum og hvernig takmörkun á einkarétti höfundar getur haft áhrif á eðlilega hagnýtingu höfunda á þeim mörkuðum. Sé notkun talin brjóta í bága við eðlilega hagnýtingu og hafa neikvæð áhrif á möguleika og tekjur höfunda uppfyllir takmörkunin ekki annað þrep þriggja þrepa prófsins.¹⁵⁴ Þó hafa fræðimenn talið að notkun sem felur í sér eitthvað annað en fulla nýtingu á einkarétti höfunda teljist vera eðlileg hagnýting. Tilgangur annars þrepsins sé til að flokka í burt athafnir sem miða að t.d. fjölföldun í miklu magni þar sem slík iðja uppfyllir ekki skilyrði um eðlilega hagnýtingu, sbr. að neðan.¹⁵⁵

„If [the photocopying] consists of producing a *very large* number of copies, *it may not be permitted*, as it conflicts with a *normal exploitation* of the work. If it implies a rather large number of copies for use in industrial undertakings, it may not unreasonably prejudice the legitimate interests of the author, provided that, according to national legislation, an equitable remuneration is paid. If a small number of copies is made, photocopying may be permitted without payment, particularly for individual or scientific use“.¹⁵⁶

Samkvæmt ofangreindu vísar nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til þess að ekki megi leyfa ljósritun í miklu magni, þar sem að það brýtur á eðlilegri hagnýtingu höfunda á verkum sínum. Ef ljósritun er í miklu magni í atvinnuskyni megi það jafnframt ekki brjóta á lögmætum hagsmunum höfunda, nema samkvæmt lögum og að sanngjarnt endurgjald komi til. Á hinn bóginn má ljósrita í litlu magni og án þess að greiðsla komi til, sérstaklega þegar um ræðir einstaklinga eða vegna vísindarannsókna. Eintakagerð er með öðrum orðum ekki heimil ef hún skerðir eða truflar *eðlilega hagnýtingu* höfunda.

¹⁵² Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.175.

¹⁵³ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 772–773.

¹⁵⁴ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.193.

¹⁵⁵ Sama heimild, bls.181-182.

¹⁵⁶ Sbr. WIPO, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm*, bls. 146.

Í hollensku máli reyndi á hvort útgefandi hefði brotið á einkarétti höfunda með því að birta listaverk í kennslubók og dreifa til nemenda. Hollensk höfundaréttarsamtök höfðuðu málið og sögðu eintakagerðina vera án heimildar og kröfðust þóknunar fyrir höfundinn. Útgefandinn bar fyrir sig réttinn til tilvitnunar.¹⁵⁷ Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvæði laganna heimilaði tilvitnun í verk án heimildar ef það hefði ekki veruleg áhrif á *hagnýtingu* verksins samkvæmt höfundalögum.¹⁵⁸ Jafnframt var niðurstaða dómsins sú að heimilt væri að gera eintök af listaverki ef það væri í tengslum við texta enda hagnýting höfunda ekki skert.¹⁵⁹ Þrátt fyrir ákvæði um tilvitnun í verk í hollensku höfundalögnum beitti dómurinn öðru skilyrði þriggja þrepa prófsins samkvæmt 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans.

Eins og áður er hugtakið *eðlileg hagnýting* opið og reynir á huglægt mat í hverju tilviki fyrir sig en fallast verður á að réttast sé að skilgreina það með venjubundnum hætti þar sem mið er tekið af tækniframförum og þróun markaða og þannig nálgast tilgang og markmið Bernarsáttmálans.

Ef *eðlileg hagnýting* höfunda telst ekki vera skert er næsta skref að skoða hvort eintakagerð skaði með ósanngjörnum hætti lögmætan rétt (e. legitimate interest) höfunda til hagnýtingar á höfundarétti sínum.

4.2.4 Þriðja þrep: Lögmætir hagsmunir (e. legitimate interest of the author)

Að uppfylltum skilyrðum fyrsta þreps og annars þreps prófsins um takmörkun á höfundarétti kemur til skoðunar þriðja þrep prófsins sem kveður á um *lögmæta hagsmuni* höfunda (e. legitimate interest of the author). Ekki er að finna vísbendingu í Stokkhólmsgerð sáttmálans frá árinu 1967 um hvernig skilja ber hugtakið *lögmætir hagsmunir*. Á hinn bóginn hefur WIPO veitt skilgreiningu á hugtakinu *lögmæti* með þeim hætti að hagsmunir höfunda geti verið lögmætir þegar þeir eru til samræmis við lög eða venju, veitt lagavernd eða heimild og

¹⁵⁷ Sbr. 16. gr. b. hollensku höfundalaganna frá árinu 1912. Hollenska ákvæðið um rétt til tilvísunar er í samræmi við 2. mgr. 10 gr. Bernarsáttmálans.

¹⁵⁸ Sbr. dómsniðurstaða í Hoge Raad, *Nederlandse Jurisprudentie* frá árinu 1991, 268, 3.4. Cf. Cohen Jehoram 1991, 678.

¹⁵⁹ Sbr. 16. gr. b. hollensku höfundalaga frá árinu 1912. Þar segir meðal annars: „It shall not be deemed an infringement of the copyright in a literary, scientific or artistic work to reproduce it in a limited number of copies for the sole purpose of private practice, study or use of the person who makes the copies or orders the copies to be made exclusively for himself“. Hér er kveðið á um að ekki sé um brot að ræða: „ef eintakagerð er í litlu magni og eingöngu vegna einkanota eða vegna náms...“

þá er um að ræða löglega eða heimila athöfn.¹⁶⁰ Þessa skilgreiningu WIPO er unnt að skilja með tvennum hætti, annars vegar að takmörkun geti verið heimil þó að höfundur hafi lögmæta hagsmuni þegar takmörkunin er ekki ósanngjörn og hins vegar eru *hagsmunir lögmætir* þegar hagsmunirnir eru réttlætanlegir t.d. þegar það er samrýmanlegt félagslegum normum eða almannahagsmunum (e. relevant public policies).¹⁶¹ Við mat á hvort hagsmunir séu lögmætir er nauðsynlegt að svara því hvað fellst í hugtakinu lögmætir hagsmunir.

Talið er að þriðja skilyrðið byggji á þremur þáttum og fyrst ber að nefna hagsmuni höfunda, réttthafa og notenda. Þar skiptir máli hversu mikil notkun er um að ræða á tilteknu vernduðu efni. Í öðru lagi er um að ræða hagsmuni sem eru lögmætir, en það þýðir að ekki þarf að skoða alla aðra hugsanlega hagsmuni. Í þriðja lagi er skoðað hvort lögmætir hagsmunir eru sanngjarnir.¹⁶² Með því að taka mið af öllum þessum þáttum þriðja þrepsins er talið að það gefi hverju aðildarríki tiltekinn sveigjanleika til að takast á við mismunandi raunveruleika í hverju landi, þar sem takmörkun getur verið sanngjörn í einu land en ósanngjörn í öðru.¹⁶³

Takmörkunarheimild sem aðildarríki setur án greiðslu þóknunar má ekki leiða til ósanngjarnar niðurstöðu fyrir höfunda, en með því að setja í lög ákvæði um þóknun getur sama takmörkun uppfyllt þriggja þrepa prófið. Þó verður ekki framhjá því horft að þrátt fyrir ákvæði um þóknun missir höfundur umráð yfir höfundaverki sínu í kjölfar takmörkunarákvæðis og ljóst er að takmörkunarákvæði geta verið ósanngjörn fyrir höfund. Í því sambandi hefur verið vísað meðal annars til heimildar til eftirgerðar og dreifingar eintaka af verkum og eru sérstaklega ætluð til nota fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausa, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar.¹⁶⁴ Útgangspunkturinn með þriðja prófinu er að takmörkun á höfundaréttinum leiði ekki til ósanngjarnrar niðurstöðu og að meðalhófs sé gætt í mati milli réttar höfunda og hagsmuni notenda.¹⁶⁵

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar verður að telja að það falli í hlut löggjafans og dómstóla að túlka þriðja skilyrði prófsins um lögmæta hagsmuni, þar sem þriggja þrepa prófið gefi tiltekinn sveigjanleika og frjálrsæði til túlkunar á skilyrðum þess.¹⁶⁶ Með lögleiðingu þriggja

¹⁶⁰ WIPO, *Guide to the Copyright and Related Rights Treaties*, bls. 59.

¹⁶¹ Sama heimild, bls. 59.

¹⁶² Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls. 210.

¹⁶³ Lewinski, *International Copyright Law and Policy*, bls. 163.

¹⁶⁴ Sama heimild, bls. 164.

¹⁶⁵ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls. 210.

¹⁶⁶ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls. 212.

þrepa prófsins væri unnt að skýra hvert þrep í lögskýringagögnum og síðan fellur túlkun prófsins í hlut dómstóla. Með þessu getur hvert aðildarríki metið hagsmunina og hvort niðurstaðan er sanngjörn fyrir höfunda.

4.3 Stafræn eintakagerð og þriggja þrepa prófið

Með tilkomu Netsins hafa möguleikar til eintakagerðar orðið mun auðveldari og notkunarmöguleikar á stafrænum gögnum mun meiri. Þar sem þriggja þrepa prófið var sett fram fyrir tíma stafrænnar tækni reyndist nauðsynlegt að bregðast við hinni nýju tækni. Með innleiðingu annars vegar WCT, WPPT samninganna og hins vegar Infosoc tilskipunarinnar var reynt að bregðast við nýjum raunveruleika tæknibyltingarinnar. Þriggja þrepa prófið var innleitt í samningana og Infosoc tilskipunina, sbr. 2. mgr. 10. gr. WCT, 16. gr. WPPT og 5. mgr. 5. gr. Infosoc tilskipunarinnar.¹⁶⁷

Eins og áður hefur verið vikið að tekur WCT samningurinn á tæknilegri hlið höfundaréttarins þar með á Netinu.¹⁶⁸ Í formála WCT samningsins eru viðurkennd hin gífurlegu áhrif sem upplýsingaþróunin og upplýsingatækni hafa haft á sköpun og notkun á bókmennta- og listaverkum.¹⁶⁹ Auk þess kveður samningurinn á um nauðsyn þess að gæta jafnvægis milli réttinda höfunda og almennings og þá sérstaklega varðandi menntun, rannsóknir og aðgengi að upplýsingum, eins og birtist í Bernarsáttmálanum.¹⁷⁰ Með WCT samningnum eru settar fram nýjar reglur til skýringa á þeim reglum sem þegar eru í gildi. Tilgangurinn er að veita fullnægjandi lausn á þeim vanda sem hefur orðið til við breytingu á „efnahagslegum, félagslegum, menningarlegum og tæknilegum framförum.“¹⁷¹

Samkvæmt 20. gr. Bernarsáttmálans er aðildarríkjum sáttmálans heimilt að innleiða samninga sem kveða á um meiri rétt til handa höfundum en sáttmálinn veitir. Á þeim grundvelli hafa 89 ríki innleitt WCT samninginn.¹⁷² Við samanburð á WCT og Bernarsáttmála sést að 164 ríki hafa innleitt Bernarsáttmálann. Samkvæmt því verður að telja að fremur fá ríki hafi haft

¹⁶⁷ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 759.

¹⁶⁸ Sbr. kafli 2.3.3

¹⁶⁹ Í samningnum segir: (e., the profound impact of the development and convergence of information and communication technologies on the creation and use of literary and artistic works.“).

¹⁷⁰ Í formála WCT segir: „Recognizing the need to maintain a balance between the rights of authors and the larger public interest, particularly education...“

¹⁷¹ Sbr. formáli WCT.

¹⁷² Upplýsingar um aðildarríki WCT: Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.wipo.int/treaties/en/ShowResults.jsp?lang=en&treaty_id=16

áhuga á WCT. Má leiða að því líkum að það sé vegna Infosoc tilskipunarinnar. Hún kveður á um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélagi og er bindandi að því leytnu til að markmið með setningu hennar verður að nást (þótt aðildarríki ráði hvernig þeim markmiðum er náð).¹⁷³ Með því að skylda aðildarríki Evrópska Efnahagssvæðisins til að innleiða reglur Infosoc tilskipunarinnar,¹⁷⁴ sem eru reglur Evrópusambandsins, hefur tilskipunin áhrif á aðildarríki Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðið á grundvelli þess að sömu reglur skuli gilda á svæðinu öllu.¹⁷⁵

Í 1. gr. WCT er kveðið á um að WCT sé sérstakur samningur innan Bernarsáttmálans. Fram kemur í 4. mgr. sömu greinar að samningurinn sé til samræmis við 1–21. gr. Bernarsáttmálans. Í samþykktri yfirlýsingu á ráðstefnu stjórnarereindreka frá 20. desember 1996 um WCT,¹⁷⁶ segir um 4. mgr. 1. gr. að skilyrðin sem sett eru fram í 9. gr. Bernarsáttmálans gildi að fullu um stafræna umhverfið og notkunar á efni á stafrænu formi. Jafnframt að geymsla á höfundavernduðu efni á stafrænu formi sé eintakagerð í skilningi 9. gr. Bernarsáttmálans.¹⁷⁷

Kveðið er á um þriggja þrepa prófið í 2. mgr. 10. gr. WCT með sambærilegum hætti og í 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans. Þar segir:

Contracting Parties shall, when applying the Bern Convention, confine any limitations of or exceptions to rights provided for therein to *certain special cases* that do not conflict with a *normal exploitation* of the work and do not unreasonably prejudice the *legitimate interest* of the author.

Í 16. gr. WPPT (samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita) er aðildarríkjum veittar heimildir fyrir setningu laga sem takmarka grannréttindi. Þar segir:

Contracting Parties shall confine any limitations of or exceptions to rights provided for in this Treaty to *certain special cases* which do not conflict with *normal exploitation* of the performance or phonogram and do not unreasonably prejudice the *legitimate interests* of the performer or of the producer of the phonogram.

Með ákvæðinu er aðildarríkjum gert að einskorða þær takmarkanir og undantekningar á rétti listflytjenda og framleiðenda hljóðrita við sérstök tilfelli og að þau stríði ekki gegn eðlilegri hagnýtingu og lögmætum hagsmunum listflytjendenda og framleiðenda. Um 16. gr. WPPT

¹⁷³ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-PDF-EES/EES-samstarf_6._Hofundarrettur_2009.PDF.

¹⁷⁴ sbr. umfjöllun í kafla 2.3.1.

¹⁷⁵ Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar*, bls. 324.

¹⁷⁶ World Intellectual Property Organization (WIPO), *Records of the Diplomatic Conference, on Certain Copyright and Neighboring Rights Questions (1996), Genf 1996*. Skjal nr. CRNR/DC/4.

¹⁷⁷ WIPO, *Records of the Diplomatic Conference*, bls. 27.

segir í samþykkttri yfirlýsingu á ráðstefnu stjórnarereindreka,¹⁷⁸ að 10. grein WCT eigi að breyttu breytanda (l. *mutatis mutandis*) jafnframt við um 16. grein WPPT.¹⁷⁹ Samkvæmt framangreindu verða allar takmarkanir og undanþágur að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófsins eins og það birtist í 10. gr. WCT.¹⁸⁰

Í Rómarsáttmálanum er jafnframt er kveðið á um rétt listflytjenda og framleiðenda.¹⁸¹ Í 1. mgr. 15. gr. Rómarsáttmálans er sérstaklega tekið fram að aðildaríki sé heimilt að setja í landslög reglur varðandi til dæmis notkunar sem ætluð er sérstaklega til kennslu eða vísindlegra rannsókna. Í 2. mgr. sömu greinar eru veittar sömu heimildir en án skilyrða um þriggja þrepa próf.¹⁸² Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um þriggja þrepa prófið í Rómarsáttmálanum hefur verið fallist á að takmarkanir og undanþágur vegna eintakagerðar á verkum flytjenda og framleiðenda samkvæmt sáttmálanum verði að uppfylla þriggja þrepa prófið. Um þetta álitaeftni segir: „Although no specific steps or conditions are set in the Rome Convention, it is generally accepted that the Three-Step-Test as in Art. 9(2) BC must also apply to any restriction set to the reproduction right of performers and producers“.¹⁸³ Telja verður framangreinda fullyrðingu byggja á því að eingöngu ríki sem eru aðilar að Bernarsáttmálanum geta orðið aðilar að Rómarsáttmálanum.¹⁸⁴ Í nóvember 2011 höfðu 91 ríki fullgilt Rómarsáttmálann.¹⁸⁵

Infosoc tilskipunin kveður á um undanþágur og takmarkanir á einkarétti höfunda í upplýsingasamfélagi. Þar er kveðið á um skyldubundna og valfrjálsar undantekningar og

¹⁷⁸ Frá 20. desember 1996.

¹⁷⁹ WIPO, *Records of the Diplomatic Conference*, bls. 80. Þar segir: „The agreed statement concerning Article 10 (on Limitations and Exceptions) of the WIPO Copyright Treaty is applicable *mutatis mutandis* also to Article 16 (on Limitations and Exceptions) of the WIPO Performances and Phonograms Treaty“.

¹⁸⁰ Aðiljar að WPPT eru 89 ríki. Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.wipo.int/treaties/en/ShowResults.jsp?lang=en&treaty_id=20

¹⁸¹ Rómarsáttmáli, International Convention for the Protection of performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organizations, 26. Október 1961, 496 U.N.T.S. 43.

¹⁸² WIPO *Intellectual Property Handbook*, bls. 315. Þar segir: „The Rome Convention therefore provides that in order to be come a party to the Convention a State must not only be a member of the United Nations, but also a member of the Berne Union or party to the Universal Copyright Convention (Article 24(2))“.

¹⁸³ Xalabarder, Raquel, „Study on Copyright limitations and exceptions for educational activities in North America, Europe, Caucasus, Central Asia and Israel“. WIPO, Genf 2009, bls. 30. Aðgengilegt á vefslóð: http://www.wipo.int/edocs/mdocs/copyright/en/sccr_19/sccr_19_8.pdf.

¹⁸⁴ WIPO, *Intellectual Property Handbook*, bls. 315. Þar segir: „The Rome Convention therefore provides that in order to be come a party to the Convention a State must not only be a member of the United Nations, but also a member of the Berne Union or party to the Universal Copyright Convention (Article 24(2))“.

¹⁸⁵ Upplýsingar um aðildarríki Rómarsáttmálans. Aðgengilegt á vefslóð: http://www.wipo.int/treaties/en/ShowResults.jsp?lang=en&treaty_id=17.

takmarkanir en aðildarríkjunum er gefinn kostur á að kveða á um þær.¹⁸⁶ Í 5. gr. tilskipunarinnar er kveðið á um þriggja þrepa prófið. Um 5. gr. Infosoc segir í frumvarpi til laga um breytinga á höfundalögum nr. 9/2006 að:

Allar undantekningarnar frá þeim einkaréttindum sem tilskipunin áskilur rétt höfum eru háðar svokölluðu „þriggja þrepa skilyrði“ (d. „tre-trinstest“, e. „three-step test“). Hér er um að ræða almenna takmörkun á undantekningunum samkvæmt tilskipuninni (öllum undantekningum 1.–4. mgr. 5. gr.), ákvæði af því tagi sem í þýsku lagamáli er nefnt „schrankschranke“ eða takmörkun á takmarkanir. Í reglunni felst að undantekningum og takmörkunum verður því aðeins beitt að þær fullnægi þremur skilyrðum: 1) að þær varði tiltekin sértílvik, 2) að þær stríði ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks eða annars efnis og 3) að þær skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétt hafa (5. mgr. 5. gr.).¹⁸⁷

Af framangreindu má sjá að þær takmarkanir sem heimilaðar á höfundarétti í upplýsingasamfélagi eru háðar því að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófsins samkvæmt WCT, WPPT og Infosoc tilskipuninni.

4.4 Gagnrýni á þriggja þrepa prófið

Almennt hefur verið fjallað um þriggja þrepa prófið að framan. Ekki eru allir á eitt sáttir um ágæti þriggja þrepa prófsins og túlkun þess. Í því sambandi hefur einna helst verið gagnrýnt að þriggja þrepa prófið, eins og það hefur verið túlkað af nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, hindri frekari framþróun á túlkun prófsins. Talið er að sú túlkun sem nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar veitti, muni festa sig í sessi og hindri þar með áframhaldandi þróun á túlkun prófsins.¹⁸⁸ Það hafi sýnt sig í því að prófið hefur verið túlkað með mismunandi hætti í landsbundnum rétti.¹⁸⁹ Þar af leiðandi sé þörf á nánari túlkun frá þeim alþjóðastofnunum sem hafa umsjón með samningunum og jafnframt ætti prófið að vera skyldubundið í landsrétti. Auk þess hefur það verið gagnrýnt að þegar skoðað er hvort takmörkunarákvæði uppfylli skilyrði þriggja þrepa prófsins, sé sú rannsókn of almenns eðlis sem leiði til þess að takmörkunarákvæði út frá prófinu séu skoðuð með heildstæðu mati í stað þess að skoða þau út frá hverju stigi prófsins fyrir sig.¹⁹⁰

¹⁸⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005–2006, bls. 970. Þar er sérstaklega tekið á vandamálum sem stafræn tækni hefur haft í för með sér fyrir eigendur höfundaréttar og skyldra réttinda. Í tilskipuninni er fyrst og fremst beint sjónum að tónlist og kvikmyndum og dreifingu slíkra verka á Netinu, sbr. .

¹⁸⁷ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005–2006, bls. 976 – 977.

¹⁸⁸ Kur, Annette, „Of Oceans, Islands, and Inland Water - How Much Room for Exceptions and Limitations Under the Three-Step Test?“, *Social Science Research Network*, 2008, bls. 33–34. Aðgengilegt á vefslóð: <http://ssrn.com/abstract=1317707>.

¹⁸⁹ Kur, Annette, „Of Oceans, Islands, and Inland Water - How Much Room for Exceptions and Limitations Under the Three-Step Test?“ Bls. 33–34.

¹⁹⁰ Sama heimild, bls. 48.

4.5 Takmarkanir í breskum og bandarískum rétti

Til samanburðar er rétt að skoða hvernig takmörkunarákvæði birtast í breskum og bandarískum höfundarétti.

Samkvæmt bresku höfundalögunum frá árinu 1988, er kveðið á um takmörkun á einkarétti höfunda í 29. gr. (rannsóknir og fræðistörf) og 30. gr. (gagnrýni og umfjöllun um dægurviðburðum) laganna.¹⁹¹ Með hugtakinu *fair dealing* er átt við eigindlegt mat um hvað sé sanngjörn notkun á höfundavernduðu verki hverju sinni og er notað í löndum sem teljast hluti af „common law“ kerfinu, meðal annars í Bretlandi.¹⁹² Talið er að með ákvæðinu um *fair dealing* sé komið inn á 1. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans með þeim hætti að uppfyllt sé fyrsta þrep í þriggja þrepa prófi sáttmálans um *certain special cases*.¹⁹³ Það er vegna þess að kveðið er á um í bresku höfundalögunum réttinn til einkanota, tilvitnunar, gagnrýni og fréttu af dægurviðburðum eins og í Bernarsáttmála.

Bresk yfirvöld hafa neitað að innleiða með sérstökum hætti þriggja þrepa prófið en talið er að ákvæði bresku höfundalaganna uppfylli skilyrði þess, sbr. að ofan. Að auki er talið að með því sé verið að afhenda dómurum tæki til að gagnrýna gildissvið bresku höfundalaganna, fremur eigi það að falla í hlut dómstóla að kveða úr um það hvað sé sanngjarnt hverju sinni.¹⁹⁴ Bresku ákvæðin sem kveða á um *fair dealing* eru ólík ákvæðum bandarísku höfundalaganna sem kveða á um *fair use* (sanngjörn notkun). Talið er að gildissvið *fair use* hugtaksins sé mun víðtækara en *fair dealings*, þar sem notendur bera fyrir sig að notkun sé til einkanota með vísun til mannréttinda til að réttlæta þau not fyrir dómstólum.¹⁹⁵

Takmarkanir á höfundarétti í bandarísku höfundalögunum kveða á um sanngjarna notkun (e. *fair use*).¹⁹⁶ Ákvæðið var innleitt í bandarísk höfundalög árið 1976, sbr. 107. gr. (U.S.C. §107). Þar er kveðið á um sanngjarna notkun (eins og vegna gagnrýni, tilvitnana, fréttu, við kennslu) eintakagerðar til kennslu og er heimil við fræðistörf og til rannsókna. Talið er að með því að beita orðunum *eins og* sé verið að vísa til *special cases*, sbr. þriggja þrepa prófið

¹⁹¹ Bresku höfunda-, hönnunar- og einkaleyfalögin frá árinu 1988. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.legislation.gov.uk/ukpga/1988/48/contents>.

¹⁹² Cornish, William, *Intellectual Property: Patents, Copyright, Trade Marks and Allied Rights* (5. útgáfa). Sweet & Maxwell, London 2007, bls. 474.

¹⁹³ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.165.

¹⁹⁴ Cornish, *Intellectual Property: Patents, Copyright, Trade Marks and Allied Rights*, bls. 474.

¹⁹⁵ Sama heimild, bls. 475.

¹⁹⁶ Bandarísk lög um höfundarétt, US Copyright law, 17 U.S.C. § 107 (2005): Copyright Law of the United States and related Laws Contained in Title 17 of the United States Code. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.copyright.gov/title17/>

og þar með gefi það dómstólum vísbendingu um hverjar takmarkanirnar séu.¹⁹⁷ Sumir telja að bandaríska ákvæðið um *sanngjarna notkun* sé ekki til samræmis við ákvæði í 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans.¹⁹⁸ Ákvæðið sé „opið í báða enda“ hvað notkun varðar og falli ekki að fyrsta þrepi prófsins um *certain special cases*. Þó er ekki talin þörf á nákvæmt skilgreindum takmörkunum eins og gert er í löndum sem teljast hluti af „civil law“ réttarkerfinu“. Nægilegt sé að hafa takmarkanir á höfundarétti með þeim hætti að hægt sé að aðgreina þær með öruggum hætti hverja frá annarri og síðan falli það í hlut dómstóla að leysa úr álitaefnunum.¹⁹⁹

4.6 Lögleiðing þriggja þrepa prófsins?

Eins og af framan má sjá er mismunandi hvernig þriggja þrepa prófinu er beitt. Fræðimenn hafa ýmist túlkað takmörkunarákvæði þröngt eða rúmt og frjálslega. Á Íslandi hefur fremur verið fallist á að takmörkunarákvæði beri að túlka þröngt og beita beri tiltekinni varkárni í skýringum.²⁰⁰ Af framansögðu virtu verður fremur að fallast á þá skoðun að aðildarríki beri að lögleiða þriggja þrepa prófið, þó með þeim hætti að löggjafarvald skýri hvað felst í því til að koma í veg fyrir réttaróvissu um hvort takmörkun á höfundarétti sé heimil.²⁰¹ Með lögleiðingu þriggja þrepa prófsins er tilefni til lögskýringa í lagafrumvarpi á prófinu og hvaða takmarkanir á höfundarétti hugsanlega uppfylltu skilyrði þriggja þrepa prófsins, þegar um ræðir notkun á vernduðu efni við kennslu. Ekki er hægt að fullyrða að lögleiðing þess hjálpi kennurum með beinum hætti og þar með viti þeir hvað má og má ekki í höfundarétti. Telja verður að túlkun á prófinu geti auðveldað þeim aðilum sem leiðbeina kennurum um hvað þeim er heimilt að gera með tilliti til notkunar á efni við kennslu.²⁰² Síðan myndi það falla í hlut dómstóla að veita nánari túlkun ákvæðisins. Þó verður að telja nauðsynlegt að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, WIPO og WTO veiti nánari túlkun á þriggja þrepa prófinu. Töluverð vinna hefur átt sér stað á vegum WIPO þar sem unnið hefur verið að ýmsum rannsóknum vegna takmarkana á höfundavernd, meðal annars vegna notkunar á

¹⁹⁷ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.166.

¹⁹⁸ Lewinski, *International Copyright Law and Policy*, bls. 161.

¹⁹⁹ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.162.

²⁰⁰ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 187.

²⁰¹ Sama heimild, bls. 185-187.

²⁰² Til dæmis mennta- og menningarmálaráðuneytið með útgáfu bæklinga sem sérstaklega væri ætlaður kennurum og hvaða heimildir þeir hefðu til notkunar á vernduðu efni í skólum.

vernduðu efni í kennslu og hefur WIPO lýst yfir þörf á endurskoðun takmörkunarákvæða alþjóðasamninga.²⁰³

5 Heimildir alþjóðasamninga, tilskipunar Infosoc og höfundalaga og notkun við kennslu

Innan Evrópusambandsins er rík þörf á að greiða fyrir fjórfrelsi innri markaðarins og samkeppni. Efnisákvæði EES samningsins um fjórfrelsi og samkeppni eru þau sömu og Evrópusambandsins og þar sem Ísland er aðili að EES samningnum, eins og áður hefur verið vikið að í kafla 2.3.1, leitast íslensk stjórnvöld til að ná sömu markmiðum og Evrópusambandið í þeim efnum. Það er gert meðal annars með samræmdum lagaramma um höfundarétt til að koma hugsanlega í veg fyrir lagaóvissu og þar með réttaróvissu um einkarétt höfunda.²⁰⁴ Samræmingin felur meðal annars í sér fyrrnefnt þriggja þrepa próf, sbr. 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans. Þriggja þrepa prófið hefur stuðlað að því að alþjóðlegur höfundaréttur hefur þróast í tiltekna átt. Þetta hefur leitt til þess að þótt takmörkun á höfundarétti uppfylli almenn skilyrði Bernarsáttmálans verður jafnframt að skoða hvort sú takmörkun uppfylli skilyrði þriggja þrepa prófsins.²⁰⁵

Fyrst verða skoðuð þau ákvæði sem taka til notkunar á vernduðu efni við kennslu í þeim alþjóðasamningum um höfundarétt og Infosoc tilskipuninni. Síðan verður skoðað hvort nægilegar heimildir séu í höfundalögum fyrir þeirri notkun sem þegar á sér stað í skólum.

5.1 Bernarsáttmálinn og notkun á vernduðu efni við kennslu

Í Bernarsáttmálanum er að finna ákvæði sem meðal annars snúa að almennum heimildum kennara til notkunar á höfundavörðu efni. Sérstaklega er kveðið á um undantekningu á höfundarétti í 10. gr. sáttmálans sem snýr að viðfangsefninu um notkun við kennslu.

Í 1. mgr. 10. gr. er kveðið á um heimildir til notkunar á tilvitnunum en í 2. mgr. um notkun á höfundavörðum bókmenntaverkum og listaverkum við kennslu. Þar segir:

²⁰³ WIPO. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.wipo.int/copyright/en/limitations/studies.html>

²⁰⁴ Sbr. 1. og 6. liður aðfararorða Infosoc tilskipunarinnar.

²⁰⁵ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.137.

Það er sambandslandanna að ákveða með lögum eða með sérstökum samningum, sem þegar eru fyrir hendi eða gerðir verða milli þeirra, að leyfilegt skuli *að nota* bókmennta- og listaverk *við kennslu*, svo sem með því, að birta myndir í bókum, lesa upp í útvarpi, eða gera upptökur í hljóðum eða myndum, *enda sé ekki gengið lengra en tilgangurinn helgar og notkunin í samræmi við sanngjarnar venjur*.

Hugtakið *við kennslu* (e. utilization for teaching) er notað í sáttmálanum um heimild til að nota verk við kennslu. Í upphafi var hugtakið skilgreint með þeim hætti að *kennsla* náði til kennslu í öllum skólum, háskólum, einkareknum og ríkisreknum, en sú kennsla sem fram fer utan þessara stofnana féll ekki innan hugtaksins.²⁰⁶ Samkvæmt þessari skilgreiningu féll öll fullorðinsfræðsla og fræðsla í þróunarlöndum utan ákvæðisins og væri því notkun á vernduðu efni þar óheimil.²⁰⁷ Þessi skilgreining hefur verið umdeild þar sem hún gæti komið í veg fyrir framþróun á menntun fullorðinna í þróunarlöndum.²⁰⁸ Í ljósi þessa verður að velta upp þeirri spurningu hvort kennsla eigi eingöngu við þegar um ræðir kennslu í skólastofum eða er einnig um kennslu að ræða þegar hún á sér stað með fjarkennslu um Netið og nemandi og kennari eru ekki saman í kennslustund?

Fræðimenn hafa skilgreint hugtakið með þeim hætti að það eigi að taka til kennslu augliti til auglitis sem og fjarkennslu og að annað væri vafasamt.²⁰⁹ Frekar verður að hallast að síðast greindu skilgreiningunni. Þar sem talið er að ákvæði sáttmálans setji einungis ytri mörk þess hvernig skilja megi hugtakið og má með því segja að aðildarríkjum sé veitt tiltekið frelsi til túlkunar, en til að fá viðhlýtnandi svör við þessu álitamáli í landsbundnum rétti verður að telja að löggjafarvald hvers lands verði að veita svör um hvernig túlka ber 2. mgr. 10. gr. með hliðsjón af þriggja þrepa prófinu.²¹⁰

En hversu víðtæk er heimildin? Við túlkun á ákvæðinu hér að framan voru meðal annars skoðuð tengsl 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr.²¹¹ Í ákvæði Bernarsáttmálans segir að notkun í kennslu megi ekki ganga lengra en „tilgangurinn helgar og í samræmi við sanngjarnar venjur“ (e. compatible with fair practice) Með orðunum *ekki ganga lengra en tilgangurinn helgar* eru ákveðin ytri mörk sett á hversu langt má ganga í notkun á höfundavörðu efni sem

²⁰⁶ WIPO, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm*, bls. 1148. Þar segir: „, Education outside these institutions, for instance general teaching available to the public but not included in the above categories, should be excluded“.

²⁰⁷ Ricketson, WIPO, „Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Environment“, bls. 15.

²⁰⁸ Sama heimild, bls. 15.

²⁰⁹ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 793.

²¹⁰ Ricketson, WIPO, „Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Environment“, bls. 14.

²¹¹ WIPO, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm*, Document S /1 Berne Convention for the protection of Literary and Artistic works. Genf 1971, bls. 1148. Skoðuð voru tengsl 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. Bernarsáttmálans.

leiðir til þess að hugtakið er „opið í annan endan“. Talið er að ákvæðið geti skapað tiltekna togstreitu við *eðlilega hagnýtingu* höfundar (sbr. annað skilyrði þriggja þrepa prófsins) þegar höfundur verður af tekjum vegna höfundaréttar síns. Þrátt fyrir það er ekki talið að hægt sé að fullyrða að notkun við kennslu, þar sem ekki er gengið lengra en tilgangurinn helgar og notkun er í samræmi við sanngjarnar venjur, muni skerða tekjur höfunda. Þetta helgast af því að slík notkun myndi ekki flokkast sem megintekjulind höfunda þar sem ekki er um að ræða efni sem ætlað er til kennslu.²¹² Á hinn bóginn ef um er að ræða höfundavarið efni sem *sérstaklega* er ætlað við kennslu færi það óneitanlega í bága við eðlilega hagnýtingu, þar sem um væri að ræða væntanlega tekjumöguleika höfundar til framtíðar.²¹³

Um hugtakið *notkun í samræmi við sanngjarnar venjur* (e. compatible with fair practice) verður að beita huglægu mati um hvað sé í samræmi við sanngjarnar venjur.²¹⁴ Með því að beita huglægu mati verður að telja að það leiði til mismunandi niðurstöðu í hverju tilviki fyrir sig hvað sé í *samræmi við sanngjarnar venjur*. Þrátt fyrir þriggja þrepa prófið, sem veitir vissa leiðsögn um hvernig skilja megi 2. mgr. 10. gr., er ekki tekið á því til dæmis hversu mörg eintök vernduð verk mega vera svo sanngjarnt sé. Eina viðmiðið sem gefið er samkvæmt sáttmálanum er að það sé í samræmi við sanngjarnar venjur og metið með hliðsjón af þriggja þrepa prófinu.²¹⁵

Þegar notkun er heimil samkvæmt sáttmálanum ber að gæta að sæmdarrétti þar sem höfundur er nafngreindur og að gætt sé að heiðri höfunda.²¹⁶ Ekki er kveðið á um þóknun höfundi til handa í 2. mgr. 10. gr. en það hefur verið túlkað svo að aðildarríki megi heimila frjáls og endurgjaldslaus afnot eða tryggja höfundi þóknun til dæmis á grundvelli samningskvaðar að uppfylltu skilyrði um þriggja þrepa prófið.²¹⁷ Þar sem 10. gr. Bernarsáttmálans sleppir tekur WCT og WPPT við um hina stafrænu tækni.²¹⁸

²¹² Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.197.

²¹³ Sama heimild, bls.198.

²¹⁴ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 793.

²¹⁵ Sama heimild, bls. 794.

²¹⁶ Sbr. 3. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans.

²¹⁷ Xalabarder, Raquel, *Study on Copyright limitations and exceptions for educational activities in North America, Europe, Caucasus, Central Asia and Israel*. Genf 2009, bls. 18. Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.wipo.int/edocs/mdocs/copyright/en/sccr_19/sccr_19_8.pdf

²¹⁸ Ricketson og Ginsburg, *International Copyright and Neighbouring Rights*, bls. 793.

5.2 WCT og WPPT og stafræn eintakagerð í skólum

5.2.1 WCT og notkun á vernduðu efni við kennslu

Í WCT er kveðið á um að aðildarríki skuli uppfylla 1.–21. gr. Bernarsáttmálans og viðauka hans, en það þýðir að þriggja þrepa prófið og 2. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans taka einnig til WCT. Sérstaklega er tekið fram í ákvæðinu að aðildarríkjum sé heimilt að leiða í lög undantekningar og takmarkanir sem eru viðeigandi fyrir stafræna umhverfið. Það þýðir að heimilt er að setja nýjar takmarkanir og undantekningar á höfundarétti að því skilyrði uppfylltu að þær standist ákvæði Bernarsáttmálans um þriggja þrepa prófið.²¹⁹ Um þetta segir í yfirlýsingu frá nefnd stjórnarerindreka (diplómatísku nefndarinnar) um tengsl WCT við Bernarsáttmálann:

It is understood that the mere provision of Article 10 permit Contracting Parties to carry forward and appropriately extend into the digital environment limitations and exceptions in their national laws which have been considered acceptable under the Berne Convention. Similarly, these provisions should be understood to permit Contracting Parties to devise new exceptions and limitations that are appropriate in the digital network environment.²²⁰

Í yfirlýsingu CRNR/DC/4²²¹ er tekið fram að með 10. gr. WCT sé ekki ætlað að koma í veg fyrir að aðildarríki geti sett takmarkanir og undantekningar sem eru samrýmanlegar Bernarsáttmálanum en komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að:

When a high level of protection is proposed, there is reason to balance such protection against other important values in society. Among these values are the interests of education, scientific research, the need of the general public for information to be available in libraries and the interests of persons with a handicap that prevents them from using ordinary sources of information.²²²

Hér er menntun talin vera mikilvægt sjónarmið sem nauðsynlegt er að taka tillit til í umræðunni um vernd á höfundarétti. En þrátt fyrir yfirlýsingu sem þessa verða allar undantekningar og takmarkanir á höfundarétti til notkunar í hinu stafræna umhverfi að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófsins.

5.2.2 WPPT og notkun á vernduðu efni við kennslu

Í WPPT er listflytjendum og framleiðendum hljóðrita tryggður einkaréttur til beinnar eða óbeinnar eintakagerðar í hvaða formi sem er. Á þessum rétti er takmörkun, sbr. 16. gr. þar

²¹⁹ WIPO, *Intellectual Property Handbook*, bls. 272.

²²⁰ WIPO, *Records of the Diplomatic Conference*, bls. 28.

²²¹ CRNR/DC/4 er númer ráðstefnuskjals diplómatísku nefndarinnar. Sbr. WIPO, *Records of the Diplomatic Conference*, bls. 101.

²²² WIPO, *Records of the Diplomatic Conference*, bls. 214.

sem aðildarríkjum er heimilt í landsrétti að vera með sömu takmarkanir á rétti listflytjenda og framleiðenda eins og aðrar takmarkanir eru á höfundarétti bókmennta- og listaverka.²²³ Jafnframt er kveðið á um rétt listflytjenda og framleiðenda í Rómarsáttmálanum, sem rétt er að hafa hér til samanburðar. Í 15. gr. Rómarsáttmálans er kveðið á um takmarkanir á grannréttindum. Í d-lið 1. mgr. 15. gr. er kveðið á um takmarkanir vegna notkunar við kennslu eða vísindarannsóknir. Talið er að sá liður sé að hluta til, til samræmis við 2. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans, en að öðru leyti beri að skoða takmörkun með hliðsjón af þriggja þrepa prófinu.²²⁴ Samkvæmt þessu má draga þá ályktun að sömu reglur gildi um notkun við kennslu samkvæmt WPPT og Bernarsáttmálanum að uppfylltu skilyrði um þriggja þrepa prófið.

5.3 Valfrjálsar undantekningar Infosoc tilskipunarinnar og notkun á vernduðu efni við kennslu

Markmið innleiðingar Infosoc tilskipunarinnar er meðal annars að efla menntun og útbreiðslu á menningu. Því markmiði verði náð með því að vernda verk en um leið gefa möguleika á undanþágum eða takmörkunum „í þágu almennings með nám og kennslu fyrir augum“.²²⁵ Tekið er fram að slíkt megi ekki gerast með tilslökunum, með því að umbera til dæmis ólöglegar eftirgerðir.²²⁶

Í Infosoc tilskipuninni er kveðið á um hvaða takmarkanir aðildarlönd mega setja á höfundarétt. Um er að ræða eina skyldubundna takmörkun og fjölmargar valfrjálsar takmarkanir á einkarétti höfunda. Í Infosoc er tæmandi listi yfir undantekningar og takmarkanir á einkarétt höfunda og höfundaréttarhafa til eftirgerðar og dreifingar til almennings.²²⁷

Kveðið er á um skyldubundna undantekningu í 1. mgr. 5. gr. Infosoc. Valfrjálsu takmarkanirnar er að finna í 2. gr. Infosoc en þar er kveðið á um réttinn til eftirgerðar. Í 3. gr. er kveðið á um rétt til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningsi. Í 4. gr. er kveðið á um dreifingarrétt þar sem höfundum skal tryggður rétturinn til að heimila eða banna hvers konar dreifingu til almennings.²²⁸ Í 1. mgr.

²²³ WIPO, *Guide to the Copyright and Related Rights Treaties*, bls. 254.

²²⁴ Ficsor, *The Law of Copyright and The Internet*, bls. 641.

²²⁵ Sbr. 14. skýringargrein Infosoc.

²²⁶ Sbr. 22. skýringargrein Infosoc.

²²⁷ Sbr. 32. skýringargrein Infosoc.

²²⁸ Sbr. Infosoc tilskipunin.

5. gr. er veitt heimild til tímabundinnar og tilfallandi eftirgerðir en að tilteknum skilyrðum uppfylltum.²²⁹

Í 5. mgr. 5. gr. er síðan kveðið á um skyldu aðildarríkja til að beita þriggja þrepa prófinu við innleiðingu takmarkana í tilskipuninni. Þetta þýðir að allar valfrjálsu undantekningar tilskipunarinnar verða að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófsins. Undantekningar sem settar hafa verið í landslög og falla ekki undir þau ákvæði sem tiltekin eru í tilskipuninni, ber að fella úr gildi eða að öðrum kosti breyta þeim.²³⁰ Það kemur til af því að í tilskipuninni er um að ræða tæmandi lista heimilaðra undantekninga og takmarkana. Þó er á þessu undantekning varðandi takmarkanir sem hafa óverulega þýðingu og landslög hafa þegar kveðið á um undanþágur og takmarkanir fyrir hliðræna notkun sem hefur ekki áhrif á frjálsa dreifingu vara og þjónustu innan EES.²³¹

Í 2. og 3. mgr. 5. gr. er að finna valfrjáls ákvæði Infosoc tilskipunarinnar sem verða hér til skoðunar og þar er einnig gerð grein fyrir þeim heimildum sem ákvæðin veita til notkunar á vernduðu efni við kennslu.

Í 2. mgr. 5. gr. er kveðið á um undanþágur og takmarkanir á einkarétti til eftirgerðar sem aðildarríki *geta* kveðið á um. Sérstaklega er tekið fram í c – lið 2. mgr. 5. gr. að aðildarríki geti kveðið á um undanþágur og takmarkanir á einkarétti til eftirgerðar þegar „um er að ræða tilteknar eftirgerðir af hálfu almenningsbókasafna, *menntastofnana* eða safna eða skjalasafna sem eru hvorki gerðar vegna beins eða óbeins efnahagslegs eða viðskiptalegs ávinnings“. Auk þess ber að túlka ákvæðið út frá 40. skýringargrein Infosoc.²³² Þar segir að aðildarríkjum sé:

heimilt að kveða á um undanþágu og takmörkun í þágu tiltekinna stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni, svo sem almenningsbókasafna og sambærilegra stofnana sem og skjalasafna. Það skal þó takmarkað við tiltekin sértílik sem falla undir réttinn til eftirgerðar. Slík undanþága og takmörkun skal ekki ná til afnota í tengslum við beinlínuaafhendingu á vernduðum verkum eða öðru efni ... og því rétt að hvetja til að gerðir verði sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi

Skýringargreinin gefur vissa leiðbeiningu um hvernig ber að skilja ákvæðið. Þar má skilja að almenningsbókasöfn og sambærilegar stofnanir sem og skjalasöfn séu ekki rekin í

²²⁹ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 975.

²³⁰ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 976.

²³¹ Sbr. o–liður 3. mgr. 5. gr. Infosoc.

²³² Guibault, Lucie, Westkamp, Guido, Rieber-Mohn, Thomas, Hugenholtz, Bernt, Eechoud, Mireille van, Helberger, Natali, Steijger, Lennert, Rossini, Mara, Dufft, Nicole, Bohn, Philipp, „Study on the implementation and effect in Member States’ laws of Directive 2001/29/EC on the harmonization of certain aspects of copyright and related rights in the information society“. Háskólinn í Amsterdam, Amsterdam 2007, bls. 46. Aðgengilegt á vefslóð: http://www.ivir.nl/publications/guibault/Infosoc_report_2007.pdf.

hagnaðarskyni. Notkun skuli þó takmörkuð við tiltekin sértílvik og ekki er heimild til afnota í tengslum við rafræna miðlun verndaðra verka eða annars efnis. í 42. skýringargrein Infosoc segir nánar um *rekstur í hagnaðarskyni* en þar kemur fram að aðildarríkjum er skylt að skoða hvort rekstur er í hagnaðarskyni þegar um er að ræða undantekningar vegna fræðslu (auk fjarnáms) eða vísindarannsókna. Við þá skoðun eru stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir þættir sem ekki ráða úrslitum um hvort um ræðir stofnun sem rekin er í hagnaðarskyni. Að öðru leyti er ekki veitt nánari skýring um hvernig túlka ber hugtakið, en það sem að framan greinir gefur vissar leiðbeiningar um túlkun þess.

Við túlkun hugtaksins verður jafnframt að horfa til þess að grunnskólar eru flestir á forræði sveitarfélaga og flestir framhaldsskólar á forræði ríkisins.^{233,234} Þó að hagsmunir notenda séu þeir að fá að nota verndað efni í víðum skilningi, er talið að ekki séu nægilegir almennir hagsmunir í húfi til að ríki fái gjaldfrjáls afnot á þeim grundvelli að með því sparist útgjöld fyrir ríkið og þar með fyrir almenning.²³⁵ Því verða önnur rök að koma til svo heimilt sé að nota höfundavarið efni við kennslu án þóknunar.

Fræðimenn hafa bent á að ekki hafi öll aðildarríki innleitt c-lið 2. mgr. 5. gr. með sama hætti. Sum aðildarríkjanna heimila eingöngu eftirgerð á meðan önnur ríki banna stafræna notkun á sérstökum tegundum verka. Enn önnur ríki heimila hvort tveggja. Þá er jafnframt á það bent að sum aðildarríki hafi tekið orðalagið með beinum hætti upp úr ákvæði Infosoc á meðan önnur hafa undanskilið menntastofnanir.²³⁶ Ef horft er til þess hvaða leið hefur verið valin á Íslandi má sjá í greinargerð með höfundalögum að umrætt ákvæðið felur í sér „valfrjálsa undantekningu varðandi eintakagerð sem fram fer á opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum eða öðrum söfnum og sem ekki fer fram beint eða óbeint í viðskiptalegum tilgangi.“²³⁷ Löggjafinn á Íslandi hefur samkvæmt þessu valið þá leið að sleppa menntastofnunum í upptalningu ákvæðisins.²³⁸ Ef horft er til þess hvernig Danir hafa innleitt 2. mgr. 5. gr. er menntastofnun ekki í upptalningu 16. gr. dönsku höfundalaganna.²³⁹ Á hinn bóginn hafa Norðmenn látið sambærilegt ákvæði taka til menntastofnana í 16. gr. norsku

²³³ Sbr. 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

²³⁴ Sbr. 1.- 3. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

²³⁵ *Alþingistíðindi*, A-deild, 1971, bls. 1285.

²³⁶ Guibault, Westkamp, Rieber-Mohn, Hugenholtz og fleiri., „Study on the implementation and effect in Member States´ laws of Directive 2001/29/EC“, bls. 46-47.

²³⁷ *Alþingistíðindi*, A-deild, 2005-2006, bls. 1014.

²³⁸ *Alþingistíðindi*, A-deild, 2005-2006, bls. 1014 um c-lið 2. mgr. 5. gr. Infosoc.

²³⁹ Schönning, Peter, *Ophavsretsloven med kommentarer*, bls. 280.

höfundalaganna,²⁴⁰ en síðan þrengt túlkun þess með reglugerð þar sem menntastofnanir eru undanþegnar í upptalningu þeirra stofnana sem njóta heimildar.²⁴¹

Samkvæmt framansögðu verður því að ætla að skólar séu reknir í hagnaðarskyni í skilningi Infosoc og túlkun c-liðar 2. mgr. taki ekki til notkunar á vernduðu efni í skólum.

Í a-lið 3. mgr. 5. gr. Infosoc er aðildarríkjum veitt valfrjáls heimild til að kveða á um undanþágur eða takmarkanir á réttindum samkvæmt 2. gr. (réttur til eftirgerðar) og 3. gr. (réttur til miðlunar verka til almennings og réttur til að gera annað efni aðgengilegt almenningi) í því tilviki sem hér um ræðir:

Ef notkun sem einungis er til skýringar við *kennslu* eða við vísindarannsóknir, að því tilskildu að heimildar sé getið, þar á meðal nafns höfundar, nema það reynist ógerlegt, og að því marki sem telja má réttlæt看legt miðað við tilgang sem ekki er viðskiptalegs eðlis.

Það hefur sýnt sig að ákvæði 2. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 5. gr. hafa verið innleidd af aðildarríkjum á hvað ólíkastan hátt. Þetta hefur birst með þeim hætti að annars vegar er veitt undanþága án endurgjalds eða notkun leyfð gegn sanngjörnu endurgjaldi.²⁴² Með því að skilningur á ákvæðinu er með mismunandi hætti hefur það leitt til tiltekinnar óvissu hversu vítt eða þröngt ákvæðið eigi að vera miðað við núverandi orðalag ákvæðisins.²⁴³ Til að mynda hafa menntastofnunum í Hollandi verið veittar heimildir í sérstökum tilvikum til gerðar námskeiðspakka og safnrita til notkunar í kennslu. Þar hefur ákvæðið verið túlkað vítt. Sum önnur aðildarríki hafa hins vegar túlkað a-lið 3. mgr. 5. gr. þröngt og myndu því ekki heimila slíka notkun.²⁴⁴

Í ljósi þess sem segir hér að framan um að skólar séu reknir í hagnaðarskyni samkvæmt skilningi Infosoc, verður að telja að notkun við kennslu geti talist í hagnaðarskyni. Hér er um að ræða huglægt mat og í ljósi þess að hugtakið hefur verið túlkað með ólíkum hætti verður að telja að þörf sé á að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins veiti aðildarríkjum nánari leiðbeiningar til samræmingar á höfundarétti.

²⁴⁰ Norsk höfundalög, LOV 1961-05-12 nr. 02: Lov om opphavsrett til åndsverk.

Þar segir í 16. gr.: „Kongen kan gi regler om rett for arkiv, bibliotek, museer og undervisnings- og forskningsinstitusjoner til å fremstille eksemplar av verk for konserverings- og sikringsformål og andre særskilte formål. Bestemmelsen gjelder ikke for ervervsmessig bruk“.

²⁴¹ FOR 2001–12–21 nr. 1563: Forskrift til åndsverkloven (lov av 12. Mai 1961 nr. 2 om opphavsrett til åndsverk m.v.)

²⁴² Guibault, Westkamp, Rieber-Mohn, Hugenholtz of fleiri. „Study on the implementation and effect in Member States´ laws of Directive 2001/29/EC“, bls. 49.

²⁴³ Guibault, Westkamp, Rieber-Mohn, Hugenholtz of fleiri. „Study on the implementation and effect in Member States´ laws of the Directive 2001/29/EC“, bls. 50.

²⁴⁴ Guibault, Westkamp, Rieber-Mohn, Hugenholtz of fleiri. „Study on the implementation and effect in Member States´ laws of the Directive 2001/29/EC“, bls. 49.

Aðildarríki *geta* kveðið á um sanngjarnar bætur til réttihafa við beitingu á valfrjálsu takmörkunar ákvæðunum þótt ekki sé sérstaklega kveðið á um það í ákvæðinu. Hér er ekki um að ræða skyldu þess efnis heldur er einungis sagt að aðildarríki *geti* kveðið á um slíkt.²⁴⁵ Á hinn bóginn er tekið sérstaklega fram að þær undantekningar sem er að finna í 2., 3. og 4. mgr. 5. gr. eigi ekki að koma í veg fyrir „skilgreiningu á sammingsbundnum tengslum sem ætlað er að tryggja rétthöfum sanngjarnar bætur að því marki sem það er heimilt samkvæmt landslögum“.²⁴⁶ Samkvæmt þessu er ekki heimilt að beita takmörkunarákvæðum þegar samningar eru fyrir hendi á milli höfundaréttihafa og notenda. Jafnframt er sérstaklega tekið fram að ákvæði um heildarleyfi (sammingskvaðir) í landslögum teljist ekki til takmarkana skv. tilskipuninni.²⁴⁷ Fremur sé um að ræða viðbót við skyldubundnar og valfrjálsar undantekningaheimildir til að veita auðveldari aðgang að höfundaréttarvörðuefni og jafnframt tryggja höfundum endurgjald fyrir notin.²⁴⁸

Með breytingu á íslensku höfundalögunum hafa verið innleidd þau ákvæði sem leiða til samræmingar á tilteknum þáttum höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélagi en þó ber þess að geta að ekki þótti ástæða að leiða þriggja þrepa prófið sérstaklega í höfundalög.²⁴⁹ Jafnframt þótti ekki ástæða að taka upp nýjar undantekningar í höfundalögin sem Infosoc kveður á um. Ekki er veittur nánari rökstuðningur þess efnis.²⁵⁰ Komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að tilskipunin veiti ekki aðildarríkjunum nægilega skýrar línur um gildissvið og skilyrði takmarkana á höfundarétti:

The ongoing discussions around the scope of the limitations on educational use in the Member States illustrate that the line between what is permissible and what is not is difficult to draw on the basis of the current wording of the national provisions transposing the Directive.²⁵¹

Með vísan til þess sem að framan greinir má sjá að umræðan um gildissvið tilskipunarinnar með tilliti til menntunar er enn til umræðu og óvissa um hvað sé heimilt og hvað sé óheimilt samkvæmt tilskipuninni.

²⁴⁵ Sbr. 36. skýringargrein Infosoc.

²⁴⁶ Sbr. 45. skýringargrein Infosoc.

²⁴⁷ Sbr. 18. skýringargrein Infosoc.

²⁴⁸ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 977.

²⁴⁹ *Sama heimild*, bls. 1017.

²⁵⁰ *Sama heimild*, bls. 977.

²⁵¹ Guibault, Westkamp, Rieber-Mohn, Hugenholtz og fleiri, „Study on the implementation and effect in Member States’ laws of Directive 2001/29/EC“, bls. 50.

5.4 Heimildir samkvæmt höfundalögum til notkunar á vernduðu efni við kennslu

Hlutverk kennarans felst í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og koma að félagslegri mótun nemenda sinna.²⁵² Það þýðir að starf kennarans felst ekki eingöngu í kennslu innan veggja kennslustofunnar. Hann þarf að annast bekkjarkvöld, föndurkvöld, þemavikur eða jafnvel mæta í sal skólans með framlag nemenda sinna og fleira.²⁵³ Með tilliti til þess verður hér að neðan skoðað ákvæði höfundalaga sem varða heimildir skóla til notkunar á höfundavörðu efni við kennslu.

Meginreglan er samkvæmt höfundarétti að höfundur hefur einkarétt á að gera eintök af verkum sínum en ein helsta undantekning frá þeim rétti birtist í 11. gr. höfundalaga, þar sem eintakagerð er heimil án leyfis höfunda en eingöngu til einkanota. Þegar um ræðir einkanot er eingöngu átt við persónuleg afnot eða not fjölskyldu eða í nánum kunningjahópi.²⁵⁴ Þar sem höfundur hefur einkarétt til birtinga, sbr. 3. gr. höfundalaga og menntastofnun á grunn- og menntaskólastigi er opinber stofnun í skilningi laganna,²⁵⁵ er ekki fallist á að undanþáguákvæði 11. gr. falli undir notkun.

Með lögum nr. 93/2010 um breytingu á höfundalögum voru 12. gr. og ný grein 12. gr. a. sett. Í 12. grein er tiltekið í hvaða er heimilt að gera eintök og auk þess hvaða stofnunum (hér myndu skólabókasöfn falla undir) er heimilt að veita einstaklingi aðgang, vegna náms að birtum verkum sem ekki eru háð kaup- eða leyfissamningum á þar tilgerðum búnaði og til notkunar á safninu sjálfu.²⁵⁶ Talið er að þau söfn sem ákvæðið tekur til gegni „mikilvægu hlutverki menningar og miðlunar í þágu skóla- og vísindasamfélags“.²⁵⁷ Samkvæmt framangreindu falla menntastofnanir ekki undir gildissvið ákvæðisins.²⁵⁸ Kennarar hafa ekki samkvæmt þessu heimildir til notkunar við kennslu en á hinn bóginn geta nemendur unnið að *sjálfstæðum* verkefnum án íhlutunar kennara á skólabókasöfnum. Starfsmönnum skólasafna

²⁵² Aðalnámskrá Grunnskóla, *Upplýsinga - og tæknimennt*. Mennta- og menningamálaráðuneytið. Reykjavík 2007, bls. 14. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/nr/3953>.

²⁵³ Viðtal höfundar við Katrínu Kristínu Ellertsdóttur kennara, 9. desember 2011.

²⁵⁴ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1279.

²⁵⁵ Sbr. 1. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og 1.- 3. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008.

²⁵⁶ Sbr. 12. gr. a höfundalaga. Þar segir: „Þeim stofnunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 12. gr. er heimilt að veita einstaklingum aðgang í rannsóknarskyni eða vegna náms að birtum verkum sem ekki eru háð kaup- eða leyfissamningum á þar til gerðum búnaði til notkunar á athafnasvæði þeirra“.

²⁵⁷ Frumvarp til laga um höfundarétt, þskj. 912, 523. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0912.html>. [Sótt á vefinn 16. nóvember 2011].

²⁵⁸ Sbr. Rán Tryggvadóttir, „Heimildir (bóka) safna til eintakagerðar og dreifingar á efni sem lýtur höfundarétti“, bls. 396-397.

er heimilt að ljósrita og veita nemendum aðgang að ljósritunarvél og nemendur geta gert eintök til einkanota.²⁵⁹

Í tíð eldri laga hljóðaði 12. gr. með allt öðrum hætti.²⁶⁰ Þar var veitt heimild til að setja í reglugerð reglur um heimild safna og *menntastofnana* til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni sem nánar yrði skilgreind í reglugerðinni. Skilyrði þessarar heimildar var að ekki væri um fjárhagslegan tilgang að ræða og ekki heimilt að lána slík eintök eða birta nema innan stofnunarinnar án samþykkis höfundar.²⁶¹ Þar sagði:

Setja má í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og *menntastofnana* til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.“

Umrædd reglugerð var aldrei sett og því þótti betra að breyta lögnum til samræmis við ákvæðið eins og það hljóðar í dag. Með þeirri breytingu var heimildin einungis látin ná til safna en menntastofnanir felldar úr ákvæðinu. Vísað var til þess í frumvarpi til breytinga á höfundalögum frá árinu 2010 að þær stofnanir sem áður höfðu verið nefndar í ákvæðinu mættu ekki fara í samkeppni við fjárhagslega hagsmuni höfundarins og heimildin ætti eingöngu að taka til sérstakrar eintakagerðar. Þar var lagt til að heimildin tæki eingöngu til sérstakrar eintakagerðar safna, þar með talið listasafna, skjalasafna, almenningsbókasafna, háskólabókasafna og annarra vísinda- og fagbókasafna, sem njóta opinberra styrkja í starfsemi sinni eða eru í eigu ríkis eða sveitarfélaga.²⁶² Rökstuðningur fyrir þessari ákvörðun var að ekki væri uppfyllt skilyrði þriggja þrepa prófsins samkvæmt 5. mgr. 5. gr. Infosoc þar sem túlkun ákvæðisins væri of rúm. Í ljósi þess að í 42. skýringargrein Infosoc segir að stjórnskipulag og fjármögnunarleiðir séu þættir sem ekki ættu að ráða úrslitum við mat á því hvort stofnun sé rekin í hagnaðarskygni, verður að telja framangreindan rökstuðning ekki uppfylla nægilega skilyrði Infosoc. Á hinn bóginn er reynt að meta hagsmuni út frá þriggja þrepa prófinu um sérstakan tilgang (e. certain special cases) og eðlilega hagnýtingu (e. normal exploitation).²⁶³

Við breytingu á framangreindu ákvæði var til samanburðar horft til þess hvernig Danir hafa túlkað ákvæði Infosoc í dönsku höfundalögnum. Í 16. gr. laganna eru menntastofnanir ekki

²⁵⁹ Sbr. 1. og 2. mgr. 11. gr. höfundalaga.

²⁶⁰ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 965.

²⁶¹ Sbr. skýringu á 3. gr. *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005-2006, bls. 985-986.

²⁶² Frumvarp til laga um höfundarétt, þskj. 912, 523. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0912.html>. [Sótt á vefinn 16. nóvember 2011].

²⁶³ Sama heimild.

upptaldar í sambærilegu ákvæði og í 12. gr. höfundalaga.²⁶⁴ Samkvæmt því var „...lagt til að þetta fyrirkomulag verði tekið upp í íslensku lögunum, þ.e. að heimildin til eintakagerðar samkvæmt ákvæði þessu taki til starfsemi bókasafna tiltekinna menntastofnana, en ekki til eintakagerðar vegna almennra starfa menntastofnana“.²⁶⁵ Á hinn bóginn hafa Norðmenn farið aðra leið og haldið menntastofnunum í upptalningu ákvæðisins, sbr. kafli 5.3.

Í ljósi þess að takmörkunarákvæði í íslenskum lögum eru túlkuð þröngt og ákvæði Infosoc ekki nægilega skýrt,²⁶⁶ verður að telja að ákvæði 12. gr. (eins og það hljóðaði árið 2006) hafi valdið óvissu um hvernig bæri að túlka það og því verður að fallast á að rétt hafi verið að fella 12. gr. úr lögunum.

Í 1. mgr. 14. grein höfundalaga er að finna heimildir til notkunr á tilvitnunum úr birtum bókmenntaverkum, með þeim formerkjum að um sé að ræða „gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi“.²⁶⁷ Í skólum er nemendum kennt hvernig þeir eiga að haga tilvitnunum meðal annars við ritgerðarsmið og samkvæmt framangreindri 14. gr. verður nemendur að gæta hófs og fara rétt með efnið.²⁶⁸ Sambærilegt ákvæði er að finna í Infosoc tilskipuninni þar sem um er að ræða eina af valkvæðu undanþágum tilskipunarinnar.²⁶⁹ Þar sem ákvæði íslensku höfundalaganna var svipað Infosoc ákvæðinu um tilvitnanir þótti ekki ástæða til að breyta því.²⁷⁰ Þessi ákvæði voru að fyrirmynd dönsku höfundalaganna svo og hinna norðurlandþjóðanna. Hér verður því danska ákvæðið um tilvitnunarrétt haft til hliðsjónar.²⁷¹

Fyrsta málsgrein 14. gr. höfundalaga er til samræmis við 22. gr. dönsku höfundalaganna.²⁷² Í skýringum við danska ákvæðið kemur fram að það taki til bókmenntaverka, kvikmynda og leiksviðsverka en tilvitnun í listaverk sé háð því að gætt sé að sæmdarrétti höfundar þar sem ekki er heimild til að birta verk að hluta. Í því sambandi er vísað til 23. gr. dönsku

²⁶⁴ Schönning, *Ophavsretsloven med kommentarer*, bls. 280.

²⁶⁵ Frumvarp til laga um höfundarétt, þskj. 912, 523. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0912.html>. [Sótt á vefinn 16. nóvember 2011].

²⁶⁶ Sbr. kafli 5.3.

²⁶⁷ Í *Hrd. 91: 795* reyndi á túlkun 1. mgr. 14. gr. höfundalaga þar sem ljóð var birt sjálfstætt án tengsla við annað efni. Ekki var fallist á að notkun væri tilvitnun eða kynning samkvæmt venjulegri merkingu þess orðs og víðari skilningur á 1. mgr. 14. gr. höfundalaga myndi takmarka ákvörðunar- og fjárhagslegan rétt höfunda.

²⁶⁸ Innan hæfilegra marka (d. rimelig og hæderlig handle måde) eða með sanngjörnum og heiðarlegum hætti.²⁶⁸

²⁶⁹ Sbr. d-liður 3. mgr. 5. gr.

²⁷⁰ Sbr. *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005 – 2006, bls. 1015.

²⁷¹ Sbr. *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1275.

²⁷² Sbr. dönsk höfundalög, ophavsretsloven LBK nr. 202 af 27/02/2010.

höfundalaganna.²⁷³ Með 1. mgr. 14. gr. höfundalaga er talið að það útiloki ekki að, „...leyfð yrði upptaka smárra kvæða eða tónsmíða í heild í tilvitnunum, ef það þykir eiga við“.²⁷⁴

Tiltekið samræmi hefur átt sér stað milli þjóða að almennt sé heimilt að vísa orðrétt til eldri ritverka.²⁷⁵ Á Íslandi hefur sá háttur verið hafður á eins og hjá hinum norðurlandþjóðunum að skýra ákvæði 1. mgr. 14. gr. á „grundvelli hefðar, sanngirni og meginreglna höfundaréttar“.²⁷⁶ Á hinn bóginn þegar um ræðir stutt verk kveða höfundalögin ekki á um hversu víðtæk heimildin sé til að birta verk í heild sinni. Í *Hrd. 91:795* reyndi á túlkun 1. mgr. 14. gr. og hversu víðtæk tilvitnunar heimildin er samkvæmt ákvæðinu. Í málinu reyndi á hvort birting ljóðs sem birt var með sjálfstæðum hætti og án tengsla við efnið væri brot á höfundarétti. Ljóðið var sett upp í ramma í tímariti, undir sérstakri fyrisögn og ekki í tengslum við annað efni. Með því var ekki hægt að sjá að um skilgreinda tilvitnun að ræða í merkingu 1. mgr. 14. gr. höfundalaga. Var því ekki fallist á að notkunin væri tilvitnun eða kynning samkvæmt venjulegri merkinu þess orðs. Sjónarmið um fjárhagslegan- og ákvörðunarrétt höfunda voru höfð að leiðarljósi í niðurstöðum dómsins. Í þessari niðurstöðu má segja að með því að vísa til fjárhagslegs- og ákvörðunarréttar höfundar hafi átt sér stað tiltekið mat sem líkist að hluta þriggja þrepa prófinu.

Í 2. mgr. 14. gr. höfundalaga er með fyrrnefndum skilyrðum sem nefnd eru í 1. mgr. 14. gr. sömu laga að finna heimild til birtinga á myndum og teikningum af þegar birtum verkum. Ákvæðið hefur verið túlkað með þeim hætti að gert sé ráð fyrir að myndirnar séu að jafnaði birtar í heild að öðrum kosti væri brotið á sæmdarrétti höfunda.²⁷⁷ Notkun er ekki heimil samkvæmt ákvæðinu þegar um fjárhagslegan tilgang er að ræða.

Í dönsku höfundalögunum er sérstaklega kveðið á um heimildir til birtinga á listaverkum í 23. gr. laganna, sem ber að túlka með tilliti til 22. gr. dönsku höfundalaganna.²⁷⁸ Þar er veitt heimild til að vísa til listaverka í texta þegar um ræðir gagnrýni eða vísindarannsóknir að sömu skilyrðum uppfylltum og í íslensku höfundalögunum það er, að gæta hófs og að

²⁷³ Schönning, *Ophavsretsloven med kommentarer*, bls. 331.

²⁷⁴ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1289.

²⁷⁵ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 212.

²⁷⁶ Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur*, bls. 213.

²⁷⁷ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1289.

²⁷⁸ Schönning, *Ophavsretsloven med kommentarer*, bls. 340.

höfundur sé tilgreindur og ekki sé um að ræða viðskiptalegan tilgang. Í greinargerð með dönsku lögnum er vísað til 42. skýringargreinar Infosoc við túlkun 23. gr.^{279,280}

Í hollensku máli reyndi á hvort brotið væri á einkarétti höfunda með eintakagerð þar sem listaverk var birt og dreift til nemenda án heimildar og án greiðslu fyrir notin. Hollensk höfundaréttarsamtök höfðuðu málið og sögðu eintakagerðina vera án heimildar og kröfðust þóknunar fyrir höfundinn. Útgefandinn bar fyrir sig réttinn til tilvísunar.²⁸¹ Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að ákvæðið heimilaði tilvísun í verk án heimildar ef það hefði ekki veruleg áhrif á hagnýtingu verksins samkvæmt höfundalögum. Nánar sagði dómurinn að „frjáls eintakagerð á list verði vera í tengslum við texta með þeim hætti að ekki sé hægt að líta á það sem einhverskonar hagnýtingu á umræddu listaverki.“²⁸² Með þessum dómi var ekki einungis vísað til reglna um tilvísun og notkunar við kennslu heldur var þriggja þrepa prófið jafnframt lagt til grundvallar.²⁸³

Í 3. mgr. sömu greinar er kveðið á um birtingu verka í almennri kynningu. Þ.e. myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri sem eru eftir sama höfund í sambandi við meginmál þá á höfundurinn rétt á þóknun.²⁸⁴ Með notkun samkvæmt þessari grein er um að ræða *afnotakvöð* þar sem höfundur hefur rétt á þóknun fyrir notin. Þegar um ræðir tilvísun í ljósmynd, sbr. að framan og myndin fellur undir vernd höfundalaga sem listaverk er verkið verndað í 70 ár frá andláti höfundar en ef verkið nýtur ekki þeirrar verndar sem listaverk nýtur er verkið verndað í 50 ár frá næstu áramótum eftir gerð þess.²⁸⁵

Af framan sögðu má sjá að ekki er tekið sérstaklega fram að heimildin í 14. gr. höfundalaga taki til notkunar við kennslu en ákvæðið er opið hvað varðar *almenna kynningu og í öðrum viðurkenndum tilgangi* sem leiðir til tiltekinnar óvissu. Samkvæmt framansögðu má komast að þeirri niðurstöðu að meðal annars sé nemendum og kennurum heimilt að vísa til birtra verka innan hæfilegra marka á grundvelli hefðar, sanngirni og meginreglna höfundaréttar. Auk þess að sæmdarréttar sé gætt.²⁸⁶ Á grundvelli 2. mgr. um tilvísun í listaverk (í heild sinni) væri unnt að færa fyrir því rök að kennurum væri heimilt að vísa í eitt einstakt listaverk

²⁷⁹ Sama heimild, bls. 342.

²⁸⁰ Í 42. skýringargrein Infosoc, segir að þegar takmörkun er beitt vegna fræðslu sem fara ekki fram í hagnaðarskyni skal það ákvarðast af starfseminni sem slíkri hvort hún er í hagnaðarskyni.

²⁸¹ Hoge Raad, Nederlandse Jurisprudentie frá árinu 1991.

²⁸² Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls.154

²⁸³ Sbr. dómsniðurstaða í Hoge Raad, Nederlandse Jurisprudentie frá árinu 1991.

²⁸⁴ Sbr. 3. mgr. 14. gr. höfundalaga.

²⁸⁵ Sbr. 43. gr. og 49. gr. höfundalaga.

²⁸⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005 – 2006, bls. 987.

í tengslum við texta. En þar sem ákvæðið er að því skilyrði uppfylltu að ekki sé um fjárhagslegan tilgang að ræða verður að svara hvort notkun við kennslu sér í fjárhagslegum tilgangi.²⁸⁷ Nánar verður vikið að því í kafla 5.4.1.

Í 15. gr. a. er kveðið á um heimild til ljósritunar að uppfylltu skilyrði um að gerður hafi verið samningur við réttthafasamtök sem annast hagsmunagæslu fyrir verulegan hluta höfunda og hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.²⁸⁸ Með slíkum samningi (samningskvöð) er tiltekin nýting heimiluð að áðurgengnu samkomulagi við heildarsamtök höfunda, að skilyrðum uppfylltum um að heimilda hafi verið aflað. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur undirritað samning, á grundvelli ákvæðisins, við Fjölís um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum sem gildir fyrir grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla.^{289, 290} Auk þess hafa fjölmörg sveitarfélög, kórar og tónlistarskólar gert slíkan samning.²⁹¹ Núverandi samningur tekur til hefðbundinnar ljósritunar og glæru- og skyggnerðar en ekki er heimilt að búa til rafræn eintök eða taka efni af Netinu og nota með rafrænum hætti.²⁹² Nánar tiltekið veitir samningur frá árinu 1999 heimild til ljósritunar og annarrar hliðstæðrar eftirgerðar höfundaverndaðra birtra verka til notkunar við kennslu í grunnskólum og við kennslu, rannsóknir, stjórnun og önnur störf í framhaldsskólum og háskólum. Jafnframt er afritun á glæru og skyggner heimil en samningurinn tekur ekki til fjölföldunar með öðrum hætti til dæmis með hljóðupptökum, myndböndum og kvikmyndum.²⁹³ Sérstaklega er tekið fram í samningunum hversu mikið efni samningsaðila er heimilt að ljósrita eða gera eintök á annan hliðrænan hátt. Heimilt er að fjölfalda úr hverju útgefnu efni 20% hið mesta en þó aldrei meira en 30 blaðsíður. Þá má kennari eingöngu fjölfalda eitt eintak á hvern nemanda auk kennslueintaks af tilteknu efni.²⁹⁴ Þessi fjölföldun er eingöngu heimiluð til bráðabirgðanotkunar og því er ekki heimilt að geyma eintök í birgðum. Jafnframt er kennurum óheimilt að fjölfalda með þeim hætti að um sé að ræða útgáfu. En

²⁸⁷ Þar sem metið er hvort notkun við kennslu sér í fjárhagslegum tilgangi.

²⁸⁸ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1992, bls. 4193–4196.

²⁸⁹ Fjölís eru réttthafasamtök fyrir Bláðamannafélag Íslands, Félag íslenskra bókaútgefenda, Myndstef, Hagþenki, Stef og Rithöfundasamband Íslands. Aðgengilegt á vefslóð:
<http://www.fjolis.is/Fjölís/Umsamtökin/AðildafélögFjölís.aspx>.

²⁹⁰ Samningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fjölís. 1999–2001. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/dreifibref/nr/535>

²⁹¹ Samningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fjölís .

²⁹² Sbr. Samningur Fjölís um ljósritun í skólum. Aðgengilegt á vefslóð:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/dreifibref/nr/535>

²⁹³ <http://www.fjolis.is/Fjölís/SamningarFjölís/Staðlaðursamningur.aspx>

²⁹⁴ Samkvæmt heimasíðu Fjölís veitir samningurinn eingöngu heimild til að fjölfalda eitt eintak á ári á hvern nemanda. Aðgengilegt á vefslóð: <http://fjolis.is/Frettir/tabid/115/articleType/ArticleView/articleId/17/Fjolis-minnir-a-innihald-samninga-um-ljosritun-i-skolum.aspx>.

útgáfa er þegar efni er dreift til almennings.²⁹⁵ Frá undirritun samnings mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fjölís hafa ýmsar tækninýjungar komið fram og hefur því þótt ástæða til að áréttu gildissvið samningsins. Á háskólastigi var gerður tilraunasamningur milli Háskólans á Akureyri og Fjölís sem tók til stafrænnar eintakagerðar á verkum sem notuð voru við kennslu í Háskóla Akureyrar.²⁹⁶ Sá samningurinn gildi í eitt ár en í kjölfar hans var gerður nýr samningur undirritaður 23. júní 2008 við alla háskóla landsins um stafræna notkun í skólum.²⁹⁷ Ekki hefur verið gerður samningur um stafræna notkun í grunn- og framhaldsskólum, en réttthafasamtökin Myndstef bjóða heildarsamning á Íslandi fyrir stafræna notkun myndverka við kennslun rétt eins og Danir hafa gert.^{298,299} Slíkur samningur veitir nemendum og kennurum heimildir til notkunar á vernduðu myndefni í stafræna umhverfinu. Nánar verður vikið að því í kafla 5.6.³⁰⁰

Í 17. gr. er veitt heimild til að birta höfundavarin verk í safnverkum, þar sem tekið er saman úr verkum margra höfunda og er ætlað til notkunar meðal annars til skólakennslu eða úrvarpskennslu.³⁰¹ Heimildin er þó eingöngu til staðar í þeim tilvikum þegar ekki er um fjárhagslegan tilgang að ræða. Frá því að verkin urðu til þurfa að vera liðin 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra. Ákvæðið veitir notendum heimild til að setja saman efni án samþykkis höfundar, en höfundur á rétt á þóknun. Hér er um að ræða *afnotakvöð* þegar heimilt er að nota verk án samþykkis höfundar.³⁰² Skilyrði fyrir notkun á myndum eða teikningum af listaverkum samkvæmt ákvæðinu, er að verkin verða að vera í samhengi við meginmál ritanna.³⁰³ Geti notandi ekki nálgast efni vegna tæknilegra ráðstafanna og liðnar eru

²⁹⁵ Sbr. 4. gr. samnings um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fjölís, 1999-2001.

²⁹⁶ Samningur um stafræna eintakagerð í Háskólanum á Akureyri, Fjölís 2000.

²⁹⁷ Samningur um stafræna eintakagerð í háskólum, Fjölís, Háskólar 2008. Í samningnum er ítrekað að hann taki ekki til fjölföldunar með öðrum hætti, til dæmis ljósritun eða önnur hliðstæð eftirgerð eða upptökur á hljóðrit, myndbönd eða kvikmyndir.

²⁹⁸ Myndstef: „Tilgangur samtakanna er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu á þessu sviði“. Aðgengilegt á vefslóð: <http://myndstef.is/islenska/um-myndstef/hvad-er-myndstef/>.

²⁹⁹ Sbr. Rammasamningur Copydan. Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.billedkunst.dk/Libraries/PDF/bk_rammeaftale_billeder_grundskole.sflb.ashx

³⁰⁰ Kristín Magnúsdóttir, „Tryggir löglega notkun myndefnis af Netinu“. Myndstefsverðanin 2008.

Aðgengilegt á vefslóð: http://www.athygli.is/athygli/images/stories/utgafa/myndstef_2008_LR.pdf.

³⁰¹ Hér er um að ræða bókmenntaverk, tónverk, myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum sbr. 3. mgr. 1. gr. höfundalaga.

³⁰² *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1289.

³⁰³ Sbr. 2. tl. 1. mgr. 17. gr. laganna.

fjórar vikur frá beiðni notandans, getur úrskurðarnefnd gert rétthafa að veita notanda aðgang að þeim úrræðum sem eru nauðsynleg til að notandinn geti nýtt sér efnið.³⁰⁴

Undantekning frá meginreglu 1. mgr. 17. gr. er að finna í 2. mgr. 17. gr. sem kveðið er á um verk sem *sérstaklega hafa verið samin* til notkunar við skólakennslu, en slík verk má ekki birta í safnverkum án samþykkis höfundar enda hafi höfundur ætlað að verkið væri notað við skólakennslu. Með þessu er komið í veg fyrir að höfundur verði af tekjum. Telja verður að með ákvæðinu sé uppfyllt skilyrði þriggja þrepa prófsins þar sem reynt er að meta hagsmuni höfunda við hagsmuni notenda þar sem eðlileg hagnýting og lögmætir hagsmunir vegast á. Í þessu tilviki semur höfundurinn sérstaklega skólabók sem hugsanlega veitir honum tekjur til framtíðar. Því verður að fallast á að hann hafi lögmæta hagsmuni af sölu bókarinnar og því beri að veita honum vernd samkvæmt því. Fyrirnefnt ákvæði svipar til 18. gr. dönsku höfundalaganna en umræddar heimildir í ákvæði dönsku höfundalaganna gilda eingöngu í þágu menntunar.

Í 18. gr. höfundalaga er fræðslufirvöldum veitt heimild til upptöku birtra verka á *hljóðrit* til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Þó er óheimilt að taka upp efni til dæmis af hljómplötum eða öðrum hljóðritum sem eru til sölu á almennum markaði. Samkvæmt því má leiða það af eðli máls að það taki til upptöku af geisladiskum og öðrum tækjabúnaði til upptöku sem orðið hefur til í tímans rás.³⁰⁵ Með þessu ákvæði hefur skólum verið gert kleift að endurflytja efni á skólatíma sem þegar hefur verið útvarpað. Höfundurinn fær greitt fyrir flutninginn frá útvarpsstofnunum og þar með ætti endurflutningur sem þessi að skipta hann litlu máli. Sú ábyrgð er sett á fræðslufirvöld að rétt sé farið með umrædda heimild og ber því forsjá málsins.³⁰⁶ Kennarar hafa nýtt sér heimildina samkvæmt þessu ákvæði til endurflutnings á útvarpsefni í kennslustund.³⁰⁷

Í 19. gr. er kveðið á um heimild til eftirgerðar og dreifingar eintaka af verkum fyrir blinda, sjónskerta, heyrnarlausu, leshamlaða og aðra sem ekki geta nýtt sér venjulegt prentmál. Sambærilegt ákvæði er í 17. gr. dönsku höfundalaganna. Þar hefur ákvæðið verið túlkað með þeim hætti að áhersla er lögð á að heimildin sé eingöngu veitt þegar um er að ræða líkamlegrar eða sálrænar ástæður fyrir því að aðili getur ekki nýtt sér prentað mál. Til að

³⁰⁴ Sbr. 50. gr. c. höfundalaga.

³⁰⁵ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1290.

³⁰⁶ Sama heimild, bls. 1290.

³⁰⁷ Viðtal höfundar við Birnu Vilhjálmsdóttur kennara, 4. desember 2011.

mynda væri ekki heimilt að gera eintök af vernduðu verki fyrir til dæmis ólæs forskólabörn.³⁰⁸

Upphaflega voru undanþága og takmörkun á höfundarétti eingöngu ætluð blindum og leyft var að ljósmynda verk til notkunar í heyrnar- og málleysisjaskólum. Ákvæðið stóð óbreytt til ársins 2006 en þá var breyting á lögnum og heimilað var að dreifa og gera eintök fyrir „blinda, sjónskerta, heyrnarlausu, lestrarhamlaða eða aðra þá sem eru ófærir um að nýta sér venjulegt prentað mál til lestrar.“³⁰⁹ Ákvæðið hefur verið túlkað með þeim hætti að það taki til dreifingar með rafrænum hætti á Netinu.³¹⁰ Þá er talið að heimildin taki til „skönnunar efnis á stafrænt form til þess að hægt sé að nota forrit sem geta lesið stafræn skjöl, en eingöngu ef það er ekki gert í atvinnuskyni.“³¹¹

Í fyrstu veitti ákvæðið ekki heimild til eftirgerðar á hljóðupptöku né heldur dreifingu verka með leigu eða útláni til almennings. Lagt var til að slíkar hömlur á dreifingarréttinum yrðu lagðar af þar sem engar skýringar væri að finna í lögskýringargögnum sem réttlættu slíkar hömlur. Niðurstaðan var sú að fella burt orðin *heimilar ekki dreifingu eintaka með útláni eða með leigu til almennings* og eftir stóð að ekki væri heimil eftirgerð hljóðupptöku samkvæmt 1. mgr. 19. gr.³¹² Á þessu er undantekning í 3. mgr. sömu greinar þar sem með hljóðupptöku er heimilt að gera eintök af bókmenntaverkum til þess að lána fyrirnefndum aðilum ef ekki er um fjárhagslegan tilgang að ræða. Í öllum tilvikum þegar um ræðir eintakagerð samkvæmt þessari málsgrein á höfundurinn rétt á sanngjarnri þóknun.³¹³

Með 19. gr. var komið til móts við sérþarfir nemenda og gerir hún kennurum kleift að uppfylla skilyrði 13. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 um að allir nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi og 34. gr. framhaldsskólalaga nr. 92/2008 um rétt nemenda með sérþarfir. Heimildin sem ákvæðið veitir hefur verið nýtt í skólum, til dæmis í samfélagsfræði og öðrum lesgreinum fyrir leshamlaða nemendur og aðra sem ekki geta nýtt sér prentað mál.³¹⁴ Þó hafa önnur úrræði jafnframt boðist kennurum og nemendum þar sem Námsgagnastofnun hefur birt

³⁰⁸ Schönning, *Ophavsretsloven med kommentarer*, bls. 301.

³⁰⁹ Frumvarp til laga um höfundarétt, þskj. 912, 523. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0912.html>. [Sótt á vefinn 16. nóvember 2011].

³¹⁰ Sama heimild.

³¹¹ Rán Tryggvadóttir, „Heimildir (bóka) safna til eintakagerðar og dreifingar á efni sem lýtur höfundarétti“, bls. 405.

³¹² Frumvarp til laga um höfundarétt, þskj. 912, 523. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0912.html>. [Sótt á vefinn 16. nóvember 2011].

³¹³ Sbr. 3. mgr. 19. gr. höfundalaga.

³¹⁴ Viðtal höfundar við Birnu Vilhjálmsdóttur kennara, 4. desember 2011.

kennsluefni á Netinu í samfélagsfræði og öðrum lesgreinum og hefur verið gert aðgengilegt fyrir kennara og nemendur á þann hátt að skólar kaupa aðgengi að efninu.³¹⁵

Í 1. tl. 1. mgr. 21. gr. er tekið fram að opinber flutningur er heimill þegar um ræðir fræðslustarfsemi. Ef greitt er fyrir opinbera flutninginn (til dæmis með aðgangseyri) þá ber að greiða höfundi þóknun. Ákvæðið tekur til kynningar á menntun og menningu en þá ber höfundi ekki greiðsla þóknunar fyrir flutninginn. Ákvæðið hefur verið túlkað með þeim hætti „að það eigi ekki við um öll vernduð verk, aðeins bókmenntaverk og tónverk“.³¹⁶ Leiksviðsverk og kvikmyndir falla ekki undir gildissvið ákvæðisins, sbr. 2. mgr. 21. gr. höfundalaga. Jafnframt er ekki heimil eintakagerð eða útgáfa á verki samkvæmt ákvæðinu. Sambærilegt ákvæði er í 21. gr. dönsku höfundalaganna þar sem skólum er sérstaklega veitt undanþága á notkun í atvinnuskyni. Á hinn bóginn er sú undanþága ekki heimil ef um er að ræða flutning á skólatónleikum þar sem byggt er að verulegu leyti á einu tilteknu verki. Með þessu ákvæði er til dæmis barnakórastarfi veitt tiltekið frelsi til opinbers flutnings innan skólans og kynningar á bekkjarkvöldum á starfi nemenda með upplestri eða söng.

5.4.1 Hefur notkun á vernduðu efni við kennslu fjárhagslega þýðingu eða fjárhagslegan tilgang?

Vísað er til þess í 2. mgr. 12. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. höfundalaga hér að framan að tiltekin notkun megi ekki hafa fjárhagslegan tilgang. Hugtakið *fjárhagslegur tilgangur* hefur verulega þýðingu við skilgreiningu á því hvort notkun við kennslu hafi fjárhagslega þýðingu fyrir höfundinn. Með því að skýra nánar hvað felst í inntaki hugtaksins geta kennarar og aðrir notendur betur gert sér grein fyrir því hvort notkun samkvæmt þessum ákvæðum sé þeim heimil. Vekur það athygli að í könnun sem gerð var meðal kennara, að þeir virtust ekki vita hvað var heimilt og hvað var óheimilt að gera á Netinu.³¹⁷ Má leiða að því líkum að það sé meðal annars tilkomið af óskýrleika hugtaksins.

Í greinargerð með höfundalögnum er að finna upplýsingar hvernig skýra beri hugtakið *fjárhagslegur tilgangur*. Þar segir að hugtakið sé notað í víðum skilningi og taki bæði til beinnar og óbeinnar atvinnustarfsemi. Ef birting fer fram í þeim tilgangi að skila rekstrarafgangi kunni slík birting að teljast fara fram í fjárhagslegum tilgangi. Á hinn bóginn

³¹⁵ Sbr. Námsgagnastofnun. Aðgengilegt á vefslóð: <http://namsgagnastofnun.is>

³¹⁶ *Alþingistíðindi*, A–deild, 1971, bls. 1291.

³¹⁷ Sbr. kafli 5.5. og Viðauki.

er ekki um birtingu í fjárhagslegum tilgangi að ræða ef birtingin fer fram gegn sanngjörnu endurgjaldi til að mæta kostnaði sem hlýst af birtingunni.³¹⁸

Með framangreindri túlkun á tilvitnunarréttinum væri kennurum ekki heimilt að birta myndir og teikningar af þegar birtum verkum þar sem kveðið er á um að sú notkun megi ekki vera í fjárhagslegum tilgangi. En með greiðslu þóknunar til höfunda væri unnt að fallast á notkunarheimild.

Þrátt fyrir skýringar sem þessar á ofangreindum hugtökum ber samkvæmt Bernarsáttmálanum og öðrum alþjóðasamningum að skoða allar takmarkanir út frá þriggja þrepa prófinu. Við þá skoðun ber að skoða hvort notkun við kennslu uppfylli skilyrði prófsins. Þar sem notkun við kennslu er sérstakt tilvik getur notkunin talist vera sérstakt tilfelli og má þá fallast á það sjónarmið að notkun við kennslu geti uppfyllt fyrsta skilyrði þriggja þrepa prófsins.³¹⁹ Þá reynir á hvort unnt sé að halda því fram að hún uppfylli annað skilyrði prófsins þar sem notkun má ekki stríða gegn eðlilegri. Við það mat eru hagsmunir höfunda bornir samam við hagsmuni notenda eða með öðrum orðum skoðað hversu langt megi ganga á rétt höfunda til að uppfylla sjónarmið um fræðsluhlutverk skóla hagnýtingu höfunda.³²⁰ Að lokum verður að skoða síðasta skilyrði prófsins um að notkun megi ekki skerða með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni höfunda borið saman við hvort notkun við kennslu hafi fjárhagslegan tilgang, sem geti leitt til ósanngjarnar niðurstöðu fyrir höfundinn. Hér vegast á ólík sjónarmið og þótt þriggja þrepa prófið sé á vissan hátt leiðbeinandi um hvernig ber að túlka þau not hafa alþjóðasamningar og höfundalög ekki svarað því með fullnægjandi hætti hvort notkun við kennslu teljist vera í fjárhagslegum tilgangi.

Það vekur athygli að í 17. gr. sem fjallar um þær stofnanir sem er heimil notkun samkvæmt ákvæðinu er heimiluð notkun í þágu skólakennslu, en í lok málsliðarins segir þó að notkun megi ekki vera í fjárhagslegum tilgangi. Má af þessu orðum leiða að notkun við kennslu sé hugsanlega ekki í fjárhagslegum tilgangi? Þrátt fyrir það hvernig ákvæðið er orðað verður að telja að löggjafinn hafi fremur ætlað að koma í veg fyrir til dæmis útgáfu á vernduðu efni í fjárhagslegum tilgangi.

³¹⁸ *Alþingistíðindi*, A–deild, 2005–2006, bls. 987.

³¹⁹ Senftleben, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test*, bls. 160.

³²⁰ Ricketson, WIPO, „Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Environment“, bls. 76.

Nauðsynlegt er að veita höfundum jafnt sem notendum skýrari sýn á hvað er heimilt og óheimilt að gera með tilliti til notkunar á vernduðu efni við kennslu. Hér hafa verið leidd fram tiltekin rök fyrir því að notkun á vernduðu efni við kennslu geti haft fjárhagslegan tilgang. Með lögboðnum ákvæðum í höfundalög sem annað hvort heimila sérstaka notkun til kennslu eða með lögboðnu samningsákvæði (samningskvöð eða *afnotakvöð*) um greiðslu þóknunar verður að telja að með því sé hagsmunum höfunda gætt og veitir kennurum jafnframt tiltekin svör um hvað má og má ekki með tilliti til notkunar á vernduðu efni við kennslu.

5.5 Könnun á notkun myndverka af Netinu í skólum - samantekt

Til að meta starfsumhverfi kennara með tilliti til notkunar á vernduðu efni til kennslu af Netinu var gerð könnun meðal kennara um notkun myndverka af Netinu í skólum. Haft var samband við ýmsa grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni og óskað eftir að kennarar skólans svöruðu nokkrum spurningum. Misjafnlega var tekið í þá ósk en nokkrir skólar voru þó jákvæðir og tóku fúslega þátt í könnuninni. Í viðauka I er lýst þeim aðferðum sem beitt var við könnunina og niðurstöður eru birtar í töflum og með súluritum en hér verður birt samantekt á helstu niðurstöðum könnunarinnar. Tilgangur könnunarinnar var að kanna hvort skólar hefðu myndað sér stefnu um notkun á myndefni af Netinu og jafnframt var þekking kennara á höfundarétti könnuð. Auk þess var kannað hver notkun kennara er á myndefni af Netinu og þörf þeirra á að geta notað það myndefni sem þar er.

Kynjadreifing í úrtakinu var ójöfn þar sem rúmlega 85% þátttakenda voru konur og tæplega 15% þeirra voru karlar (sjá töflu 1) en aldursdreifing þátttakenda var nokkuð jöfn (sjá töflu 2). Rauntölur kvenna í kennslu á höfuðborgarsvæðinu eru 81,2%.

Þegar spurt var hvort skólinn sem viðkomandi þátttakandi kennir við hafi myndað sér stefnu um notkun á myndefni af Netinu svöruðu 64% þátttakenda því neitandi og 4% svaraði játandi. 32% þátttakenda sögðust ekki vita hvort skólinn hefði myndað sér slíka stefnu (sjá mynd 1). Í 64% tilvika svöruðu þátttakendur því að ekki væri umfjöllun um höfundarétt í skólanum sem þeir kenndu við (sjá töflu 3). Samkvæmt þessu verður að telja að þörf sé á úrbótum í þessu efni og skólar marki sér þá stefnu sem þeir ætlast til að kennarar og nemendur fylgi.

Í 68% tilvika töldu þátttakendur sig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni (sjá töflu 4). En þegar spurt var hversu lengi höfundaréttur héldist eftir andlát höfunda svöruðu tæplega 30% þátttakenda spurningunni rétt, en rétt svar var 70 ár (sjá töflu 5). Eftirtektarvert er að ekki var fylgni milli þess hvort kennarar töldu sig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni og hvort þeir svöruðu rétt spurningunni um höfundarétt. Telja verður grundvallaratriði að vita hversu lengi höfundaréttur helst því þegar vernd fellur niður er kennurum og nemendum heimilt að nýta sér efni við kennslu að skilyrðum uppfylltum um sæmdarrétt.

Þegar spurt var hvort myndefni hefði verið sótt af Netinu og notað við kennslu? Sögðust rúmlega 70% þátttakenda hafa sótt sér myndefni af Netinu og notað við kennslu (sjá töflu 6).

Af þeim 75 þátttakendum sem svöruðu könnuninni sögðust 24 ekki vita hvaða notkun væri heimil á höfundavernduðu efni og 75% þeirra (þ.e. af þeim 24 þátttakendum) sögðust hafa sótt sér myndefni af Netinu og notað við kennslu (sjá töflu 7). Samkvæmt þessu má leiða að því líkum að kennarar séu í einhverjum tilvikum að nota efni af Netinu hvort sem það er heimilt eða óheimilt.

Ef horft er til þess að 60% þátttakenda töldu þörf (frekar mikla til mjög mikla þörf) á að geta notað myndefni af Netinu við kennslu en vissu ekki hvaða notkun væri heimil á höfundavernduðu efni (sjá mynd 3), verður að draga þá ályktun að þörf sé á verulegum úrbótum. Jafnframt, í ljósi þess að rúmlega eitt hundrað þúsund nemendur og kennarar starfa á hverjum degi í skólum landsins verður að telja að verulegir hagsmunir séu fyrir höfunda jafnt sem notendur að réttarstaða þeirra sé ljós.³²¹

5.6 Hvaða notkun er kennurum nauðsynleg til kennslu?

Niðurstaða framangreindrar könnunar er sú að stór hluti kennara hefur ekki viðhlýtandi vitneskju um hvað má og hvað má ekki þegar um ræðir notkun á vernduðu myndefni af Netinu. Heimildir kennara til notkunar á vernduðu efni í hliðrænu og stafrænu formi er annars

³²¹ Alls voru 105.372 nemendur og kennarar starfandi í skólum landsins árið 2010 þ.e. í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum, Aðgengilegt á vefslóð: [www.http://hagstofa.is](http://hagstofa.is).

vegar að finna í höfundalögum og hins vegar í samningum sem gerðir hafa verið fyrir tilstuðlan mennta- og menningarmálaráðuneytisins.³²²

Með hliðsjón af höfundalögum, alþjóðasamningum og Infosoc tilskipuninni sem fjallað hefur verið um hér að framan, verður að telja að kennurum sé í dag óheimilt að gera stafræn eintök af myndum svo og að nota myndir úr bókum, dagblöðum, tímaritum og öðrum prentmiðlum og setja á stafrænt form og nota við kennslu og til birtingar í kennsluefni kennara. Auk þess verður að telja að kennarar hafi ekki heimildir til að setja verndaðar stafrænar myndir á innranet skóla eða á smarttöflur án þess að höfundur fái þóknun fyrir notkunina.³²³ Byggir það á því að skóli telst ekki vera menntastofnun í skilningi c-liðar 2. mgr. 5. gr. Infosoc þar sem ætla verður að skólar séu reknir í hagnaðarskyni í skilningi Infosoc. Gildir þá einkaréttur höfunda til eintakagerðar, birtingar og miðlunar, sbr. 2. og 3. gr. höfundalaga, 2. gr. og 2. tl. 3. gr. Infosoc.

Telja verður nauðsynlegt að víkka notkunarmöguleika kennarar á vernduðu efni við kennslu á stafrænu formi. Annars þurfa kennarar, í hvert sinn sem þeir ætla að nota efni verndað efni af Netinu við kennslu, að biðja viðeigandi höfund um leyfi fyrir notkuninni. Þetta getur bæði verið erfitt og tímafrekt þegar verið er að nota efni eftir marga myndhöfunda. Til eru sérstök úrræði til að gera notkun aðgengilegri þar sem rétthafasamtök hafa gert heildarsamninga fyrir aðildarfélagum gegn þóknun. Með því að skólar geri samning við rétthafasamtök næst til allra höfunda jafnt innan sem utan rétthafasamtakanna.³²⁴ Skólum stendur til boða samningur sem heimilast stafræna notkun myndverka til sýningar og kennslu í skólum gegn hæfilegri þóknun.³²⁵

Samkvæmt því sem sagt hefur verið í 5. kafla verður að telja að ekki sé að finna auknar heimildir fyrir notkun við kennslu. Á hinn bóginn skortir heimildir fyrir grunn- og framhaldsskóla fyrir stafrænni eintakagerð í skólum og gæti heildarleyfi á grundvelli samningskvaða veitt kennurum nægilegar heimildir til notkunar á myndefni og gera þeim kleift að umgangast höfundarétt og Netid á löglegan hátt.

³²² Sbr. samninga við Fjölís.

³²³ Innranet er lokað vefsvæði og aðeins skráðir notendur hafa aðgang. Smarttafla er stafræn tafla sem gerir kennurum kleift að sýna með stafrænni sýningarvél, sbr. Samning um stafræna notkun myndverka í skólum. Myndstef 2008.

³²⁴ Sbr. 15. gr. a höfundalaga og umfjöllun í kafla 5.4. um samninga rétthafasamtaka.

³²⁵ Samningur um stafræna notkun myndverka í skólum. Myndstef 2008.

6 Hvert á að stefna með undanþágur og takmarkanir á höfundarétti og notkun í skólum?

Alþjóðasamningar veita okkur vissa sýn á hvert á að stefna í höfundarétti og sífelldar endurskoðanir á þeim reglum sem gilda á því sviði eru á þrjónum alþjóðastofnana, eins og WIPO og Evrópusambandinu. Þar er töluverð umræða um takmarkanir og undanþágur og ekki síst hvernig þær takmarkanir snúa að notkun á vernduðu efni við kennslu og skóla.³²⁶

Danmörk er það land sem við berum okkur helst saman við þegar horft er til nærumhverfis og hver staðan er þar. Það sem vekur eftirtekt í dönsku höfundalögum er sérákvæði beint að skólum sérstaklega, um heimildir þeirra til eintakagerðar á höfundavernduðu efni, sbr. 13. gr. dönsku höfundalaganna. Um 1. mgr. 13. gr. (sem er sambærileg við 15. gr. a í höfundalögum) kemur fram í skýringum við lögina að ákvæðið veiti með samningum heimildir fyrir menntastofnanir til birtinga á höfundavernduðu efni m.a. til ljósritunar og stafrænnar eintakagerðar.³²⁷ Ákvæðið veitir ekki almennan rétt til eintakagerðar, þar sem eingöngu er heimilt að nota eintökin innan fræðslustofnunarinnar.³²⁸ Framangreindur samningur tekur eingöngu til birtra verka en ekki er heimilt að ljósrita eða gera stafræn eintök af óbirtu verki án samnings við höfund. Auk þess eru sérstakar reglur um kvikmyndir og upptökur á eigin verkum og edb-prógröm.³²⁹

Þá vekur sérstaka athygli í fjórðu málsgrein 13. gr. dönsku höfundalaganna þar sem upptökur á efni nemenda er heimil en sérstaklega er kveðið á um að óheimilt sé að nota upptökur á efni nemenda með öðrum hætti. Þetta þýðir að ekki má til dæmis birta efni nemenda utan skóla. Telja verður að þetta ákvæði veiti kennurum góða leiðsögn um hvað sé heimilt og óheimilt að gera í tilvikum sem þessum. Samkvæmt framansögðu verður að telja að 13. gr. dönsku höfundalaganna sé sett skýrt fram og verður það að teljast til fyrirmyndar.

Í hugleiðingarskyni má velja því fram hvort grundvöllur sé fyrir því að veita kennurum í sérstökum tilvikum heimild til að nota verndað efni við kennslu þegar efni er birt á Netinu af

³²⁶Sbr. skýrslur WIPO um takmarkanir og undantekningar á höfundarétti: *Study on Limitations and exceptions to Copyright and Related Rights for the Purposes of Educational and Research activities in Latin America and the Caribbean; Study on Limitations and Exceptions for Copyright and Related Rights for Teaching in Africa; Study on Copyright Limitations and Exceptions for the Benefit of Educational Activities for Asia and Australia. Study on Copyright Limitations and Exceptions for Educational Activities in North America, Europe, Caucasus, Central Asia and Israel; Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Environment; Exceptions and Limits to Copyright and Neighboring Rights*, og svo frv. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.wipo.int/copyright/en/limitations/studies.html>.

³²⁷ Sbr. gera þarf samning við höfundaréttarsamtök, auk gagnkvæmissamninga vegna fjölföldunar á erlendu efni, sbr. 50. gr. dönsku höfundalaganna.

³²⁸ Schønning, *Ophavsretsloven med kommentarer*, bls. 262 - 264.

³²⁹ Sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. dönsku höfundalaganna.

stofnun (til dæmis safn) sem hefur þegar greitt til höfundaréttarsamtaka fyrir þá birtingu. Þessi hugleiðing byggist á fyrrnefndri takmörkun 18. gr. höfundalaga þar sem höfundar hafa þegar fengið greitt frá útvarpsstofnun og fallist var á að endurflutningur á útvarpsefni í skóla ætti að skipta höfunda litlu máli. Hér væri beitt löggjöfnun, eingöngu er um að ræða mismunandi tækni sem gerir endurflutning kleifan. Það skal ósagt látið, en vissulega hugleiðingarefni hvort takmörkun af þessu tagi myndi uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófs Bernarsáttmálans (og WCT)?

Í nýlegri rannsókn um takmarkanir á höfundarétti til menntunar meðal annars í Evrópu, þykja Norðurlöndin vera með nokkra sérstöðu í nálgun höfundaréttar og notkunar á vernduðu efni við kennslu. Sú sérstaða er fólgin í því að veitt er heimild til notkunar á vernduðum verkum við kennslu með samningum við höfundaréttarsamtök.³³⁰ Í Danmörku hafa höfundaréttarsamtökin *Copydan* gert samning við hina ýmsu skóla landsins sem veitir jafnt nemendum sem kennurum í skólum heimild til að skanna, prenta, vista, senda tölvupóst, sækja og hala niður efni á innraneti skóla gegn hæfilegu gjaldi (danska leiðin).³³¹ Þó er þessi heimild ekki án takmarkana þar sem einungis er heimilt að hlaða niður úr hverju verki 20% eða 30 blaðsíðum; það fer eftir stærð verksins.³³² Jafnframt hafa Norðurlöndin veitt heimild til sýninga (e. performance) á útgefnum bókmenntaverkum og tónlist við sérstök tækifæri innan skóla.³³³

Á Íslandi var undirritaður samningur vegna ljósritunar og hliðstæðra eftirgerða í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum milli Fjölís og mennta- og menningarmálaráðuneytisins á grundvelli 2. mgr. 15. gr. a og var vikið að í kafla 5.4.³³⁴ Samningurinn heimilar ekki útgáfu en sömu reglur gilda um magn þess sem heimilt er að fjölfalda og hjá hinum Norðurlandþjóðunum.³³⁵ Núverandi samningur tekur til hefðbundinnar ljósritunar, glæru og skyggngugerðar en ekki er heimilt að búa til rafræn eintök

³³⁰ Xalabarder, *Study on Copyright limitations and exceptions for educational activities*, bls. 81.

³³¹ Sbr. Rammasamning *Copydan*. Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.billedkunst.dk/Libraries/PDF/bk_rammeaftale_billeder_grundskole.sflb.ashx

³³² *Copydan*, tekstur og nótur, *Når du kopierer og printer*. Aðgengilegt á vefslóð.
http://www.tekstognode.dk/Libraries/Aftaler_undervisning/Vejledning_til_Almindelig_aftale.sflb.ashx.

³³³ Xalabarder, *Study on Copyright limitations and exceptions for educational activities*, bls. 88.

³³⁴ Sbr. umfjöllun í kafla 5.4. um 15. gr. a.

³³⁵ Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Aðgengilegt á vefslóð:
<http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/dreifibref/nr/535>.

eða taka efni af Netinu og nota með rafrænum hætti.³³⁶ Því er ljóst að með nýrri tækni þarf að bæta samninginn með þeim hætti að koma til móts við nútíðina og vonandi framtíð. Við þessu hefur verið brugðist með undirritun samnings við háskólana en grunn- og framhaldsskólar standa eftir.³³⁷ Myndstef býður skólum sambærilegan heildarsamning og Danir hafa boðið dönskum skólum, sem veitir nemendum og kennurum heimildir til notkunar á vernduðu myndefni af Netinu. Með samningi er kennurum heimilt að gera stafræn eintök af myndum úr bókum, dagblöðum, tímaritum og öðrum prentmiðlum og setja á stafrænt form, nota síðan myndirnar við kennslu og til birtingar á innriveskóla og á smarttöflum í skólastofum.³³⁸

Höfundaréttarsamtök á Norðurlöndunum hafa átt í samstarfi þar sem meðal annars er horft til þess hver staðan er í höfundarétti í hverju landi. Slík samvinna hefur leitt til samræmingar á höfundarétti á Norðurlöndunum. Menningar- og menntamálanefndir Norðurlandanna hafa fundað um hvernig framfylgja megi höfundarétti á Netinu. Á fundi menningar- og menntamálanefndar Norðurlandaráðs kom fram eftirfarandi tillaga um:

...að undirbúa og framkvæma fræðsluáttak fyrir börn og unglunga í skólum og samtök neytenda, þar sem greint er frá mikilvægi höfundaréttar og hvaða afleiðingar brot á honum geta haft á listafólk, réttihafa og þjóðfélagið í heild.³³⁹

Ljóst er að samfélagið hefur tilteknum skyldum að gegna í uppeldi barna og unglunga. Hluti af þeim skyldum er að kenna nemendum að þekkja lög og reglur sem gilda um notkun verndaðs efnis jafnt á hliðrænu sem og stafrænu formi. Í aðalnámskrá grunnskóla um upplýsinga- og tæknimennt er eitt af markmiðum námskrárinnar að hver nemandi „geri sér grein fyrir *siðferðislegri og lagalegri* ábyrgð sem fylgir því að vinna með upplýsingar og hafi tileinkað sér tilhlýðilegar venjur og reglur þar um.“³⁴⁰ Samkvæmt því verður að gera þá kröfu að kennurum sé kennt hvernig á að umgangast höfundarétt og Netid á löglegan hátt svo þeir geti miðlað þeirri þekkingu til nemenda. Til þess þarf löggjafarvaldið að setja skýrari reglur um hvað er heimilt og hvað er óheimilt með tilliti til notkunar á vernduðu efni við kennslu og

³³⁶ Fjölís.is. Aðgengilegt á vefslóð:

<http://www.fjolis.is/Frettir/tabid/115/articleType/ArticleView/articleId/17/Fjolis-minnir-a-innihald-samninga-um-ljosritun-i-skolun.aspx>.

³³⁷ Sbr. Samningur um stafræna eintakagerð í háskólum, Fjölís, Háskólar 2008.

³³⁸ Kristín Magnúsdóttir, „Tryggir löglega notkun myndefnis af Netinu“. Myndstefsverðunin 2008. Aðgengilegt á vefslóð: http://www.athygli.is/athygli/images/stories/utgafa/myndstef_2008_LR.pdf.

³³⁹ Norðurlandaráð, „Nefndartillaga um að framfylgja höfundarétt i á netinu“. Lagt fram af: Menningar og menntamálanefnd. Númer skjals 09-00267-8. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.norden.org/is/nordurlandarad/erindaskra/a-1482-kultur>.

³⁴⁰ Aðalnámskrá grunnskóla, *Upplýsinga og tæknimennt*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík 2007, bls. 9. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>.

veita mennta- og menningarmálaráðuneytinu heimild til kynningarátaks á höfundarétti í skólum.

7 Niðurstöður

Í ölduróti samtímans þar sem sífelld framþróun á sér stað í tæknimálum verður mönnum stundum orða vant og eiga þá erfitt með að tileinka sér hvað má og hvað má ekki þegar um ræðir notkun á því efni sem býðst, til dæmis Netinu. Njáll sagði forðum í vörn fyrir vin sinn Gunnar, að með lögum skyldi land byggja en með ólögum eyða.³⁴¹ Þessi orð minna á nauðsyn þess að hafa góðan lagaramma sem gefi fagaðilum og öllum almenningi kleift að athafna sig innan hans.

Eignarréttur hefur verið álitamál manna frá upphafi og heimspekingar hafa velt upp þeirri spurningu hvernig eignarrétturinn sé tilkominn. Skrifað hefur verið að hann hafi komið til af því að samfélög ákváðu að setja mönnum mörk og lög til að hafa stjórn á eignum einkaaðila innan samfélagsins og með því var komist að samkomulagi um skipan eignarréttarins.³⁴² Höfundum er tryggður eignarréttur á verkum sínum í höfundalögum og samkvæmt þeim rétti hefur hann einn rétt til að gera eintök og birta verk sín almenningi.³⁴³ Þó hefur eignarrétti höfunda verið sett takmörk og undantekningar, þar sem hagsmunum höfunda víkja fyrir almennum hagsmunum og með því er reynt að skapa réttlátt og sanngjarnt mótvægi. Takmörkunarákvæði höfundalaga takmarka fyrst og fremst fjárhagsleg réttindi höfunda og ekki þarf leyfi þeirra svo notkun sé heimil en mismunandi er hvort notkunin er gjaldskyld eða endurgjaldslaus.

Í ritgerðinni hefur verið reynt að svara því hvaða takmarkanir eru á höfundavernd samkvæmt alþjóðasamningum og hvaða takmarkanir eru í höfundalögum sem veita kennurum heimildir til notkunar á vernduðu efni í skólum. Til að takmörkun sé heimil samkvæmt Bernarsáttmála, WCT, WTTP og Infosoc þarf sú takmörkun að uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófins. Ef skoðað er hvert einstakt skilyrði prófsins og notkun við kennslu, má fallast á að hún uppfylli fyrsta skilyrði prófs Bernarsáttmálans um að vera sérstakt tilfelli. Í kjölfarið reynir á annað skilyrði prófsins um að notkun megi ekki stríða gegn *eðlilegri hagnýtingu* og þá rekur í

³⁴¹ *Brennunjalssaga*, Halldór Kiljan Laxness gaf út. Helgafell, Reykjavík 1945, bls. 156.

³⁴² Lock, John, *Ritgerð um ríkisvald*. Lærdómsrit bókmenntafélagsins, Reykjavík 1993, bls. 83.

³⁴³ Sbr. kafli 3.3.1.1.

vörður hvort notkun við kennslu skerði eðlilega hagnýtingu höfunda. Hugtakið *eðlileg hagnýting* er opið og reynir því á huglægt mat í hverju tilviki fyrir sig. Skoðað er hverjir möguleikarnir eru fyrir höfund til að hagnast á væntanlegum mörkuðum og hvernig takmörkun á einkarétti höfundar getur haft áhrif á eðlilega hagnýtingu þeirra á þeim mörkuðum. Tiltekið mat fer um það hvort sú notkun muni skerða lögmæta hagsmuni höfundar. Ef notkun er talin stríða gegn eðlilegri hagnýtingu og hefur neikvæð áhrif á möguleika og tekjur höfunda verður að fallast á að takmörkunin uppfylli ekki annað þrep prófsins. Með þriðja skilyrði prófsins um að notkun megi ekki skerða með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni höfunda, eru bornir saman hagsmunir höfunda við hagsmuni notenda og þar getur skipt máli hversu mikla notkun um er að ræða á tilteknu vernduðu efni. Með þessu skilyrði er hverju aðildarríki gefinn tiltekinn sveigjanleiki til að takast á við mismunandi raunveruleika í hverju landi, þar sem takmörkun getur verið sanngjörn í einu landi en ósanngjörn í öðru.

Þriggja þrepa prófið hefur ekki verið sérstaklega innleitt í höfundalög en við setningu laga hefur verið vísað í skilyrði þess við mat á 12. gr. höfundalaga frá árinu 2006. Ákvæðið var ekki talið uppfylla skilyrði þriggja þrepa prófsins samkvæmt 5. mgr. 5. gr. Infosoc þar sem túlkun ákvæðisins þótti of rúm. Þetta leiddi til þess að ákvæðið var fellt úr höfundalögum.

Framangreint þriggja þrepa próf hefur sætt tiltekinni gagnrýni þar sem talið er að þörf sé á ítarlegri túlkun frá tilgreindum alþjóðlegum stofnunum og því hefur verið haldið fram að takmörkunarákvæði sem WIPO setur fram ættu að vera skyldubundin í landsrétti en ekki valkvæð. Jafnframt hefur verið gagnrýnt að þegar skoðað er hvort takmörkunarákvæði uppfylli skilyrði þriggja þrepa prófsins sé skoðun of almenns eðlis, sem leiðir til þess að takmörkunarákvæði út frá prófinu er skoðað í heildstæðu mati í stað þess að skoða út frá hverju stigi prófsins fyrir sig. Þetta gæti leitt til þess að aðildarríki beiti prófinu með mismunandi hætti og getur það í einhverjum tilvikum leitt til misræmis milli höfundaréttar aðildarlanda Evrópusambandsins.

Með lögleiðingu og túlkun þriggja þrepa prófsins er tækifæri til að svara hvort notkun við kennslu rúmist innan þriggja þrepa prófsins. Lögleiðing prófsins hjálpar ekki kennurum með beinum hætti í því að svara hvað má og má ekki með tilliti til notkunar við kennslu. Á hinn bóginn gefur það tækifæri á túlkun hugtaksins í landsrétti sem getur auðveldað þeim aðilum

sem leiðbeina kennurum hvað þeim er heimilt að gera með tilliti til notkunar við kennslu.³⁴⁴ Síðan fellur það í hlut dómstóla að veita nánari túlkun ákvæðisins. Jafnframt verður að telja nauðsynlegt að alþjóðlegar stofnanir veiti nánari túlkun á þriggja þrepa prófinu sem geri aðildarríkjum verk sitt auðveldara við túlkun prófsins. Rannsóknir á vegum WIPO um takmarkanir á höfundavernd vegna notkunar við kennslu sýna að þetta er álitamál, ekki eingöngu til skoðunar á þessum vettvangi heldur einnig á alþjóðavísu.³⁴⁵

Kveðið er á um notkunarheimildir til kennslu í 2. mgr. 10. gr. Bernarsáttmálans. Sú notkunarheimild er háð skilyrði um að ganga ekki lengra en tilgangurinn helgar og í samræmi við sanngjarnar venjur. Reynt er að svara því hér að framan hvað sé kennsla og hvað þýði að ganga ekki lengra en tilgangurinn helgar og í samræmi við sanngjarnar venjur. Fallist er á að hugtakið *kennsla* taki til kennslu augliti til auglitis, sem og fjarkennslu. Það að ganga ekki lengra en *tilgangurinn helgar og í samræmi við sanngjarnar venjur* eru einungis ytri mörk þess hvernig túlka megi hugtakið, og þar af leiðir verður að skoða hverja takmörkun á höfundarétti með tilliti til þriggja þrepa prófsins. Fallist er á að í tilvikum þar sem höfundur hefur sérstaklega samið verk ætlað kennslu og síðan sé gert eintak af verkinu til notkunar við kennslu, þá sé gengið lengra en tilgangurinn helgar. Samkvæmt framansögðu verður að telja að 2. mgr. 10. gr. veiti aðildarríkjum tiltekið viðmið um að notkun við kennslu eigi að vera í samræmi við sanngjarnar venjur og metið með hliðsjón af þriggja þrepa prófinu.

Í WCT er ekki með beinum hætti vísað til notkunar við kennslu en á hinn bóginn er heimilt að leiða í landslög undantekningar og takmarkanir sem að taka til stafrænnar notkunar að uppfylltu skilyrði prófsins. Sömu sjónarmið gilda um takmarkanir í WPPT.

Í c-lið 2. mgr. 5. gr. Infosoc tilskipunarinnar er aðildarríkjum veittar heimildir til að kveða á um takmarkanir og undanþágur fyrir stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Menntastofnun er ein af þeim stofnunum sem nefndar eru í ákvæðinu en á Íslandi hefur verið farin sú leið að sleppa orðinu *menntastofnun* í skýringum við ákvæðið. Þetta er gert til samræmis við þá leið sem Danir hafa farið en Norðmenn innleiddu ákvæðið með menntastofnun en þrengdu síðan túlkun ákvæðisins með reglugerð þar sem menntastofnanir eru ekki taldar upp. Ákvæðið er túlkað með hliðsjón af 40. skýringargrein Infosoc og samkvæmt því eru menntastofnanir ekki taldar í upptalningu þeirra stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Verður því að ætla að skólar séu reknir í hagnaðarskyni í skilningi

³⁴⁴ Til dæmis mennta- og menningarmálaráðuneytið með útgáfu bæklinga sem sérstaklega væri ætlaður kennurum og hvaða heimildir þeir hefðu til notkunar á vernduðu efni í skólum.

³⁴⁵ WIPO. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.wipo.int/copyright/en/limitations/studies.html>

Infosoc. Það styður þessar niðurstöður þegar horft er til þess að grunnskólar eru flestir á forræði sveitarfélaga og flestir framhaldsskólar á forræði ríkisins en talið er að ekki séu nægilegir almennir hagsmunir í húfi til að ríki fái gjaldfrjáls afnot á þeim grundvelli að með því sparist útgjöld fyrir ríkið og þar með fyrir almenning. Því verða önnur rök að koma til svo heimilt sé að nota höfundavarið efni við kennslu án þóknunar.

Í a-lið 3. gr. Infosoc er veitt heimild til notkunar þegar notkunin er einungis til *skýringar við kennslu*. Þetta ákvæði hefur verið innleitt í lög aðildarríkja með mismunandi hætti sem ætla má að komi til af mismunandi túlkun ákvæðsins. Aðildarríkjum er skylt að skoða hvort um er að ræða rekstur í hagnaðarskyni, sbr. 42. skýringargrein Infosoc við mat ákvæðisins. Í ljósi þess sem greinir að framan um að skólar séu reknir í hagnaðarskyni í skilningi Infosoc verður að telja að notkun samkvæmt ákvæðinu við kennslu geti talist í fjárhagslegum tilgangi. Þetta er huglægt mat og í ljósi þess að hugtakið hefur verið túlkað af aðildarríkjum með ólíkum hætti er þörf á að alþjóðalegar stofnanir veiti aðildarríkjum nánari leiðbeiningar til samræmingar á höfundarétti.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður að telja að valkvæðu takmörkunarákvæði Infosoc í c-lið 2. mgr. 5. gr. og a-lið 3. mgr. 5. gr. vera óljós hvað varðar hvort skóli teljist vera menntastofnun og hvaða notkun er heimil til skýringa við kennslu. Sá óskýrleiki hefur leitt til mismunandi niðurstöðu á túlkun aðildarríkja á ákvæðunum. Þó má skilja á túlkun c-liðar 2. mgr. 5. gr. að skóli sé ekki menntastofnun í skilningi Infosoc.

Lagt er mat á hvaða not á vernduðu efni lögin heimila kennurum. Einu ákvæðin sem tiltaka sérstaklega notkun heimiluð kennurum og skólum er að finna í 1. mgr. 17. gr., 18. gr. og 1. tl. 1. mgr. 21. gr. Almenna takmörkunarákvæðið í 15. gr. a. veitir aðilum heimild til að gera samning eða heildarleyfi á grundvelli samningskvaða.

Telja verður að ákvæði höfundalaga uppfylli skilyrði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að. Á hinn bóginn skortir úrræði fyrir kennara innan skóla. Þar ber hæst skortur á heimild til að gera stafræn eintök af myndum eða að setja á stafrænt form efni úr dagblöðum, tímaritum og öðrum prentmiðlum. Það þýðir að kennurum er óheimilt að setja framangreint efni á innranet skóla eða á smarttöflur til birtinga fyrir nemendur. Má leiða að því líkum að nauðsynlegt sé að víkka notkunarmöguleika kennara á vernduðu efni við kennslu á stafrænu formi. Sérstök úrræði eru til að gera þá notkun að raunveruleika, þar sem rétthafasamtök hafa gert heildarsamninga fyrir aðildarfélaga gegn þóknun. Með því að skólar geri samning er náð til

allra höfunda jafnt innan sem utan rétthafasamtakanna. Slíkur samningur stendur skólum til boða sem heimilar stafræna notkun myndverka til sýningar og kennslu í skólum gegn hæfilegri þóknun. Heildarleyfi á grundvelli samningskvaða veitir kennurum nægilegar heimildir til notkunar á myndefni og gera þeim kleift að umgangast höfundarétt og Netid á löglegan hátt.

Velta má því fram, hvort með löggjöfnun við 18. gr. höfundalaga sé heimilt í sérstökum tilvikum að nota verndað efni við kennslu sem birt er á Netinu af stofnun (til dæmis safn eða útvarpsfyrirtæki) og stofnunin hefur þegar greitt til höfundaréttarsamtaka fyrir birtinguna? Rökstuðningur fyrir takmörkun á höfundarétti í 18. gr. grundvallaðist af því að höfundar höfðu áður fengið greitt þar sem útvarpsstofnun greiðir til rétthafasamtaka höfunda.

Í könnun meðal kennara á Íslandi kom fram að vitneskja þeirra er í mörgum tilvikum óljós og verður því að leiða líkur að því að með skýrara ákvæði í íslensku höfundalögunum um hvað er heimilt og hvað óheimilt með tilliti til höfundaréttar og notkunar við kennslu væri réttaróvissu eytt. Ekki er hægt að fullyrða að löggjafinn hafi vanrækt svið höfundaréttarins þar sem töluverð vinna hefur verið lögð í að leiða í lög þær tilskipanir sem borist hafa frá Evrópusambandinu. Á hinn bóginn benda niðurstöður könnunarinnar til þess að kennara skorti heimildir til að geta nýtt sér verndað efni í hinu stafræna umhverfi. Skortur á skýrleika laganna geta valdið því að annars vegar verði engin notkun á vernduðu efni í skólum eða á efni sem er fallið úr vernd, af ötta við að brjóta lög, eða að hins vegar eigi uppgjöf sér stað meðal kennara og nemenda sem nota allt efni þrátt fyrir óvissuna.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar þarf löggjafarvaldið að setja skýrari reglur um hvað er heimilt og hvað er óheimilt með tilliti til notkunar á vernduðu efni til kennslu. Jafnframt verður að telja nauðsynlegt að löggjafarvaldið veiti mennta- og menningarmálaráðuneytinu heimildir til að kynningarátaks á höfundarétti í skólum.

Vandinn er ekki eingöngu bundinn við landsrétt heldur er þetta alþjóðlegt vandamál, og þar af leiðandi verður að telja nauðsynlegt að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og WIPO veiti aðildarríkjum tiltekin svör um hvernig beri að túlka til dæmis þriggja þrepa prófið og þau ákvæði sem lúta að notkunarheimildum til kennslu. Þar til sú niðurstaða liggur fyrir má ætla að sömu sjónarmið gildi hér á landi og að löggjafarvaldið svari til um hvernig túlka eigi þriggja þrepa prófið í landsrétti, meðal annars með tilliti til notkunarheimilda á höfundarétti til kennslu.

Heimildaskrá

Rit

Alþingistíðindi.

Alþjóðaviðskiptastofnunin, *United States- Section 110 (5) of the US Copyright Act*. Skýrsla nefndar. 15. júní 2000. Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.wto.org/english/news_e/news00_e/1234da.pdf.

Brennunjalssaga, Halldór Kiljan Laxness gaf út. Helgafell, Reykjavík 1945.

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur*. Mannréttindi. Bókaútgáfan Codex, Reykjavík 2008.

Copydan, tekstar og nótur, *Når du kopierer og printer*. Aðgengilegt á vefslóð.

http://www.tekstognode.dk/Libraries/Aftaler_undervisning/Vejledning_til_Almindelig_aftale.sflb.ashx.

Cornish, William, *Intellectual Property: Patents, Copyright, Trade Marks and Allied Rights*. Sweet & Maxwell, London 2007.

Davíð Þór Björgvinsson, *Lögskýringar, kenningar, aðferðir og sjónarmið við skýringu og beitingu laga*. Háskólinn í Reykjavík, Reykjavík 2008.

Ensk- íslensk orðabók, með alfræðilegu ívafi. Örn og Örlygur, Reykjavík 1985.

Ficsor, Mihály, *The Law of Copyright and The Internet: The 1996 WIPO Treaties, their Interpretation and Implementation*. Oxford University Press, Oxford 2002.

Gaukur Jörundsson, „Um höfundarétt“. *Tímarit lögfræðinga*, 2h., 35. 1985, bls. 80-114.

Guibault, Lucie, Westkamp, Guido, Rieber- Mohn, Thomas, Hugenholtz, Bernt, Eechoud, Mireille van, Helberger, Natali, Steijger, Lennert, Rossini, Mara, Dufft, Nicole, Bohn, Philipp, „Study on the implementation and effect in Member States' laws of Directive 2001/29/EC on the harmonization of certain aspects of copyright and related rights in the information society“. Háskólinn í Amsterdam, Amsterdam 2007. Aðgengilegt á vefslóð: http://www.ivir.nl/publications/guibault/Infosoc_report_2007.pdf.

Jón Vilberg Guðjónsson, „Hugtakið frumleiki í höfundarétti“. *Afmælisrit Guðmundur Ingvi Sigurðsson átræður 16. júní 2002*. Seltjarnarnes 2002, bls. 377-392.

Kristín Magnúsdóttir, „Tryggir löglega notkun myndefnis af Netinu“. Myndstefsverðaunin 2008. Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.athygli.is/athygli/images/stories/utgafa/myndstef_2008_LR.pdf.

Kur, Annette, „Of Oceans, Islands, and Inland Water - How Much Room for Exceptions and Limitations Under the Three-Step Test?“. *Social Science Research Network*, 2008.

Aðgengilegt á vefslóð: <http://ssrn.com/abstract=1317707>.

Lewinski, Silke Von, *International Copyright Law and Policy*. Oxford University Press, Oxford 2008.

Lock, John, *Ritgerð um ríkisvald*, Lærdómsrit bókmenntafélagsins, Reykjavík 1993.

Mads Bryde Andersen, *IT – retten. Gjelerup*, Kaupmannahöfn 2005.

Norðurlandaráð, „Nefndartillaga um að framfylgja höfundarétt i á netinu“. Lagt fram af: Menningar og menntamálanefnd. Númer skjals 09-00267-8. Aðgengilegt á vefslóð:

<http://www.norden.org/is/nordurlandarad/erindaskra/a-1482-kultur>

Páll Sigurðsson, *Höfundaréttur. Meginreglur íslensks réttar um höfundarvernd*.

Háskólaútgáfan, Reykjavík 1994.

Rán Tryggvadóttir, „Heimildir (bóka) safna til eintakagerðar og dreifingar á efni sem lýtur höfundarétti“. *Ragnarsbók fræðirit um mannréttindi*. Reykjavík 2009, bls. 389-428.

Rán Tryggvadóttir. „Dreifing tónlistar og kvikmynda á Netinu, jafningjanet og skráardeiliforrit“. *Tímarit lögfræðinga*, 4.h., 56. árg., 2006, bls. 403-431.

Ricketson, Sam, WIPO, „Study on Limitations and Exceptions of Copyright and Related Rights in the Digital Enviroment“. *WIPO*, Genf 2003. Aðgengilegt á vefslóð:

http://www.wipo.int/edocs/mdocs/copyright/en/sccr_9/sccr_9_7.pdf

Ricketson, Sam and Ginsburg, Jane C., *International Copyright and Neighbouring Rights. The Berne Convention and Beyond*. Oxford University Press, Oxford 2006.

Schønning, Peter, *Ophavsretsloven med kommentarer*. Forlaget Thomson A/S , Kaupmannahöfn 2008.

Senftleben, Martin, *Copyright, Limitations and The Three-Step Test, An Analysis of the Three-Step Test in International and EC Copyright Law*. Kluwer Law International 2004.

Sterling, LL.B., J.A.L., *World Copyright Law*, Sweet & Maxwell, London 2003.

Viðtal höfundar við Katrínu Kristínu Ellertsdóttur kennara, 9. desember 2011.

Viðtal höfundar við Birnu Vilhjálmsdóttur, 4. desember 2011.

World Intellectual Property Organization, *WIPO Intellectual Property Handbook. Policy, Law and Use*. Genf 2004.

World Intellectual Property Organization, *Guide to the Copyright and Related Rights Treaties, Administered by WIPO and Glossary of Copyright and Related Rights Terms*. Genf 2003.

World Trade Organization, „United States-Section 110 (5) of the U.S. Copyright Act. Report of the Panel“. WTO 2000. Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.wto.org/english/news_e/news00_e/1234da.pdf

World Intellectual Property Organization, *Records of the Diplomatic Conference on Certain Copyright and Neighboring Rights Questions (1996)*. Genf 1999.

World Intellectual Property Organization, *Records of the Intellectual Property Conference of Stockholm, Document s/1 Berne Convention for the Protection of Literary and Artistic Work*. Genf 1971.

Xalabarder, Raquel, „Study on Copyright limitations and exceptions for educational activities in North America, Europe, Caucasus, Central Asia and Israel“. WIPO, Genf 2009.

Aðgengilegt á vefslóð: http://www.wipo.int/edocs/mdocs/copyright/en/sccr_19/sccr_19_8.pdf

Vefsíður:

Copydan, <http://www.copydan.dk>.

Félag um stafrænt frelsi, <http://www.fsf.is>.

Fjölís, <http://www.fjolis.is>.

Hagstofa Íslands, <http://www.hagstofa.is>.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, <http://www.menntamalaraduneyti.is>.

Myndstef.is, <http://www.myndstef.is>.

Námsgagnastofnun.is, <http://www.namsgagnastofnun.is>.

Norðurlandaráð, <http://www.norden.org>.

School of Education, University of Plymouth, <http://www.edu.plymouth.ac.uk>.

Stjórnartíðindi, <http://www.stjornartidindi.is>.

Utanríkisráðuneyti, <http://www.utanrikisraduneyti.is>.

World Intellectual Property Organization, <http://www.wipo.int>.

World Trade organization, <http://www.wto.org>.

Lög, alþjóðasáttmálar, tilskipanir og samningar

Aðalnámskrá Grunnskóla, *Upplýsinga - og tæknimennt*. Mennta- og menningamálaráðuneytið. Reykjavík 2007. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3953>.

Bandarísk lög um höfundarétt, US Copyright law, 17 U.S.C. § 107 (2005). Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.copyright.gov/title17/>.

Lög um heimild ríkisstjórninni til handa til að staðfesta Bernarsáttmálann til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans, sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971, sbr lög nr. 80/1972.

Bernarsáttmáli til verndar bókmenntum og listaverkum í þeirri gerð hans sem samþykkt var á ráðstefnu Bernarsambandsríkja í París 24. júlí 1971, sbr. 9. september 1886, 828 U.N.T.S. 221.

Dönsk höfundalög, ophavsretsloven LBK nr. 202 af 27/02/2010. Aðgengilegt á vefslóð: <https://www.retsinformation.dk/Forms/R0900.aspx?s21=ophavsretsloven&s22=%7c10%7c&s113=0>

Genfarsáttmáli, alþjóðasáttmáli um höfundarétt, 6. september 1952, 216 U.N.T.S.
132.Höfundalög nr. 73/1972.

Hollensk höfundalög frá árinu 1912. Aðgengilegt á vefslóð:
<http://www.ivir.nl/legislation/nl/copyrightact.html>.

Official Journal L 167, 22/06/2001, bls. 10-19. Directive 2001/29/EC of the European Parliament and of the Council of 22 May 2001 on the harmonisation of certain aspects of copyright and related rights in the information society.

Lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Norsk höfundalög, LOV 1961-05-12 nr. 02: Lov om opphavsrett til åndsverk. Aðgengilegt á vefslóð: <http://www.lovdato.no/all/tl-19610512-002-011.html#16>.

Norsk reglugerð, FOR 2001 – 12 – 21 nr. 1563: Forskrift til åndsverkloven (lov av 12. Mai 1961 nr. 2 om opphavsrett til åndsverk m.v.).

Rammasamningur Copydan. Copydan, Kommunerens Landsforening 2007. Aðgengilegt á vefslóð:
http://www.billedkunst.dk/Libraries/PDF/bk_rammeaftale_billeder_grundskole.sflb.ashx .

Rómarsáttmáli, International Convention for the Protection of performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organizations, 26. Október 1961, 496 U.N.T.S. 43.

Samningur um stafræna eintakagerð í háskólum, Fjölís, Háskólar 2008.

Samningur um stafræna notkun myndverka í skólum. Myndstef 2008.

Samningur um stafræna eintakagerð í Háskólanum á Akureyri, Fjölís 2000.

Samningur um ljósritun og hliðstæða eftirgerð í skólum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Fjölís 1999-2001.

Stjórnarskrá Íslands, sbr. lög nr. 33/1944.

Stjórnartíðindi, C-deild, 62/1995.

Stjórnartíðindi, C-deild 11/1986.

TRIPS, Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights, 15. Apríl 1994, Marrakesh Agreement Establishing the World Trade Organization, Annex 1C, 1869 U.N.T.S. 299.

WCT, World Copyright Treaty, Höfundaréttarsáttmáli WIPO, 20. desember 1996, 2186 U.N.T.S.

WPPT, WIPO Performances and Phonograms Treaty, Samningur um réttindi listflytjenda og framleiðenda hljóðrita, 20. desember 1996, 2186 U.N. T.S. 245.

Dómaskrá:

Hrd. 1989:1080

Hrd. 91:795

Hoge Raad, Nederlandse Jurisprudentie frá árinu 1991, 268, 3.4. Cf. Cohen Jehoram 1991, 678.

E-10030/2004

Hrd. 282/2001

E-10030/2004

Hrd. 308/2005

Viðauki

Aðferð

Hér að neðan verður lýst þeim aðferðum sem beitt var við könnun á þekkingu og notkun kennara á vernduðu efni af Netinu.

Þátttakendur

Þátttakendur voru alls 75. Úrtakið samanstóð af kennurum úr sjö grunnskólum sem dregnir voru út með tilviljanakenndum hætti. Úrtakið var lagskipt með þeim hætti að fimm skólar voru á höfuðborgarsvæðinu og tveir af landsbyggðinni. Allir kennarar skólanna voru beðnir um að svara spurningalistanum. Dreifing aldurs í úrtakinu var frekar jöfn og aldur var flokkaður í 5 ára bil frá 20 ára til yfir 65 ára, auk 65 ára og eldri. Meðalaldur í úrtakinu var 45-49 ár. Dreifing kynjanna var ójöfn, en um 85% þátttakendanna voru konur. Raunhlutfall kvenna í kennslu á höfuðborgarsvæðinu er samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands 81,2% konur en á landinu öllu er raunhlutfallið 79,6% konur.³⁴⁶

Mælitæki

Spurningalistinn var frumsaminn og við samningu hans var lagt upp með það að kanna þekkingu á höfundarétti sem og notkun og þörf þátttakenda á að geta notað efni af Netinu til kennslu. Fyrstu spurningar könnunarinnar voru almenns eðlis um kyn, aldur, starf og starfsaldur þátttakenda. Í kjölfar þessara almennu spurninga kom spurning um þekkingu þátttakenda á verndartíma höfundaréttar og voru þá þrjú möguleikar taldir upp. Þátttakendur voru síðan spurðir um hvort einhver umfjöllun væri í þeirra skóla um höfundarétt og hvort verið væri að nota efni af Netinu og þá í hvaða magni. Jafnframt var reynt að fá þátttakendur til að meta nauðsyn þess að geta nýtt sér efni af Netinu. Að auki var spurt hvort hvatt væri til notkunar á myndefni í viðkomandi skóla og þá hvort skólinn hafi markað sér stefnu um þá notkun. Auk þess var reynt að finna hver hegðun nemenda væri í skólum er hvað varðar niðurhal á myndefni til notkunar í skólanum og þá hvort þátttakendur gerðu sér grein fyrir þekkingu nemenda á sviði höfundaréttar.

Í upphafi var gerð forkönnun á nokkrum kennurum sem gaf færi á að lagfæra einstaka atriði áður en spurningalistinn var lagður fyrir stærra úrtak skóla og kennara.

³⁴⁶ Hagstofa Íslands. Aðgengilegt á vefsíðu:

<http://hagstofa.is/?PageID=2604&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=SKO02301%26ti=Starfsf%F3lk+vi%F0+kennslu+eftir+kyni%2C+landsv%E6%F0um+og+kennslur%E9ttindum+1998%2D2010%26path=../Database/skolamal/gsStarfsfolk/%26lang=3%26units=Fjöldi>.

Framkvæmd

Sjö skólar voru dregnir með tilviljanakenndri aðferð. Haft var samband við skólastjóra skólanna og þeir beðnir um að hvetja kennara skólans til að taka þátt í könnuninni þegar hún bærisk þeim og svara eftir bestu getu. Könnunin var rafræn og opin í 7 daga. Þátttakendur fengu fyrirmæli áður en hún hófst með eftirfarandi ummælum: „*Markmiðið með þessari könnun er að kanna notkun, viðhorf og þekkingu þátttakenda á höfundarétti. Fyllsta trúnaðar verður gætt og svör verða ekki tengd við einstaka þátttakendur né tiltekna skóla*“.

Tölfræðileg úrvinnsla

Við úrvinnslu gagna var notuð meginndleg rannsóknaraðferð³⁴⁷ og gagnavinnsluforritið SPSS var notað til að vinna úr gögnunum. Meðal þess sem framkvæmt var í úrvinnslunni var lýsandi tölfræði og fylgniútreikningar og voru settar fram myndir og töflur þar sem við átti til nánari útskýringar.

Niðurstöður

Kynja- og aldursdreifing þátttakenda

Eins og við var að búast var kynjadreifing í úrtakinu ójöfn þar sem rúmlega 85% þátttakenda voru konur og tæplega 15% voru karlar (sjá töflu 1). Aldursdreifing þátttakenda var nokkuð jöfn (sjá töflu 2).

Tafla 1: Kynjadreifing þátttakenda

	Fjöldi	Prósenta
Kk	11	14,7
Kvk	64	85,3
Samtals	75	100,0


³⁴⁷ Meginndaleg rannsóknaraðferð (e. quantitative research method) þýðir að notast er við formlegt, hlutlægt og kerfisbundið ferli til að rannsaka orsakir og afleiðingar milli breyta. Sbr. Aðgengilegt á vefslóð School of Education, University of Plymouth, <http://www.edu.plymouth.ac.uk/resined/Quantitative/quanthme.htm>.

Tafla 2: Aldursdreifing þátttakenda

	Fjöldi	Prósent	Uppsöfnuð prósenta
20-24 ára	1	1,3	1,3
25-29 ára	7	9,3	10,7
30-34 ára	6	8,0	18,7
35-39 ára	12	16,0	34,7
40-44 ára	11	14,7	49,3
45-49 ára	11	14,7	64,0
50-54 ára	7	9,3	73,3
55-59 ára	14	18,7	92,0
60-64 ára	3	4,0	96,0
> 65 ára	3	4,0	100,0
Samtals	75	100,0	

Stefna skólanna og umfjöllun um notkun á myndefni á Netinu

Þegar spurt var um hvort skólinn sem viðkomandi þátttakandi kennir við hafi myndað sér stefnu um notkun á myndefni af Netinu svöruðu 64% þátttakenda því neitandi og 4% svöruðu játandi. 32% þátttakenda sögðust ekki vita hvort skólinn hefði myndað sér slíka stefnu (sjá mynd 1).

**Mynd 1.** Hefur skólinn þinn markað sér stefnu um notkun á myndefni af Netinu?

Í 64% tilvika svöruðu þátttakendur því að engin umfjöllun væri um höfundarétt í skólanum sem þeir kenndu við (sjá töflu 3).

Tafla 3: Er umfjöllun um höfundarétt í þínum skóla?

	Fjöldi	Prósenta	Uppsöfnuð prósenta
Já	3	4,0	4,0
Nei	48	64,0	68,0
Veit ekki	24	32,0	100,0
Samtals	75	100,0	

Þekking kennara á höfundarétti

Í 68% tilvika töldu þátttakendur sig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni (sjá töflu 4).

Tafla 4: Telur þú þig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni?

	Fjöldi	Prósenta	Uppsöfnuð prósenta
Já	51	68,0	68,0
Nei	24	32,0	100,0
Samtals	75	100,0	

Þegar spurt var hversu lengi höfundarréttur héldist eftir andlát höfunda svöruðu tæplega 30% þátttakenda spurningunni rétt, en rétt svar var 70 ár (sjá töflu 5).

Tafla 5: Hversu lengi helst höfundaréttur eftir andlát höfundar?

Svarmöguleiki	Fjöldi	Prósenta	Uppsöfnuð prósenta
25 ár	22	29,3	29,3
50 ár	31	41,3	70,7
70 ár	22	29,3	100,0
Samtals	75	100,0	

Ekki var fylgni milli þess hvort kennarar töldu sig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni og hvort þeir svöruðu spurningunni um höfundarétt rétt.

Notkun á myndefni af Netinu, upplýsingaþörf og þekking

Rúmlega 70% þátttakenda sögðust hafa sótt sér myndefni af Netinu og notað við kennslu (sjá töflu 6).

Tafla 6: Hefur þú sótt þér myndefni af Netinu og notað við kennslu?


	Fjöldi	Prósenta	Uppsöfnuð prósenta
Já	53	70,7	70,7
Nei	22	29,3	100,0
Samtals	75	100,0	

Af þeim 75 sem svöruðu könnuninni sögðust 24 ekki vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni en 75% þeirra (þ.e. af þeim 24 þáttakendum) sögðust hafa sótt sér myndefni af Netinu og notað við kennslu (sjá töflu 7).

Tafla 7: Notkun og þekking


	Hefur þú sótt þér myndefni (ljósmynd, teikningu, mynd af listaverki) af Netinu og notað við kennslu?		Samtals	
	Já	Nei		
Telur þú þig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni?	Já	35	16	51
	Nei	18	6	24
Samtals		53	22	75

60% þátttakenda töldu þörf (frekar mikla til mjög mikla þörf) á að geta notað myndefni af netinu til kennslu, 20% þátttakenda töldu ekki þörf (frekar litla til mjög litla þörf) á að geta notað myndefni af Netinu til kennslu (sjá mynd 2).



Mynd 2: Þörf þátttakenda á að geta notað myndefni af Netinu til kennslu.

Hins vegar kom í ljós að þeir kennarar sem töldu meiri þörf vera á að nota myndefni af Netinu, töldu sig ekki vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni (sjá mynd 3).



Mynd 3: Þörf og þekking

Skrá yfir töflur

Tafla 1: Kynjadreifing þátttakenda	71
Tafla 2: Aldursdreifing þátttakenda	72
Tafla 3: Er umfjöllun um höfundarétt í þínum skóla?.....	73
Tafla 4: Telur þú þig vita hvaða notkun er heimil á höfundavernduðu efni?.....	73
Tafla 5: Hversu lengi helst höfundaréttur eftir andlát höfundar?.....	73
Tafla 6: Hefur þú sótt þér myndefni af Netinu og notað við kennslu?.....	74
Tafla 7: Notkun og þekking	74

Skrá yfir myndir

Mynd 1. Hefur skólinn þinn markað sér stefnu um notkun á myndefni af Netinu?.....	72
Mynd 2: Þörf þátttakenda á að geta notað myndefni af Netinu til kennslu.....	75
Mynd 3: Þörf og þekking	75